FORNLEIFASKRÁNING Á SEYÐISFIRÐI

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2020
FS764-17181

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndin sýnir kaffiboð í garði (NM-249:334) hjá Stefáni Th. Jónssyni og Ólafíu Sigurðardóttur við Bjólfsgötu 6. Á myndinni sést frá vinstri: fjós NM-249:218, Stefánshús NM-249:214 og Stefánsbúð/Sýsluskrifstofa NM-249:221. Stefánsbúð var byggð árið 1907 og hefur myndin verið tekin fáum árum eftir það. Höfundur myndar óþekktur.

©Fornleifastofnun Íslands 2020
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt **5**
Summary **5**
1. Inngangur **7**
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf **9**
3. Aðferðir við fornleifaskráningu **11**
4. Ágrip af sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar **15**
5. Fornleifaskrá **17**
6. Niðurstöður og samantekt **139**
6.1 Ástand minja og hættumat **139**
6.2 Minjaflokkar **140**
6.2.1 Bústaður/Verslun og þjónusta 140
6.2.1.1 Torfhúsin *142*
6.2.1.2 Timburhús *144*
6.2.2 Trjágarður 145
6.2.3 Landbúnaðarminjar 146
6.2.4 Sjávarútvegsminjar 149
6.2.5 Bryggjur 151
6.2.6 Herminjar 151
6.2.7 Samgönguminjar 152
6.2.8 Annað 153
6.3 Samantekt og niðurstöður **154**
6.3.1 Upphafsárin 1850-1880 155
6.3.2 Byggð í mótun 1881-1900 157
6.3.3 Útþensla og tækninýjungar 1901-1920 158
6.3.4 Samantekt 159
7. Heimildaskrá **161**
8. Hnitaskrá ISN93 **164**
9. Minjakort **167**

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í Seyðisfjarðarkaupstað, innan þess svæðis sem skilgreina á sem verndarsvæði í byggð. Svæðið sem um ræðir er að stærstum hluta í kringum Lónið þar sem Fjarðará rennur til sjávar í miðjum Seyðisfirði og upp með vesturbakka Fjarðarár. Kaupstaðurinn á Seyðisfirði byggðist upp í landi gamla lögbýlisins Fjarðar en sjálft bæjarstæðið er utan verndarsvæðisins. Vettvangsvinna fór fram í júlíbyrjun sumurin 2017 og 2018, og var unnin að beiðni sveitarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Fornleifaskráningin var unnin líkt og um deiliskráningu væri að ræða og verður hún á meðal þeirra gagna sem lögð verða til grundvallar greinargerðar um mat á varðveislugildi verndarsvæðisins. Innan svæðisins voru skráðar 188 minjar og er langstærstur hluti þeirra hús frá byrjun 20. aldar.

Efnisorð: Seyðisfjörður, verndarsvæði í byggð, fornleifaskráning, verslunarstaður, þéttbýli, herminjar

Summary

In this report are the findings and conclusions of a detailed archaeological survey in some of the oldest parts of the town of Seyðisfjörður in the Eastfjords of Iceland. The work was carried out in the summers of 2017 and 2018 and will be used as a basis for a historical overview for the proposition of a protected urban area (Verndarsvæði í byggð) within Seyðisfjörður. A total of 188 sites were surveyed, most of them being houses from the beginning of the 20th century.

Keywords: Seyðisfjörður, Archaeology, Archaeological survey, Protected urban areas, Trading post, WWII

1. Inngangur

Seyðisfjarðarkaupstaður vinnur um þessar mundir tillögu um verndarsvæði í byggð á afmörkuðu svæði sem nær yfir hluta af elstu byggðinni í kaupstaðnum. Lög nr. 87 um verndarsvæði í byggð voru samþykkt á Alþingi þann 13. júlí 2015. Samkvæmt lögunum er verndarsvæði í byggð „Afmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laga þessara.“ (3. gr 6. mgr.).[1] Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar greinargerð um mat á varðveislugildi verndarsvæða er ítarleg fornleifaskráning og húsakönnun. Sveitarfélagið fékk Fornleifastofnun Íslands ses til að annast fornleifaskráninguna vegna verkefnisins. Fyrri hluti hennar var unninn í byrjun júlí 2017 en í kjölfarið var ákveðið að stækka áætlað verndarsvæði og var því farið aftur á svæðið í byrjun júlí 2018 og þá kannaður sá hluti áætlaðs verndarsvæðis sem bæst hafði við. Kristborg Þórsdóttir, fornleifafræðingur, sá um vettvangsskráningu og skýrslugerð en fyrra árið var með henni á vettvangi Kristjana Vilhjálmsdóttir sem sá um uppmælingar. Áður en farið var á vettvang var heimildaskráning fyrir svæðið yfirfarin og aukin af Gylfa Helgasyni og Kristjönu Vilhjálmsdóttur.



Verndarsvæði í byggð á Seyðisfirði er innan rauðrar línu á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Staðsetning þess er sýnd sem rauður punktur á innfelldu Íslandskorti.

1 http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html

Skilgreint verndarsvæði í byggð er rúmir 16 ha að stærð en innan þess er Lónið og hluti af Fjarðará (samtals tæpir 5 ha) sem skipta svæðinu í tvennt. Á norðvestanverðu verndarsvæðinu eru *Öldugata, Bjólfsgata, Oddagata, Norðurgata* og hluti af *Vesturvegi*. Á suðaustanverðu svæðinu eru *Suðurgata* og hluti af *Austurvegi*. Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við Minjastofnun Íslands, sveitarstjórn Seyðisfjarðar og þau Sigurð Jónsson og Kömmu Dögg Gísladóttur hjá Eflu. Rætt var við ýmsa heimildamenn sem veittu gagnlegar upplýsingar og létu í té myndefni. Fá þau bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Uppbygging skýrslu þessarar um fornleifaskráningu innan verndarsvæðis á Seyðisfirði er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir er stutt ágrip af sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar og í kjölfarið fylgir fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan verndarsvæðisins. Að lokum er kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá, kort og listi yfir staðsetningarhnit með ISN93 vörpun. Nánari greining á gögnum úr fornleifaskráningu og húsaskráningu verður að finna í tillögu að verndarsvæði í byggð.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráning innan áætlaðs verndarsvæðis í byggð í Seyðisfjarðarkaupstað fólst annars vegar í ítarlegri úttekt á heimildum og hins vegar í vettvangsskráningu en í henni var allt svæðið gengið skipulega í leit að fornminjum, líkt og um deiliskráningu væri að ræða. Rætt var við staðkunnuga um svæðið og gamlar ljósmyndir og kort skoðuð í þaula. Fornminjar sem sáust á yfirborði voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000, að húsum undanskildum.

Við fornleifaskráninguna voru bæði skráðar sýnilegar minjar (s.s. hleðslur eða hús) en einnig minjar sem þekktar eru úr heimildum og er í flestum tilvikum hægt að staðsetja, þótt engin yfirborðsummerki sjáist lengur. Öll mannvirki (og reyndar fleiri staðir) sem hafa náð 100 ára aldri voru skráð en í sumum tilfellum voru skráðar yngri minjar, s.s. herminjar.

Við fornleifaskráningu hefur um árabil verið fylgt þeirri reglu að skrá öll mannvirki sem eru 100 ára eða eldri óháð því hvort um er að ræða standandi hús eða ekki. Þeirri skilgreiningu var áfram fylgt við verndarsvæðisskráninguna en þar sem ljóst var að húsakönnun yrði gerð samhliða var aðeins gerð mjög lausleg skráning á standandi húsum sem reyndust meira en 100 ára, tekinn staðsetningarpunktur og þeim lýst stuttlega en höfundum húsakönnunar eftirlátið að gera nákvæmar lýsingar á sögu húss, arkitektúr og breytingum. Um húsin sem enn standa á svæðinu og teljast til fornminja hefur margt verið ritað. Árið 1995 kom út Húsasaga



Eitt af þremur Kaupstaðarkortum frá 1915-1920 sem voru grunnheimild fyrir fornleifaskráningu innan verndarsvæðis í byggð á Seyðisfirði. Hús á bæjarstæði Fjarðar eru á miðju korti sem einnig sýnir Fjarðaröldu, Tanga, Norðurgötu og hluta af Vesturvegi.

Seyðisfjarðarkaupstaðar en þar er fjallað um ýmis atriði í sambandi við húsagerð, byggingarefni og breytingar á húsunum sem standa. Húsakönnunin innan verndarsvæðisins byggir að talsverðu leyti á Húsasögunni og reyndist bókin einnig mikilvæg heimild í fornleifaskráningunni. Við skráningu húsa var lögð áhersla á að fjalla ítarlegast um þau hús sem eru horfin og ekki verður fjallað um í húsakönnuninni til að koma í veg fyrir tvíverknað. Árið 2009 var unnin fornleifaskráning á Seyðisfirði vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar[1] og var hún höfð til hliðsjónar við skráninguna á verndarsvæðinu.

Önnur grunnheimild um minjar á verndarsvæðinu eru nákvæm kort af Seyðisfirði sem gerð voru á árabilinu 1915-1920 af Benedikt Blöndal, kennara á Eiðum.[2] Notast var við þrjú af kortum Benedikts við skráninguna. Kortið fyrir Fjarðaröldu virðist hafa verið unnið um eða fyrir 1917 en kortið fyrir Austurveg á árabilinu 1919-1920. Frá sama skeiði er varðveitt fasteignamat fyrir Seyðisfjörð (gert 1916-1918). Í langflestum tilvikum eru þessar heimildir samhljóða, þ.e.a.s. þeim mannvirkjum sem eru teiknuð á kaupstaðarkortin er einnig lýst í fasteignamatinu. Aðrar helstu heimildir um fornleifar á verndarsvæðinu eru örnefnaskrár fyrir Seyðisfjörð og grein Þorsteins Erlingssonar frá aldamótunum 1900 um Seyðisfjörð sem birtist í Eimreiðinni. Gamlar ljósmyndir eru einnig mikilvægar heimildir í fornleifaskráningu og það vill svo vel til að mikið myndefni er til frá Seyðisfirði.


Í tengslum við skráningu minja voru ljósmyndir frá Seyðisfirði á ýmsum tímum skoðaðar gaumgæfilega og eru þær í sumum tilvikum einu heimildirnar um horfnar minjar. Myndefnið er fengið úr ýmsum áttum. Margt hefur áður birst á prenti og þar er oft að finna upplýsingar um uppruna og aldur ljósmyndanna. Mikið af því myndefni sem skoðað var fékkst hjá Sólveigu Sigurðardóttur, fv. bókaverði á Bókasafni Seyðisfjarðar. Því fylgdu hins vegar yfirleitt litlar upplýsingar. Í þessari skýrslu, ekki síst í fornleifaskránni, er notast við það myndefni sem var aðgengilegt höfundi og þjónar verkinu, jafnvel þó að í sumum tilvikum hafi ekki tekist að afla upplýsinga um ljósmyndara og eigendur mynda.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

1 Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson 2009.

2 Kortin eru hvorki merkt höfundi né ársett en upplýsingar um þau fengust í *Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997*, mynd 1. Þar kemur fram að kortin hafi verið unnin einhvern tímann á árunum 1915-1920 og er það svipuð niðurstaða og höfundur skýrslunnar hafði sjálfur komist að með því að skoða hvaða hús væru á kortinu og hver þeirra vantaði. Nánari upplýsingar um aldur kortanna liggja því ekki fyrir.



Dæmi um framsetningu upplýsinga um skráðar fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Þar sem ekki er um heildarskráningu að ræða innan gamla lögbýlisins Firði eru númer forminjanna ekki í óslitinni röð. Í skýrslunni birtast aðeins upplýsingar um fornminjar sem skráðar voru á vettvangi.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum þar sem sýnilegar minjar fundust. Við uppmælingar var notast við GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um

staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Ágrip af sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar

Svæðið innan Seyðisfjarðarkaupstaðar sem skilgreina á sem verndarsvæði er innan marka þess landsvæðis sem áður tilheyrði lögbýlinu Firði en Fjörður var að öllum líkindum landnámsjörðin í Seyðisfirði. Þá kenningu styður m.a. nafn jarðarinnar (stytting á Seyðisfirði), landgæði og dýrleiki hennar. Fornleifarannsókn á bæjarhóli Fjarðar sem fram fór árið 1998 hefur ennfremur staðfest að byggð á bæjarstæðinu hófst á landnámsöld. Í könnunarskurði sem grafinn var í hólinn kom í ljós mannvirki úr torfi með landnámsgjóskunni og er það því talið vera frá lokum 9. aldar eða byrjun 10. aldar.[1]

Ekki er annað að sjá af heimildum en að Fjörður hafi alla tíð verið í bændaeigu en elstu heimildir um eignarhald eru frá fyrri hluta 16. aldar.[2] Jörðinni tilheyrði mikið land í botni Seyðisfjarðar, frá Vestdalsá að norðanverðu á móti Vestdal, og út með Strandarfjalli að sunnanverðu á móti Sörlastöðum. Sjálft bæjarstæði jarðarinnar er rétt utan verndarsvæðisins og kemur ekki beint við sögu. Kirkja var í Firði, líklega hálfkirkja eða bænhús, en hún var aflögð fyrir 1600[3] og ekki er lengur vitað hvar hún hefur staðið þótt líklegast hafi það verið á eða við gamla bæjarstæðið. Tvær hjáleigur tilheyrðu jörðinni; Fjarðarsel og Oddi. Síðarnefndi bærinn kemur lítillega við sögu innan verndarsvæðisins en Fjarðarsel er utan þess.



Ein elsta ljósmynd sem sýnir byggðina innan verndarsvæðis í byggð á Seyðisfirði var tekin á árunum 1893-1895 af Eyjólfi Jónssyni. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Fremstu húsin eru þó utan svæðisins.

1 Guðmundur Ólafsson. 1998: 6, 10.
2 *Fornbréfasafn Íslands IX* (Diplomatarium islandicum, hér eftir DI), 72-74.
3 Sveinn Níelsson. 1949: 20 (nmgr. 1).

Seyðisfjörður er langur og djúpur fjörður sem gengur inn í landið til suðvesturs. Mjög góð hafnarskilyrði eru í firðinum frá náttúrunnar hendi og hefur það án efa átt stóran þátt í því að verslun hófst á Seyðisfirði um miðja 19. öld. Mikil þéttbýlismyndun og uppbygging varð svo í kaupstaðnum undir lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. í kjölfar þess að danskir kaupmenn hófu verslunarrekstur og Norðmenn hófu veiðar á síld og þorski. Á þessum tíma mynduðust fjórir byggðakjarnar í firðinum; á Vestdalseyri,[4] Fjarðaröldu, Búðareyri og á Hánefsstaða- og Þórarinsstaðaeyrum. Fjarðaralda og Búðareyri eru innst í firðinum, í landi Fjarðar, og nær ráðgert verndarsvæði til beggja svæða. Talsverður spölur var á milli þessara tveggja byggðakjarna og skildu Fjarðará og Lónið á milli þeirra.

Seyðisfjörður var gerður að löggiltu kauptúni árið 1842 og fékk kaupstaðarréttindi árið 1895 en það voru dönsku kaupmennirnir Pedræus og Thomsen sem fyrstir hófu verslun á Fjarðaröldunni árið 1848 í Glasgow sem stóð á lóð við Ránargötu 4.[5] Á Búðareyri byggði Otto Wathne upp umfangsmikinn atvinnurekstur undir lok 19. aldar sem grundvallaðist á síldar- og fiskveiðum. Árið 1885 keypti hann upp eignir og útgerð Jakobsen og Lund sem höfðu stofnað félagið Kompagniet áratug áður.[6] Austurvegur lá frá Búðareyri að Fjarðará og tengdi hana við Fjarðarölduna undir fjallinu Bjólfi sem var hinum megin við ána. Vestasti hluti Austurvegar er innan verndarsvæðisins en gamli byggðakjarninn á Búðareyri er utan þess og verður því ekki fjallað nánar um hann. Á suðaustanverðu verndarsvæðinu er Suðurgata auk Austurvegar en á norðaustanverðu svæðinu eru Öldugata, Bjólfsgata, Oddagata, Norðurgata og hluti af Vesturvegi. Ránargata á Fjarðaröldu lá frá Öldugötu og Oddagötu til norðurs þar sem fyrstu verslunarhúsin á Seyðisfirði risu. Það svæði er utan verndarsvæðisins og er því ekki til umfjöllunar í skýrslu þessari. Það hafði mikil áhrif á þróun byggðarinnar á Öldunni að mannskætt snjóflóð féll úr Bjólfi yfir norðvestasta hluta Fjarðaröldu árið 1885. Sum þeirra húsa sem ekki skemmdust í flóðinu voru flutt innar á Ölduna og frekari uppbygging varð ekki á snjóflóðasvæðinu í marga áratugi.[7]

Lítið sem ekkert er vitað um það hvernig var umhorfs á verndarsvæðinu áður en þéttbýlismyndun hefst þar. Í Firði var stundaður hefðbundinn landbúnaður og ætla má að bændur þar hafi einnig stundað útræði. Hugsanlegt er að nýting svæðisins hafi tengst sjósókn eða útbeit frá heimajörðinni en um það er lítið hægt að fullyrða enda hafa engar beinar heimildir né minjar varðveist frá þessu skeiði innan verndarsvæðisins. Minjarnar á fyrirhuguðu verndarsvæði á Seyðisfirði eru að langmestu leyti frá síðari hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20., eða þeim tíma þegar þéttbýli er að myndast og þorpið festir sig í sessi sem kaupstaður.

4 Ítarlega umfjöllun um minjar á Vestdalseyri má finna í skýrslu Elínar Óskar Hreiðarsdóttur sem kom út 2019: *Fornleifar á Vestdalseyri: Deiliskráning á þorpinu og nánasta nágrenni.* FS692-17191. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
5 Kristján Róbertsson. 1995: 169-174; Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 327.
6 Kristján Róbertsson. 1995: 61-62.
7 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 15-16.

5. Fornleifaskrá

NM-249 Fjörður

Fjörður var bændaeign og var metin á 25 hndr 1686 en 30 hndr 1695. Björn Lárusson. The Old Icelandic Land Registers, 319.

Um miðja 19. öld var jörðin enn bændaeign og metin á 22 hndr. JJ, 362. Í neðanmálsgrein í Jarðabók Johnsens segir: "1760 er Fjörður með hjáleigunum talinn 30 h. að dýrleika en dýrleika þessum er skipt niður á hann og þær eptir sýslumanni."

Um landnám í Seyðisfirði segir svo í Landnámu: "Bjólfr fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjorð allan ok bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttir sína Áni enum ramma, ok fylgði henni heiman öll en nyrðri Strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfr hét sonr Bjólfs, er þar bjó síðan ok Seyðfirðingar eru frá komnir." ÍF I, 306.

Í Droplaugarsona sögu segir: "Þann dag, er Helgi sat þar, þá kom ofan um heiði Þorkell, bróðir Þórarins ór Sauðarfirði." ÍF XI, 158.

Í Kristni sögu segir: "En fyri Austfirðínga fjórðúng gengu þeir til: Hallr af Síðu ok Þorleifr or Krossavík fyri norðan Reyðarfjörð, bróðir Þórarins or Seyðarfirði [...]." Bsk. I, 23.

1522, 21. apríl. Fjörður í Seyðarfirði er í Dvergasteinskirkjusókn (DI IX, 73), 1536 (DI X, 80).

1523, 1. maí. "Bjarni Erlendssonar fær með samþykki og upplagi Guðríðar Þorsteinsdóttur konu sinnar síra Jóni Markússyni til fullrar eignar jörðina Fjörð í Seyðisfirði, en síra Jón leggr á mót Eiríksstaði á Jökulsdal og kvittar Bjarna um rekahald Erlenda föður hans fyrir Ketilsstaðakirkju og Bjarna sjálfan um söngkaupsgjalds af Steinsvaðskirkju um tólf ár fyrrum, er síra Jón var þar þingaprestr." DI IX, 72-74.

1536, 8. ágúst. "Dómr klerka útnefndr af síra Einari Arnarsyni, officialis fyrir austan Lagerfljót, um kæru síra Einars til Markúsar Jónssonar um fjögurra ára hald á jörðunni Firði í Seyðisfirði fyrir Vallanesskirkju." DI X, 80-81.

1559, 11. maí. "Síra Jón Þorleifsson fær Einari Þorgilssyni til eignar jörðina Fjörð." DI XIII, 418-419.

Jarðarinnar er nokkrum sinnum getið í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 268-269.

"Innst inni í firðinum nærri fjarðarbotni er bærinn Fjörður. Þar er verzlunarstaðurinn Seyðisfjörður, sem hefur haft kaupstaðarréttindi síðan 1842, þarna eru nú tvær verzlanir." KK IV, 15.

Hjáleigur 1847: Fjarðarsel (4. hndr) og Oddi (4. hndr.). JJ, 362.

"Úr Kálfabotni og Hlaupgjá kom hið mikla snjófljóð 18. febr. 1885, er tók 16 íveruhús og varð 24 mönnum (þar af 5 börn) að bana." Ö-Seyðisfjörður SV I, 102.

Árið 1904 keypti Seyðisfjarðarbær hálfa heimajörðina í Firði en hinn helmingurinn var keyptur 1931. BS, 191.

NM-249:009 mannvirki minnisvarði 732965 538217

Minnisvarði um Otto Wathne er niður við Fjarðará, austan við brúna yfir ána. Hann er merktur inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920. Í grein eftir Matthías Þórðarson sem birtist í bókinni Frásagnir af Austurlandi segir frá afhjúpun minnisvarðans: "Árið 1900 hinn 13. ágúst var afhjúpaður minnisvarði Otto Wathnes á Seyðisfirði, sem var reistur með almennum samskotum, mest af Austur- og Norðurlandi og nokkuð frá útlöndum einkum Englandi. Við afhjúpunina var samankominn svo mikill mannfjöldi, að hún var talin hafa verið fjölmennasta samkoma er fram hafði farið hér á landi að undantekinni þjóðhátíðinni í Reykjavík 1874. [...] Á fögrum stað við brúna [028] á Fjarðará - sem er milli Öldunnar og Búðareyrar og O. Wathne hafði látið gera og gefið bænum - var minnisvarðinn reistur. Minnisvarðinn sjálfur er granítstöpull með inngreyptri andlitsmynd af O. Wathne. Undir henni stendur letrað: Deyr fé, deyja frændr, deyr sjalfr it sama; en orðstírr deyr aldregi, hveim er sér góðan getr."

Minnisvarðinn er á flatlendum árbakkanum. Hellulagður göngustígur liggur að honum. Nokkur reynitré eru á árbakkanum í nágrenni við minnisvarðann.



Minnisvarði NM-249:009 um Otto Wathne, horft til norðurs.



Mynd tekin yfir Lónið snemma á 20. öld sem sýnir minnismerkið. Höf. óþ.

Granítstöpullinn er um 2 m á hæð og grunnflötur hans er um 0,3 m á kant. Í kringum minnisvarðann er flúrað grindverk úr járni sem girðir af ferkantað svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Matthías Þórðarson 1981, 39-40

NM-249:010 *Lón* heimild um býli 732836 538328

"Hjáleigan Oddi [NM-251:002] er fyrsti bústaðurinn sem vitað er um að hafi risið við Lónið, einhvern tímann eftir 1860. Hann stóð um það bil þar sem nú er hornið á Öldugötu og Bjólfsgötu, í vestari króki Lónsins stóð, öndvert Odda, lítill torfbær," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

“Fjarðará mæðir nú á oddanum en er að fylla lónið fyrir innan. Það fyllir alt um flóð, svo að nærri verður jafnhátt veginum, og er þar hlaðin upp öll norðurhlið lónsins frá húsunum og vestur á krókinn og vegurinn á brúninni [480] [...]. Þar norðan við krókinn stendur bær Einars Jóhannssonar, lítill torfbær og er ósýnilegur á myndinni. [...] Líklega hefir Jóhann Mattíasson, faðir Einars, byggt bæinn,” segir greininni í Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903. Í örnefnaskrá Seyðisfjarðar segir: “Lón var bær byggður rétt við lónið sem myndast við ána. Það mun hafa haft einhverja grasnyt.”



Mynd af konum í heyskap vestan við Norðurgötu. Aftan við þær sést í Lón/Jóhönnubæ NM-249:010. Myndin er líklega tekin af Þorsteini Gíslasyni árið 1907.



Mynd tekin af Tanganum við Lónið yfir að Bjólfsgötu. Lengst til vinstri má sjá Lón/Jóhönnubæ. Þarna sjást bæði timburhús og torfhús. Höf. óþ.

Torfbær þessi var að líkindum þar sem hús er sýnt á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 á milli kálgarðs 421 og trjágarðs 395 við Gíslahús 223, fast austan við Seyðisfjarðarkirkju 050. Jóhann Matthíasson og Einar Jóhannsson eru til heimilis í Jóhannshúsi í manntali frá 1890 og mögulega er það þessi sami bær. Um torfbæinn segir eftirfarandi í Fasteignaskrá frá 1916-1918: “Hús og torfbær á Fjarðaröldu. Eigandi og notandi Ekkjan Jóhanna Jóhannsdóttir. 1.a. Íbúðarhús Stærð l. 5,2, br. 3,85. h. 5 m. (v.h. 2,9.). Timburhús (grindarhús) Annar hliðarveggurinn hlaðinn úr grjóti og torfi. Þak pappaklætt og þrír veggir einnig pappaklæddir. Viðbyggður skúr, stærð l. 1,8. br. 1,3. h. 1,9 m. Þak pappaklætt. Aldur hússins um 18 ár. B. Torfbær. Eigandi og notandi sami notaður einnig til íbúðar. Húsin eru þrjú sambyggð: 1. Hús innan þiljað til íbúðar 2. óþiljað skemmuhús 3. Hesthús. Húsin öll gömul og ljeleg. 2. Lóð. […] Matjurtagarður með torfgirðingu [421] Stærð 189 m2.”

Í manntölum frá 1910 og 1920 er Jóhanna Jóhannsdóttir skráð til heimilis í Jóhönnubæ í Dvergasteinssókn á Seyðisfirði. Ætla má að þetta sé sami bærinn og hann hafi einnig gengið undir nafninu Jóhönnubær. Hann hefur verið við Bjólfsgötu 10. Leit eftir bæjarnafninu Lón í manntölum á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands skilaði ekki niðurstöðum fyrir Seyðisfjörð. Ekki er vitað hvenær bærinn byggist fyrst.

Gróin flatlend lóð með trjágróðri er þar sem bærinn var.

Engin ummerki um bæinn sjást lengur vegna niðurrifs og rasks í tengslum við byggingu kirkjunnar. Ætla má að enn finnist minjar um býlið undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 142; Eimreiðin 1903, 92; Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 20; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 97; www.manntal.is

NM-249:028 heimild um brú 732917 538203

“Þúfa. Þar stendur nú Lyfjabúð Austurlands (Suðurgata 2 [160]). Við Þúfu hefur verið brúarstæði á Fjarðará og brú frá því fyrir aldamótin 1900. Fyrstu brúna byggði Ottó Wathne. Hún fór í vatnavöxtum. Næst byggði bæjarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar brú, sem stóð til 1937 að hún var rifin og þá byggð sú er nú stendur, en það er steinbrú vönduð,” segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

“Ottó Wathne lét byggja göngubrú á ána árið 1880, en fram að því var það í verkahring ábúanda á Ósi að ferja [156] fólk milli bæjarhluta,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

“Þá er Aldan búin og höldum við þá út yfir brúna út á Búðareyri. Brúin er neðst á ánni niður við Leiruna. Hún er sýnd á myndinni á bls. 198 (Eimr. VIII [1902]). Hér á Fjarðará var fyrst gerð brú eftir 1880. Það gerði Otto Wathne eftir að hann bygði á Búðareyri; það var aðeins gangbrú



Brúin yfir Fjarðará NM-249:028 sem byggð var 1890, eftir að elsta brúin fór í vatnavöxtum. Myndin er tekin frá Norðurgötu. Höf. óþ.



Hér sést brúin frá öðru sjónarhorni en myndin er tekin úr garðinum við Sólvang yfir Austurveg. Höf. óþ.

bygð á staurum, og mun það hafa verið nál. 1890, að ísrek tók hana og fór með sprekin út á fjörð. Þá var brúarlaust með öllu um stund og ferjaði Einar gamli á Ósi menn þá yfir ána, og Ernst lyfsali segist þá hafa reitt gesti sína yfir á sjálfum sér. Þessu mun hafa gengið 2 ár eða 3. Þá skoraði almannafundur á sveitarstjórnina, að brúa ána og varð það úr, að brúarbygging var ákveðin; skyldi það traust brú og tekið lán til,” segir í Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í

Eimreiðinni 1903.

“Það var framkvæmdamaðurinn Otto Wathne sem stóð að fyrstu brúnni yfir Fjarðará niðri við Lónið. Var það göngubrú sem gerð var laust eftir 1880. Jakaburður í ánni ruddi þeirri brú í burtu árið 1890. Var þá strax hafist handa um smíði nýrrar brúar. Var það timburbrú á steyptum stöplum, og var hún fær öllum ökutækjum þeirra tíma og allt fram á bílaöld. Þessi brú var látin duga til ársins 1937, en þá var gerð ný brú á sama stað úr steinsteypu. Hún gegndi sínu hlutverki til 1992 að hún var brotin niður og hafin smíði nýrrar og breiðari brúar,” segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar.

Fram kemur í heimildum að elsta brúin yfir Fjarðará var byggð 1880. Hún entist til um 1890 og fáum árum síðar var önnur brú byggð á sama stað. Næstelsta brúin stóð til 1937 en þá tók við steinsteypt brú. Enn er brú yfir Fjarðaránа á sama stað, akfær og tvíbreið. Engin ummerki sjást lengur um eldri brú vegna vegaframkvæmda og smíði yngri brúa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 94; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 17; Eimreiðin 1903, 94; BS, 93

NM-249:031 *Mörbúðin* hús skemma 732898 538475

Mörbúðin eða pakkhús Neðribúðar 399 stendur enn við Öldugötu 16. Það hefur einnig gengið undir öðrum nöfnum svo sem Meyjarskemman, Gráa pakkhúsið og Bióhúsið. Samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918 var húsið byggt 1845 og er það líklega elsta uppistandandi hús á Seyðisfirði. Húsið er nefnt í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 og birtist í Eimreiðinni 1903: “Sunnar litlu sér yfir Rasmussen [153] á eitt vöruhús Þórarins [Guðmundssonar]. Það



Mörbúðin/Meyjarskemma NM-249:031, horft til suðurs.



Mörbúðin sést innan rauðs hrings á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar sem tekin var 1893-1895 (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

er bygt í flæðarmáli og varnar því, að strandgata geti nokkru sinni komið á Öldunni fyrr en það er rifið eða kveykt í því.” Fjallað er um Mörbúðina í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar:

“Pakkhúsinu eða Meyjarskemmunni, er svo lýst í húsavirðingu frá 1878: “Pakkhús úr timbri, 14 álnir á breidd, og 18 álnir á lengd, húsið er sterkt og gott og þakið er pappklætt [...].””

Í Fasteignamatinu frá 1916-1918 eru talin upp fimm hús fyrir utan Neðribúð 399 sem tilheyrðu versluninni: “b. Vörugeymsluhús [...] [líklega sama og Nýja-Glasgow, sjá 124] c. Fiskgeymsluhús [...] [mögulega sama og hús 125 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] d. kolageymsluhús [...] [mögulega hús 378 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] e. Fjós og hesthús […] [sjá 205] aldur 73 ár, þó flutt úr stað [mögulega hús 404 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] og endurbætt á því tímabili f. Kjöttökuhús. Stærð l. 11,4, br. 8,9, h. 5,9 (v.h.3m.). Timburhús (grindarhús). Austurgafl járnvarin [svo]. Þak pappklætt. Aldur 73 ár.”

Stærð kjöttökuhússins í fasteignamatinu kemur heim og saman við stærðirnar sem gefnar voru upp á því í húsavirðingunni frá 1878. Þar kemur einnig fram að austurgafl hússins sé járnvarinn og er það enn svo í húsavirðingu frá 1930 sem vísað er til í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Húsið sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum í gegnum tíðina hefur einnig gegnt mörgum hlutverkum. Elsta hlutverk þess hefur verið pakkhús, síðar var það kjöttökuhús eða mörbúð og enn síðar voru þar bíósýningar og samkomuhald. Þá var það verbúð fyrir síldarstúlkur á 6. áratug síðustu aldar og að lokum tréverkstæði.

Húsið stendur á lóð sem er í órækt.

Húsið hefur mátt muna fífil sinn fegurri en veðurhamur þess er heill. Bárujárnsklæðning er ryðguð og gluggar orðnir lélegir. Á norðausturgafli hafa verið útbúnar stórar dyr á viðbyggingu við gaflinn. Skúrbygging er norðvestan við Mörbúðina sem er tengd við hana með gangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 68; Eimreiðin 1903, 89; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 434-436; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:045 hús bústaður 732936 538418



Hús NM-249:045 við Bjólfsgötu 1, horft til austurs.

Við Bjólfsgötu 1 stendur hús sem byggt var 1922 af Jóni G. Jónassyni málarameistara. Á sömu lóð stóð þá Skemman, sjá 206. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Árið 1922 byggði Jón húsið sem stendur á lóðinni í dag og starfrækti þar fyrst verkstæði. Frá 1926 rak hann þar einnig verslun með málningu og skó, álnavöru og svokallaða “stubba” sem var vefnaðarvara og þótti hið mesta hnoss. [...] Níels Jónsson keypti málningarverkstæðið af Jóni og breytti í íbúðarhús árið 1933. [...]

Hjálmar sonur Níelsar reisti á lóðinni bátaskýli úr gömlum setuliðsskúr af Vestdalseyri og var hægt að draga bát af Lóninu beint inn í skýlið." Í Húsasögunni er einnig lýsing á húsinu: "Bjólfsgata 1 er portbyggt timburhús upphaflega ekki nema 28,86 fermetrar að grunnfleti. [...] Níels Jónsson byggði við neðanvert husið að endilöngu þriggja metra breiða skúrbyggingu. Þar var til að byrja með hjallur og þvottahús en seinna breytti hann hjallinum í vistarveru. [...] Húsið er klætt utan með járni sem er eftirlíking af steinhleðslu (steinblikk), nema skúrinn sem er klæddur bárujárni."

Lóðin við Bjólfsgötu 1 er lítil og er húsið alveg út við hornið á Bjólfsgötu og Öldugötu. Bak við húsið er lítil grasflöt og gömul tré. Suðvestan við það er malarplan framan litla skúrinn sem var áður bátaskýli og síðar bílskúr.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 144-145

NM-249:050 *Seyðisfjarðarkirkja* hús kirkja 732827 538317

Seyðisfjarðarkirkja stendur við Bjólfsgötu 10, við norðurenda Norðurgötu. Hún var flutt á þann stað frá Vestdalseyri 252:002 (sóknarkirkjan var upphaflega á Dvergasteini). Kirkjan var vígð árið 1922. Ítarleg umfjöllun er um kirkjuna í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Fjallað er um kirkjuna í ritröðinni Kirkjur Íslands: "Vorið 1921 var fermingarguðsþjónusta í Vestdalseyrarkirkju [NM-252:002] og var það síðasta athöfnin þar áður en kirkjan var tekin niður. Var síðan tekið til við að rífa hana og undirbúa flutninginn. Jón G. Jónasson málarameistari var fenginn til



Seyðisfjarðarkirkja NM-249:050, horft til norðurs.



Á mynd sést Seyðisfjarðarkirkja í byggingu árið 1922. Höf. óþ.

þess að teikna kirkjuna upp að nýju en Sigurður Björnsson var ráðinn yfir smiður og var Stefán Runólfsson aðstoðarmaður hans. Jón Vigfússon múrarameistari steypti grunninn og hefur hann ekki haggast síðan. Viðir kirkjunnar á Vestdalseyri voru fluttir inn á ölduna og notaðir eins

og hægt var. [...] Nýja kirkjan var talsvert ólík Vestdalseyrarkirkju þó gluggagerð væri með svipuðum hætti. Mesta breytingin varð á turni kirkjunnar en lögð var áhersla á að hafa kirkjuna vandaða um leið og reynt var að nýta gömlu kirkjuna sem best með því að breyta lögun hússins sem minnst. [...] Kirkjan var svo vígð 6. ágúst 1922 af Jóni Guðmundssyni prófasti. Hann lýsti hinni nýbyggðu kirkju svo: "Kirkjan á Seyðisfjarðaröldu er byggð upp úr kirkjunni á Vestdalseyri og hefur alveg sömu stærð, með þeirri einu verulegu breytingu að utan, að á hinni nýju kirkju er forkirkja fram af aðalkirkjunni 6x13 álnir með stöplinum upp af. En aðalkirkjan er, eins og var, um 25 álnir á lengd og 16 álnir á breidd að utanmáli, auk skrúðhúss aftur úr kirkjunni með sömu stærð og áður, ca. 5x6 álnir. Auk þess eru fjórir kvistir út úr þaki kirkjunnar hvoru megin með gluggum í. Kirkjan er öll járnklædd að utan og máluð yfir með hvítum lit. Undir allri kirkjunni er steinsteyptur grunnur, 1 alin á hæð frá jörðu, og framan við kirkjuna er steinsteypt rið, með palli efst, inn að ganga í kirkjuna. Að innanverðu er kirkjan nokkru rúmmeiri en áður var, með því að forkirkjan í aðalkirkjunni er nú lögð til aðalkirkjunnar, og hliðarlopt eru báðu megin inn að kór, auk lopts fyrir stafni, sem áður var. Hæð kirkjunnar inni undir loptum er um 4 álnir en á lopti er manngengt yst til hliða undir hvelfingu nokkurn veginn. Loptið hvílir á súlum, átta að tölu, með þeim er bera loptið fyrir stafni, og ganga súlurnar upp í hvelfingu. Útskurður er á súlum, undir loptsbrún og efst. Framan við loptið allt er handrið með þéttum pílárum. Innst úr kór gengur lítil stúka með hvelfingu yfir inn í skrúðhúsið gamla. Þar er altarið undir, en altarishringurinn fram af gengur inn í aðalkirkjuna. Skrúðhúsið nú að innan helmingi minna en áður. [...] Yfir kirkjunni allri er bogamynduð hvelfing með ferhyrndum spjöldum og póstum umhverfis. Þrír járnbitar halda kirkjunni saman. Gluggar á hliðum kirkjunnar niðri eru fjórir hvoru megin og aðrir fjórir hvoru megin uppi á lopti, miklu minni. [...] Öll er kirkjan máluð innan sem hér greinir: Gólf niðri og uppi grátt. Veggir allt umhverfis gulir. Lopt í aðalkirkju og skrúðhúsi hvítt. Gluggar hvítir. Altari, prédikunarstóll, pílárar og súlur, aðallega hvítmálað. Spjöld í hvelfingu blá en póstar umhverfis hvítir. Allir bekkir uppi og niðri, öll handrið og allar hurðir eru með ljósu mahognimáli. Listar undir hvelfingu ofan við veggi eru með skrautmáli. Í súluhausum eru gylltir listar. Á pílárum í altarishring gylltir hringar og á stöku stöðum fleiri er gylling. Inn í kirkjuna hafa verið lagðar raftaugar til að raflýsa hana og er búið að kaupa til þess nauðsynleg raflýsingaráhöld.""

Kirkjan og safnaðarheimilið eru á flatlendri og gróinni lóð.

Kirkjunni er vel við haldið og sómir hún sér vel.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 162-164; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Kirkjur Íslands 25, 169-172

NM-249:053 *Fjöruvað* heimild um vað

"Fjarðarárósi. Nokkru utan við brúna [028] var vað á ánni, Fjöruvað," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ekki er ljóst hvar farið var yfir á vaði utan við brúna yfir Fjarðará. Ætla má að

vaðið hafi verið yfir Lónið ef það var utan við brúna. Miklar breytingar hafa orðið á svæðinu í kringum Lónið vegna landfyllingar og engin ummerki sjást um vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 104

NM-249:054 heimild um útihús 732860 538395

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um þurrkhús og hesthús á Fjarðaröldu. Eigandi og notandi var Stefán Th. Jónsson: "Hús, stærð l. 10,7, br. ,6, h. 3,7 (v.h. 2,4). Timburhús (grindarhús) Þak pappaklætt. Helmingur af lengd hússins er hesthús, en hinn helmingurinn er þurkhús með rimlum. Aldur hússins er um 26 ár." Fram kemur að húsið hafi verið við götu en ekki er ljóst hvar það var. Það er ekki merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og var ekki innan verslunarlóðar Stefáns Th. við Bjólfsgötu. Í Fasteignamatinu er húsið talið upp á eftir húsum á verslunarlóð Stefáns og á undan Fangahúsi 175 og svo fylgir Skálanes 228 þar á eftir. Ætla má að húsið hafi staðið við Oddagötu, á svæðinu á milli Skálaness, geymsluhúss/þvottahúss 219 og Fangahúss. Þar er órækt og engin ummerki sýnileg á yfirborði um húsið.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 91

NM-249:056 *Leiruvíkurvað* örnefni vað 732878 538064

"Leiruvíkurvað er á ánni um fjöru undan Vesturvegi 9," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ætla má að vaðið hafi verið þar sem leið 417 kemur að ánni en hún liggur af Vesturvegi til suðausturs að Fjarðará og er sýnd á kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Aðstæður voru kannaðar í júlí 2017 og er Fjarðaráin fremur lygn og grunn á svæðinu neðan við Vesturveg 9. Suðausturbakki árinnar er lágur og aflíðandi brekka er niður að norðvesturbakka árinnar. Þeim megin er búið að hlaða varnargarð úr stórgrýti til að verja bakkann fyrir landbroti.

Engin ummerki sjást um vaðið á norðvesturbakkanum þar sem það var skráð en á loftmynd sést vik inn í suðausturbakkann neðan við Árstíg 6 sem kann að hafa myndast af umferð yfir ána á Leiruvíkurvaði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 105; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:078 *Pálshús* hús bústaður 733177 538343

Pálshús stendur við Austurveg 21 og var byggt árið 1900. Ítarleg umfjöllun um húsið er í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Húsinu er þannig lýst í húsavirðingu frá árinu 1900: "Hús Páls Árnasonar á Fjarðaröldu, sunnan Fjarðarár, 14 al. langt, 12 al. breitt, 11 al. hátt, byggt úr bindingsverki klætt utan með plægðum borðum, þak úr plægðum borðum með pappi yfir;



Pálshús NM-249:078, horft til norðvesturs.

kjallari undir öllu húsinu. Það er alþiljað að innan niðri og aðskilið í 3 herbergi, eldhús og anddyri og við innganginn er forskyggni úr timbri. Á loptinu eru 2 herbergi algjör, en að öðru leyti er innrjettingin þar í smíðum og á að fullgjöra í vetur [...].””

Húsið stendur á stórri lóð en einungis er garður í rækt framan við húsið, neðan við Austurveg. Þar er slétt grasflöt og tré næst veginum.

Pálshús er stórt og reisulegt hús. Búið er að gera það upp og nýr kjallari hefur verið steyptur undir það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 82-83; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:111 heimild um bústað 732890 538384

Eldra íbúðar- og verslunarhús stóð áður þar sem Stefánshús 214 stendur nú (2017) við Bjólfsgötu 6. Það brann árið 1898 og árið eftir byggði Stefán Th. Stefánshús. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “Þar sunnar [en Bindindishúsið (295)], nær lóninu, sjást tveir litlir gaflar ljósir. Hinn nyrðri er á útihúsi [líklega sama og fjós 218] Stefáns Th. Jónssonar kaupm. En hinn er á hinu gamla íbúðarhúsi hans [það hús sem hér er skráð]. Það hús bygðu þeir Stefán og Sig. Johansen upp úr gömlu húsi [169], sem stóð úti hjá Norskubúð [306]. I því hafði Chr. Ernst eitt sinn meðalasölu [...]. Þetta hús á myndinni brann 1898 [...] Nú hefir hann reist þar nýtt hús [214], eitt stærsta og myndarlegasta hús í bænum og gæti farið með sóma hvert á land sem vildi, og er þó kvisturinn vel lítill. Þar er búð Stefáns, úrsmíðastofa og bústaður hans, þægilegur mjög og prýðilegur.” “Upphaflega endurbyggði Stefán Th. Jónsson íbúðar og verslunarhús í félagi við Sigurd Johansen á þessum stað [sjá 214] árið 1888. Húsið fluttu þeir utan úr Liverpool [152] eftir snjóflóðið 1885 [sjá hús 169],” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar segir einnig: “[Húsið] var innflutt og er svo lýst í húsavirðingu frá frá 1889: “[...] íbúðarhús, plankabyggt með pappþaki; 20 álna langt 8 álna breytt, 8 ¾ ál hátt. Niðri 4 herbergi og eldhús; á lopti 1 fordyri alþiljað í hvorum enda; 2 skorsteinar ofan á lopt. [...] ennfremur fylgir því skúr eða fordyr bakvið.””

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 90; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 101-102

NM-249:112 heimild um lendingu 733246 538377



Svo virðist sem að hlaðinn kantur, bólverk NM-249:112 sjáist innan rauðs hrings á þessari gömlu mynd sem tekin er ofan við bæjarstæði Fjarðar NM-249:001. Höf. óþ.

"Við Vinamynni [183] var bólverk og vör [113] utanvið," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar þetta bólverk var. Það gæti hafa verið hluti af stærra mannvirki og tengst bólverki 117 sem getið er um neðan við Pálshús 078. Talsverð landfylling er meðfram ströndinni neðan við Vinaminni.

Það svæði sem bólverkið var á er flatt og malborið en grasi gróið að hluta.

Engin ummerki um bólverkið sjást vegna landfyllingar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6

NM-249:113 heimild um lendingu 733254 538380

"Við Vinamynni [183] var bólverk [112] og vör utanvið," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Ekki er vitað hvar vörin utan við bólverkið neðan við Vinaminni var en hún gæti hafa verið litlu austan við meinta staðsetningu bólverksins þar sem strandlínan er teiknuð á kaupstaðarkort frá 1915-1920. Talsverð landfylling er meðfram ströndinni neðan við Vinaminni.

Það svæði sem ætla má að vörin hafi verið á er flatt og malborið en grasi gróið að hluta.

Engin ummerki um vörina sjást vegna landfyllingar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:114 heimild um uppsátur 733166 538367

"Við Pálshús [078] var uppsátur og stórt bátaskýli [115]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í neðanmálsgrein segir: "Innan við bátaskýli Páls [og sambyggður því] var hjallur, bólverk [117] framaf og trébryggja [118] út frá því." Ekki er vitað hvar uppsátrið var sem nefnt er í örnefnaskrá en ætla má að það hafi verið við hliðina á, eða ANA við, bryggju 118. Það er gefið til kynna á teikningu af bátaskýli 115 og bryggjunni á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Þar er lína dregin frá norðurhorni bátaskýlisins að sjávarbakka samhliða bryggjunni. Uppsátrið hefur líklega verið á milli bryggju og þessarar línu, um 20 m NNV við Pálshús.

Meðfram ströndinni neðan við Austurveg er talsverð landfylling. Þar er flatlendur, gróinn sjávarbakki.



Líkleg staðsetning uppsáturs 249:114 sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Engin ummerki sjást um uppsátur vegna landfyllingar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:115 heimild um skemmu 733171 538359



Á myndinni sést hús 249:115 lengst til vinstri. Hún var tekin á síðari hluta 20. aldar þegar húsið var notað sem íbúðarhús. Höf. óþ.



Gömul mynd sem tekin var yfir Lónið á fyrri hluta 20. aldar. Á myndinni sést hús 249:115 innan rauðs hrings og virðist það notað sem skemma á þeim tíma. Höf. óþ.

Neðan við Pálshús 078 var áður geymsluhús, hjallur og bátaskýli, allt sambyggt. Það var einnig notað sem íbúðarhús og fjós. Um hús þetta er fjallað í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Útgerðamaðurinn Páll Árnason byggði myndarlegt geymsluhús og hjall á lóðinni neðan við hús [078] sitt árið 1903. Nokkur síðar var bætt við bátaskýli [...]. Húsinu er þannig lýst í húsavirðingu frá 1903: "við íbúðarhús Páls Árnasonar [...] er nú byggt geymsluhús 14x8 al, 8 1/4 al á hæð. Byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum með pappi yfir. 4 álnir af öðrum endanum er með rimlaklæðningu og notað sem hjallur. Undir öllu húsinu er kjallari. [...]." Þegar húsið var tekið til íbúðar var1/3 þess notaður sem fjós en auk þess voru á neðri hæðinni tvö herbergi og eldhús. Uppi var afþiljuð geymsla. Seinna var fjósið flutt út í hlöðu og efri hæðin gerð að svefnlofti. Hlaðan, eða gamla bátaskýlið, fauk á sjöunda áratugnum." Í Húsasögunni kemur einnig fram að húsið hafi verið 44 m2 að stærð. Kveikt var í húsinu árið 1987 af bæjarsjóði sem var eigandi en þá hafði húsið lengi staðið autt og var orðið lélegt. Á

kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er húsið teiknað um 10 m norðvestan við Pálshús.

Aftan við Pálshús er flatlent, malborið svæði, sem tekið er að gróa. Landfylling er á sjávarbakkanum neðan við svæðið sem húsið stóð á.

Engin ummerki um húsið sjást lengur vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 84-85; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:116 *Þórsmörk* heimild um bústað 733039 538082



Húsið Þórsmörk 249:116. Höf. óþ.

Á lóð við Suðurgötu 6 stóð húsið Þórsmörk en það var rifið árið 1983. Fjallað er um Þórsmörk í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að Jón Þór Sigtryggsson bæjarstjóri hafi byggt þetta hús á lóð í túni sunnan við Fjarðará árið 1927 en flutt það á lóðina við Suðurgötu 6 árið 1938. Húsið var 72 m2 að stærð. Í Húsasögunni er birt lýsing á húsinu í brunabótamati frá 1938: “”Íbúðarhús, einlyft, portbyggt, innanþiljað panel og skilrúmsborðum, málað og veggfóðrað. Niðri: Stofa, herbergi og eldhús. Uppi: 2 herbergi og gangur. Í viðbyggingu, jafnstórri húsinu en á einni hæð með lágu þaki eru tvö herbergi og geymslukompa. Húsið er járnvarið.”” Húsið er ekki nógu gamalt til að teljast til fornminja en þar sem það var innan svæðis sem skilgreint er sem verndarsvæði í byggð var talið mikilvægt að gera grein fyrir því.

Slétt grasflöt er á lóðinni við Suðurgötu 6.

Engin ummerki sjást lengur um húsið Þórsmörk.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 383

NM-249:117 heimild um lendingu 733165 538365

“Við Pálshús [078] var uppsátur [114] og stórt bátaskýli [115],” segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í neðanmálsgrein segir: “Innan við bátaskýli Páls [og sambyggður því] var hjallur, bólverk framaf og trébryggja [118] út frá því.” Trébryggja 118 sem nefnd er í örnefnaskránni er teiknuð á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og var hún 25 m NNV við Pálshús 078.

Meðfram ströndinni neðan við Austurveg er talsverð landfylling. Þar er flatlendur, gróinn sjávarbakki.




Gömul mynd sem tekin var yfir Lónið á fyrri hluta 20. aldar. Á myndinni sést líklega bólverk 249:117. Höf. óþ.

Bólverk það sem hér er nefnt í örnefnaskránni sést ekki lengur vegna landfyllingar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6

NM-249:118 heimild um lendingu 733162 538367



Bryggja 249:118 við Pálshús 249:078 er innan rauðs hrings á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

"Við Pálshús [078] var uppsátur [114] og stórt bátaskýli [115]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Í neðanmálsgrein segir: "Innan við bátaskýli Páls [og sambyggður því] var hjallur, bólverk [117] framaf og trébryggja út frá því."

Trébryggjan sem nefnd er í örnefnaskránni er teiknuð á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og var hún 25 m NNV við Pálshús 078.

Meðfram ströndinni neðan við Austurveg er talsverð landfylling. Þar er flatlendur, gróinn sjávarbakki.

Engin ummerki sjást lengur um bryggjuna sem hefur líklega verið rifin.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:119 *Neðribúðarbryggja* heimild um lendingu 732915 538474

"Syðst á Öldunni var lítil bryggja [121] í eigu Rasmussens. Norðan við hana var Neðribúðarbryggja og nyrzt Glasgowbryggja [123]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er bryggja teiknuð á milli Auroru 304 og Meyjarskemmu 031 en inni á lóð Auroru. Sú bryggja sést líklega einnig á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar sem tekin var 1893-1895 af Fjarðaröldunni og sýnist þar lítil í samanburði við Tostrupsbryggju 122. Hún var þar sem nú er landfylling, undir malbikuðum vegi og steyptri gangstétt á Öldugötu.

Í Fasteignamati fyrir Neðribúð 399 frá 1916-1918 er getið um bátabryggju sem tilheyrði



Neðribúðarbryggja 249:119 á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920, merkt með rauðum hring.



Neðribúðarbryggja sést innan rauðs hrings á ljósmynd sem var líklega tekin á árunum 1940-41. Höf. óþ.

Neðribúð og sögð er 28 m löng og 2 m á breidd. Ætla má að það sé sama bryggja og sýnd er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Engin ummerki sjást um bryggjuna og ekki er ljóst hvenær hún var rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Kaupstaðarkort VIII; Ljósmynd Eyjólfs Jónssonar 1893-1895; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 69

NM-249:120 *Hermannshöllin* hús bústaður 732861 538289



Hermannshöllin 249:120, horft til NNA.

Við Norðurgötu 10 stendur húsið Hermannshöllin sem byggt var árið 1929. Það var upphaflega byggt norður á Skálum á Langanesi af Hermanni Þorsteinssyni sem lét flytja húsið á Seyðisfjörð. Í Húsasögu Seyðisfjarðar segir um Hermannshöllina: "Í þessu fyrsta fjölbýlishúsi kaupstaðarins voru fjórar tveggja herbergja íbúðir. Allar íbúðirnar höfðu tvo innganga, aðalinngang að Norðurgötu en svokallaðan eldhúsinngang eða baktröppur að Lóninu. Í tröppuhúsinu bakatil var eitt salerni fyrir hverjar tvær íbúðir. Nú er einungis bakinngangurinn nýttur."

Húsið er á lítilli lóð sem er flatlend og grasi vaxin en í órækt.

Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara. Það er nýtt til íbúðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 297-298

NM-249:121 heimild um lendingu 732931 538466



Ógreinilegar leifar af bryggju Rasmussens 249:121 sjást innan rauðs hrings á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar frá 1893-1895 (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

"Syðst á Öldunni var lítil bryggja í eigu Rasmussens. Norðan við hana var Neðribúðarbryggja [119] og nyrzt Glasgowbryggja [123]," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar.

"Skamt norður frá húsinu [Gamla pósthúsinu 302] er bryggja Rasmussens, stutt en traust," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Bryggja Rasmussens sést á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar sem tekin var 1893-1895 af Fjarðaröldunni.

Hún var þar sem nú er landfylling, undir malbikuðum vegi og steyptri gangstétt á Öldugötu.

Ekki er ljóst hvenær bryggjan var rifin en engin ummerki sjást lengur um hana. Ekki er minnst á bryggjuna í Fasteignamati fyrir Rasmussenshús/Gamla pósthúsið 302 frá 1916-1918 og hún er heldur ekki teiknuð á kort af kaupstaðnum frá 1915-1920. Þó segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar að Sigbjörn sem bjó í Gamla pósthúsinu á árunum 1930-1942 hafi gjarnan róið til vinnu í Liverpool og Imslandshúsunum frá bryggjustúf sem þá var enn framan við húsið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður EV, 6; Eimreiðin 1903, 91; Ljósmynd Eyjólfs Jónssonar 1893-1895; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 428

NM-249:122 *Tostrupsbryggja* heimild um lendingu 732900 538484



Ætla má að Tostrupsbryggja 249:122 sé innan rauðs hrings á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar frá 1893-1895 (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

"Fram undan Neðribúðinni [399] er hin gamla Tostrupsbryggja. Hún er fræg, þó hún sé ekki stór, því að undanteknum húsum fyrir vörur sínar og bryggjustúfnum, sem stendur út undan efsta húsinu og fyr er nefndur [líklega Glasgowbryggja 123], þá er þetta eina mannvirkið, sem V. T. Thostrup hefir látið eftir sig hér eftir 27 ár og hún er svo, að Ernst lyfsali kvað eitt sinn hafa sagt, að út á hana skyldi enginn maður hætta sér, nema hann hefði trygt líf sitt áður, og sagði hann sumt ósannara. Nú setur Þórarinn [Guðmundsson] þar nýja bryggju þegar minst varir, og því ekki seinna vænna að bjarga minningu Thostrup's og bryggjunnar," segir í Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903." Brúin sem

ætla má að sé Tostrupsbryggja sést á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar sem tekin var 1893-1895 af Fjarðaröldunni. Bryggjan var nokkuð löng og virðist norðan við Meyjarskemmu 031. Hún var þar sem nú er landfylling, undir malbikuðum vegi og steyptri gangstétt á Öldugötu.

Engin ummerki sjást um bryggjuna og ekki er vitað hvenær hún var rifin eða hver örlög hennar urðu. Hún er ekki teiknuð á kort af kaupstaðnum frá 1915-1920. Í Fasteignamati fyrir Neðribúð 399 frá 1916-1918 er getið um bryggju sem tilheyrði Neðribúð og sögð er 28 m löng. Það er hins vegar að öllum líkindum Neðribúðarbryggja 119 sem er sýnd á korti af kaupstaðnum frá 1915-1920 á milli Auroru 304 og Meyjarskemmu 031. Að vísu virðist sú bryggja vera á lóð Auroru.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 69

NM-249:146 *Sjúkrahúsið* hús 733107 538015



Sjúkrahúsið 249:146 á ljósmynd sem tekin var skömmu eftir að húsið var reist. Myndin birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar eftir Kristján Róbertsson, bls. 178. Höf. óþ.



Sjúkrahúsið á mynd sem tekin var sumarið 2018, horft til suðausturs.

Við Suðurgötu 8 stendur reisulegt hús sem gengur undir nafninu Sjúkrahúsið eða Gamli spítalinn. Áður var það nefnt Spítalinn og gegndi, eins og nafnið bendir til, hlutverki sjúkrahúss. Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að húsið hafi einnig verið íbúðarhús. Ítarleg umfjöllun um húsið og sögu þess er í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að húsið var byggt árið 1899 og var 263 m2 að stærð. Það er tilhöggvið timburhús sem var flutt inn frá Noregi. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1899: “Húsið er með tveimur hliðarbyggingum […]. Við bakhlið hússins er salerni. Í húsinu niðri eru 9 herbergi, baðhús, eldhús, búr og anddyri og breiður gangur eptir húsinu endilöngu. A loptinu eru 5 herbergi […]. Við aðalinnganginn er stór og vönduð steinlímstrappa, en við eldhúsdyr trjetrappa. Grunnurinn er grafinn djúpt niður og mjög vandaður, allur steinlímdur; undir húsinu

er kjallari […]. Kringum allan blettinn sem sjúkrahúsið stendur á eru skurðir [333] […].””

Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “Milli Lyfjabúðarinnar [160] og Bjarka [163] liggur akvegur [331] upp að spítalanum. Hann stendur uppi undir brekkunni og sést ekki á myndinni, fallegt hús og rúmar um 20 sjúklinga, en hefir aðeins aðbúnað handa 10. Húsið og vegurinn vóru gerð 1899 af samskotum og ríflegum styrk úr sýslu og bæjarsjóði.” Við hliðina á Sjúkrahúsinu stendur steinsteypt hús þar sem Heilbrigðisstofnun Austurlands er með aðstöðu fyrir heilsugæslu og hjúkrunarheimilið. Það er tengt Sjúkrahúsinu með glergangi. Gistihúsið Hafaldan er rekið í Sjúkrahúsinu.

Húsið er á gróinni lóð. Trjágróður og runnar eru framan við húsið og þar framan við er svo bílastæði. Malbikað plan er norðaustan við húsið en suðaustan við það er sléttuð grasflöt.

Húsið er uppgert og í góðu ástandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 134; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 384-387; Eimreiðin 1903, 95

NM-249:148 *Bankinn* hús 732837 538382



Bankinn 249:148, horft til vesturs.



Gömul mynd sem sýnir Bankann í miðju, Bindindishús 249:295 til vinstri og Skálanes 249:228 til hægri. Höf. óþ. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Bankinn eða Hótel Seyðisfjord stendur við Oddagötu 6. Í því er hótelrekstur eins og þegar það var reist árið 1898. Ítarleg umfjöllun er um sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar segir: «Í Austra má lesa svohljóðandi fréttatilkynningu í september 1898: “ [...] Húsið stendur rétt hjá bindindishúsinu [295] og er hið reisulegasta, 28 álnir á lengd og 14 á breidd, og hátt undir lopt og rúmgóð herbergi, og hið fegursta útsýni úr mörgum þeirra, einkum uppá loptinu, þar sem eru 11 herbergi alls, en niðri 8 herbergi, og eitt af þeim hnattborðs- og danssalur, 11 álnir í ferhyrning, með tveim þægilegum hliðarherbergjum.”” Hótelrekstur var í húsinu fyrstu árin en það var einnig íbúðarhús þar til Íslandsbanki keypti það árið 1930. Eftir gjaldþrot Íslandsbanka sama ár tók Útvegsbankinn við og voru þá gerðar breytingar á húsinu eins og rakið

er í Húsasögunni: “Veigamiklar breytingar voru gerðar á húsinu þegar Útvegsbankinn eignaðist það. Þá var því lyft og steyptur undir það hár kjallari. [...] Húsið var sennilega járnvarið um leið. Margvísleg herbergjaskipan hefur verið í húsinu í tímans rás. Lengst af var starfsemi bankans aðeins á innri hluta neðri hæðar. Voru þá tvær íbúðir í húsinu. Íbúð bankastjóra bæði uppi og niðri og lítil íbúð á útloftinu. Frá því 1985 hefur starfsemi bankans verið í öllu húsinu. [...] Bifröst eða Bankinn eins og húsið er kallað í dag er dæmi um gistihús frá því um aldamót. Það er byggt í norskum sveitserstíl og kom eflaust tilhöggvið til landsins.” Landsbankinn eignaðist húsið 1981 og rak útibú þar fram til ársins 2000.

Malbikað plan er framan við húsið til suðausturs og malarplan er norðaustan við það. Grasflatir og gömul tré eru í kringum það á aðrar hliðar; reynir, birki, greni, lerki, rifs og aspir fjær.

Húsið er reisulegt og fallegt, klætt með bárujárni og stendur á steyptum kjallara. Það er hluti af Hótel Öldu sem starfrækt er á Seyðisfirði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 319-321

NM-249:153 *Nýjabúð/Nielsensbúð* heimild um verslunarstað 732874 538428



Nýjabúð/Nielsensbúð 249:153. Höfundur myndar óþekktur, eigandi Sigurður Magnússon. Myndin birtist m.a. í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar eftir Þóru Guðmundsdóttur, bls. 314.

Á lóðinni þar sem Rauðakrossskálinn 192 stendur við Oddagötu voru áður verslunarhús sem brunnu árið 1919. Fyrst var þar Rasmussensbúðin. Um hana segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903: “Rasmussensbúð er næst og álma vestur úr norðurenda. Þar bygði fyrst hús Teitur nokkur Ingimundarson 1885. Það var tvíloftað og brann síðar. Rofin keypti Finnbogi gestgjafi og gerði úr hús og hafði fyrir billíarðstofu, og er suðurendinn oft kallaður Billíarðinn. Þar í enn nýrri álmu er Brennivínsfélagið, sem fæddist 1899, þegar nýju vínlögin komu.” Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið Rasmussensbúð hafi verið reist árið 1893 og var það 188 m2 að stærð. Eftir að hlutafélagið Framtíðin tók til starfa árið 1907 hóf það verslunarrekstur í vesturálmu hússins og kallaði Nýjubúðina. Niels Nielsen var með verslunarrekstur í austurálmunni í Nielsensbúð. Í Húsasögunni segir einnig: “Þessari húseign er þannig lýst í húsavirðingu frá 1897: “[...]. Síðan hefur verið byggt upp að hliðinni á húsinu annað hús sem snýr þvers fyrir hinu, veggir og þak er áfast við fyrra húsið [...] það er skilrúmað niðri í “búð” skrifstofu, og skósmíðaverkstofu og geymsluhús.” Skömmu síðar var bætt við enn öðru húsi jafnlöngu hinu fyrsta. Mynduðu þá byggingarnar “U” í kringum húsagarð eða port [...]. Bæði Nýjabúð og Nielsensbúð brunnu í stórbruna á Öldunni

í mars 1919. Í þeim bruna fór líka [...] Rekdahlshús [193].” Í Fasteignamati frá 1916-1918 eru Nýjabúð og Nielsensbúð skráðar í sitthvoru lagi, þó að húsin hafi verið sambyggð: “Nýjabúðin á Fjarðaröldu [...]. Sölubúð, stærð l. 12,9., br. 5,7 m. H. 5,1 m. (v.h. 2,6) timburhús (grindarhús) Þak járnvarið. Kjallari undir öllu húsinu, ekki nothæfur vegna bleytu. Aldur hússins 17 ár.” Um Nielsensbúð segir: “Sölubúð skrifstofa og vörugeymsluhús. Stærð l. 12,9, br. 5,75, h. 5,1 m. (v.h. 2,6). Útbygging frá þessu húsi, að nýjubúð Stærð l. 6,65, br. 5,3, h. 5,1 (v.h. 2,6). Timburhús (grindbyggt). Þak járnvarið. Kjallari stærð l. 7,5 m. Br. 5,6. m. Aldur hússins er 22 ár.” Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er sýnt eitt mjög stórt hús þar sem sem Nýjabúð og Nielsensbúð voru.

Þar sem verslunarhúsin stóðu er malarplan og órækt í kringum Rauðakrossskálann 192 og braggagrunn 527.

Engin ummerki sjást um húsin sem brunnu og ólíklegt að nokkuð sé eftir af þeim undir sverði þar sem talsvert rask varð á svæðinu í seinna stríði þegar stórt braggahverfi reis á því.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 314-315; Eimreiðin 1903, 88; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 79

NM-249:154 *Seyðisfjarðarskóli* hús 733014 538123



Seyðisfjarðarskóli 249:154, horft til VSV.

Seyðisfjarðarskóli stendur við Suðurgötu 4. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að húsið hafi verið reist árið 1907 og var það 256 m2 að stærð. Þar segir einnig: “Smám saman, má þó segja, að flest öll menningar- og félagsstarfsemi hafi farið fram í skólanum og var það svo allar götur fram til 1954 að félagsheimilið Herðubreið var reist.” Skólinn er nýklassísk bygging að norskri fyrirmynd og var húsið keypt tilsniðið frá Strømmen Trævarefabrik í Kristianíu í Noregi. Í Byggðasögu Seyðisfjarðar segir: “Hús þetta var reist sumarið 1907 af svo miklum myndarbrag, að það var í upphafi stærsta og veglegasta barnaskólahús landsins utan Reykjavíkur.” Grunnskóli Seyðisfjarðar er enn starfræktur í þessu húsi.

Húsið stendur á flatlendri lóð. Steinlögð stétt er framan við skólann við Suðurgötu. Norðan við skólann er gatan Árstígur, malbikaður leikvöllur er vestan við skólann og malbikað bílastæði sunnan við.

Seyðisfjarðarskóli er mjög reisulegt hús á þremur hæðum ofan á steyptum kjallara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 379-381; BS, 191-193

NM-249:155 *Elverhøj* hús bústaður 732875 538142



Gömul mynd af Elverhøj 249:155. Höf. óþ.



Húsið Elverhøj sumarið 2017, horft til SSA.

Húsið Elverhøj stendur við Vesturveg 3. Ítarlegar upplýsingar um húsið og sögu þess eru í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Elverhøj var reist árið 1906 og var það 102,5 m2 að stærð. Árbær stóð áður á þeim stað en það var flutt innar með Fjarðará (sjá Guttakofa 483). Í Húsasögunni segir: «Húsinu [nýja] er svo lýst í húsavirðingu frá 1906: "[...].Það er skilrúmað sundur í 3 stofur, eldhús og forstofu niðri. Á loptinu eru 2 stór herbergi, stúlknakammes og 5 smákompur [...]. Undir öllu húsinu er hár kjallari úr sementssteypu. Hann er afhólfaður í 5 rúm; eitt af þeim fyrir matargeymslu, annað fyrir þvottahús, þriðja fyrir straumingu, hún er fyrir ýmislegt [...]. Við annan gafl hússins er útbygging [...]. Í henni eru 2 stórir skápar og salerni. Undir henni er kjallari úr sementssteypu [...]."" Í bókinni Af norskum rótum segir um húsið: "Elverhøj er gott dæmi um gaflsneitt nýklassískt hús. Það kom til Seyðisfjarðar tilhöggvið og tilbúið til uppsetningar frá Strømmen Trævarefabrik í Kristjaníu." Húsið var einnig nefnt Berghús eða Bergsvilla eftir A. E. Berg sútara sem reisti húsið. Húsið var byggt sem íbúðarhús en í því var um tíma rekið hótel. Sá rekstur hætti þegar breskt hernámslið kom til Seyðisfjarðar árið 1940 en þá varð húsið aðalbækistöðvar hersins. Eftir stríð hefur húsið verið notað sem íbúðarhús.

Húsið er á allstórri lóð og innan hennar er gróinn garður. Mikið er af gömlum trjám framan við húsið, sjá kálgarð 409.

Búið er í húsinu og er ástand þess gott. Í stofu hússins eru ummerki um arin sem offiserar í seinna stríði settu upp. Hann var síðar rifinn og sést viðgerðin enn í gólfinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 389-391; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920;

Af norskum rótum, 160

NM-249:156 heimild um ferju 733038 538280

“Ottó Wathne lét byggja göngubrú [028] á [Fjarðar]ána árið 1880, en fram að því var það í verkahring ábúanda á Ósi [166] að ferja fólk milli bæjarhluta,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Síðar segir: “Húsið [Flatey] stendur þar sem áður stóð gamli Ós [349], en þar var ferjustaður yfir Fjarðará, áður en brúað var.” Ekki er ljóst hvar ferjustaðurinn var nákvæmlega en gert er ráð fyrir því að hann hafi verið niður undan Gamla Ósi 349.

Niður undan Ósi er hlaðinn bakki og landfylling meðfram Lóninu. Þetta er flatlent og grasi vaxið svæði.

Meintur ferjustaður er á móti Tanganum hinum megin við Lónið en ekki er ljóst hvar lent var þeim megin. Engin ummerki um ferjustaðinn sjást lengur enda komin landfylling yfir mögulegar minjar um staðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 17, 63

NM-249:157 *Steinholt* hús bústaður 733227 538329



Húsið Steinholt 249:157, horft til suðausturs.



Gömul mynd af Steinholti sem birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar eftir Þóru Guðmundsdóttur, bls. 86. Höf. óþ., eigandi Tækniminjasafn Austurlands.

Húsið Steinholt stendur við Austurveg 22. Þar hefur Tónlistarskóli Seyðisfjarðar verið starfræktur frá því á 8. áratug 20. aldar. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Stefán Stefánsson og Jóhanna Einarsdóttir höfðu rekið verslun og veitingahús í Steinholti á Búðareyri [sjá Skuld 021, Hafnargötu 54] frá því árið 1895. Stefán [...] lést úr brjótsveiki árið 1906. Ekkja hans, Jóhanna, réðst þá í byggingu nýs og glæsilegs húss sem var íbúð, verslun, veitinga- og gistihús.” Húsavirðing fyrir Steinholt frá 1907 er birt í Húsasögunni: “”Hús Jóhönnu Steinholt á Búðareyri í Seyðisfjarðarkaupstað 18x16 álnir að stærð, 12 álna hátt. Það er byggt úr bindingsverki klætt utan með hefluðum borðum. Þakið er úr plægðum borðum, þar utan yfir papp og bárujárn. Kvistur gengur þvers í gegnum húsið: á öðrum kvistinum eru dyr út á svalir, sem eru á húsinu. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, eldhús og forstofa, öll máluð og betrekt. Öll skilrúm í húsinu eru úr plægðum plönkum, eða tvíklædd. Undir öllu húsinu er kjallari úr

steinsteypu, 4 álna hár [...].””

Húsið er á gróinni flatlendri lóð. Grasflöt er austan og sunnan við það. Hellulögð stétt framan við og malbikað plan vestan við.

Steinholt er reisulegt og vel upp gert hús sem sómir sér vel.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 19, 86-88

NM-249:159 hús útihús 733046 538274



Útihús 249:159 við hjall 249:372, horft til NNV. Um tíma var rekin myndbandsleiga í húsinu.

“Engin starfsemi hefur verið í húsinu [Ósi] í áranna rás, nema hvað Guðrún rak myndbandaleigu í útihúsi frá Ósi [167],” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Neðarlega á lóð Óss við Austurveg 9 eru tvö hús þétt saman. Það minna virðist geta verið útihúsið frá Ósi sem notað var sem myndbandaleiga í seinni tíð en húsinu hefur verið breytt og einhvers konar anddyri bætt framan á gafl þess. Hitt húsið er hjallur sem skráður er sérstaklega, sjá 372. Gömul mynd er af þessum húsum í Húsasögunni og í myndatexta segir: “Hjallur og geymsluskúr neðan við Ós.” Ekki er vitað hversu gamalt útihúsið er sem seinna var notað sem myndbandaleiga en þess er hvorki getið í Fasteignamati frá 1916-1918 né sýnt á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 og er því að öllum líkindum yngri en þessar heimildir.

Húsið stendur á flatlendri lóð, í norðvesturjaðri hennar. Framan við það til suðausturs er malarplan en grasi gróið sitt hvorum megin við það og aftan við það, utan lóðarinnar.

Útihúsið er lítið bárujárnsklætt hús með skúrþaki. Ástand þess er fremur bágborið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 65

NM-249:160 *Gamla Apótekið* hús 732975 538174

Gamla Apótekið stendur við Suðurgötu 2. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur m.a. fram að húsið hafi verið reist árið 1890 og var það 154 m2 að stærð. Það var bæði nýtt sem íbúð og apótek. Í Húsasögunni segir einnig: “Árið 1967 eignuðust Síldarverksmiðjur ríkisins húsið og notuðu sömuleiðis undir starfsfólk sitt [...]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1891: “[...] [M]eð fjórum íbúðarherbergjum niðri, lyfjabúð og [?)] herbergi þar innaf til að geyma í lyfjaforða (Material kammer), eldhúsi og búri og tveimur



Apótekið 249:160, horft til VNV.



Horft er yfir að Apótekinu á miðri mynd frá Sólvangi 249:272 hinum megin við Fjarðará. Myndin birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar eftir Kristján Róbertsson, bls. 216. Höf. óþ.

forstofum. Á lopti er 1 herbergi í öðrum endanum og á strax að þilja annað. Undir húsinu er stór kjallari." Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: "Á sömu mynd sést gaflinn á næsta húsi á bakkanum. Það er Lyfjabúðin. Hana bygði Ernst lyfsali nál. 1890. Það hús er að því leyti einstakt í bænum, að ekkert er lagað í kring um það, og vaða menn að því aurinn og forina vetur og sumar. Það er og glampaskjótt og hefir verið hálfmálað árum saman." Sagt er frá því í Gráskinnu hinni meiri þegar Axel Túlenius sýslumaður tókst á við afturgöngu vélstjóra á skipi frá Aberdeen í Gamla Apótekinu. Vélstjórinn hafði verið myrtur af skipsfélögum sínum og fannst lík hans við mynni Seyðisfjarðar árið 1894.

Gamla Apótekið stendur á gróinni lóð á bakka Fjarðarár. Bílastæði er framan við húsið til norðurs. Lágur trjágróður er á lóðinni í kringum húsið en nokkuð há tré eru suðvestan við húsið, í halla niður að ánni.

Gamla Apótekið stendur enn á sínum stað og er rekið gistiheimili í húsinu sem er uppgert og nokkuð vel við haldið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 375-378; Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Eimreiðin 1903, 94; Gráskinna hin meiri I, 157-162

NM-249:161 *Jónshús* hús bústaður 733193 538346

Jónshús stendur við Austurveg 23 og var byggt árið 1896. Ítarleg umfjöllun um húsið er að finna í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Þeir Jón Grímsson söðlasmiður og Hallgrímur snikkari Björnsson byggðu húsið og bjuggu þar báðir til 1909 en þá eignaðist Jón húsið allt, þegar Hallgrímur flutti búferlum til Ameríku. [...] Húsinu er so lýst í húsvirðingu frá 1897: "Hús [...] 12x10x10 álnir; sementsfyllt. Pappi á þaki. Múraður skorsteinn. Húsið ófullgert. [...].» Húsinu er aftur lýst í brunabótamati frá 1916. [...]. "Niðri eru 2 stofur, 1 söðlasmíðastofa, eldhús og gangur, uppi 2 svefnherbergi og 3 geymsluherbergi og gangur. Utan er húsið timburklætt nema hvað önnur hliðin er járnvarin. Á þakinu er pappi. 2 skúrar eru áfastir húsinu, annar er bíslag baka til, hinn er við útenda hússins."" Í Húsasögunni kemur einnig fram að bókabúð var



Pálshús 249:078 til vinstri og Jónshús til hægri. Myndin birtist m.a. í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 89. Höf. óþ. Eigandi Ari Bogason.



Jónshús 249:161, horft til NNV

starfrækt í húsinu frá 1968. Þá voru settir stórir gluggar á götuhlið hússins. Bókabúðin var svo flutt í viðbyggingu sem reist var árið 1989 austan við Jónshús. Eftir það var gamla húsið nýtt undir lager. Um þessar mundir (2018) er aftur kominn verslunarrekstur í eldri hluta hússins, Jónshús, undir merkjum Bókabúðarinninar - verkefnarýmis. Þar eru seldir listmunir og hönnun. Yngri hluti hússins sem byggður var 1989 er notaður sem geymsla.

Slétt malarplan er framan við húsið. Aftan við húsið er grasflöt í órækt og þar er jarðvegsrask vegna lagnavinnu.

Húsið þarfnast viðhalds en á bakhlið þess virðist vinna við það vera hafin. Þar eru nýlegir gluggar og nýtt járn á milli þeirra.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 89-90; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:162 *Waageshús* hús bústaður 733114 538296



Waageshús 249:162, horft til norðvesturs. Elsti hluti hússins er í hægra megin á myndinni en húsið vinstra megin er tvílyft steinhús byggt við eldra húsið 1925.



Líklega ein elsta ljósmynd sem sýnir Waageshús (innan rauðs hrings) en það átti eftir að taka miklum breytingum. Höf. óþ.

Waageshús stendur við Austurveg 15. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Húsið dregur nafn sitt af Eyjólfi Waage sem keypti það ásamt konu sinni Pálínu Guðmundsdóttur Ísfeld árið 1900 og fluttu þau það inn í Seyðisfjarðarkaupstað.

Húsið var byggt árið 1890 af Jóni Jónssyni í landi Kross í Mjóafirði og var nefnt Miðhús. Í Húsasögunni er birt húsavirðing frá 1901 þar sem Waageshúsi er lýst: ““Hús Eyjólfs Waage sunnan Fjarðarár, 10x9 al, 7 3/4 al hátt. Það er byggt upp úr gömlu húsi að miklu leyti og er úr bindingsverki klætt utan með borðum. Þakið er úr nýju járni á langböndin. Það er víðast múrfyllt í bindinga. Í því eru niðri 3 herbergi og eldhús. Loptið allt er óþiljað og húsið allt er ófullgjört. Við útidyrnar er forskyggni úr timbri. Undir húsinu er kjallari. Í húsinu er eldavjel með víðum leirpípum upp úr þaki. […].”” Í Húsasögunni er einnig birt brunabótamat hússins frá 1917 og þar er þessa lýsingu að finna: ““Íbúðarhús einlyft portbyggt með bortnu þaki, innanþiljað panel og skilrúmsborðum, málað og veggfóðrað. [...].”” Fram kemur í Fasteignamati frá 1916-1918 að á þeim tíma hafi húsið að mestu verið klætt að utan með bárujárni. Pálína opnaði verslun árið 1907 í skúr sem var byggður við austurgafl hússins og nefndist hún Verslun Eyjólfs Jónssonar Waage. Húsið allt var tekið undir verslunarrekstur þegar tvílyft steinsteypt hús var byggt við vesturgafl þess árið 1925. Bæði þessi hús standa enn við Austurveg og hafa þau verið nýtt sem aðstaða fyrir listamenn. Í eldra húsinu er vinnuaðstaða og í yngra húsinu er íbúðarhúsnæði.

Húsið stendur á flatlendri, gróinni lóð. Framan við húsið er grasflöt, eitt grenitré og rósarunnar í suðurhorni lóðarinnar. Aftan við húsið er malarplan og skúrbygging. Suðvestan við húsið er malarvegur niður að Austurvegi 15B. Þar er verkstæðisbygging frá 1938 sem hýsir nú kajakleigu og ferðaþjónustu.

Waageshús, bæði það eldra og yngra, eru klædd að utan með dökkgrænu bárujárni og virðast í góðu ástandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 19, 75-77; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 142

NM-249:163 *Bjarki* heimild um bústað 733002 538202



Húsið Bjarki 249:163 er innan rauðs hrings á mynd sem tekin er frá Sólvangi hinum megin við Fjarðará. Myndin birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar eftir Kristján Róbertsson, bls. 216. Höf. óþ.



Hér sést Bjarki framan við Herðubreið skömmu áður en húsið var rifið árið 1974. Höf. óþ.

“Inn á Búðareyrinni eða á Öldunni sunnanverði, eins og það var stundum kallað, risu einnig

nokkur hús á síðasta tug aldarinnar. Apótekið [160] 1890, Imslandshús [351] 1896, Bjarki 1897, Jónshús [161] 1898, Pálshús [078] og Waageshús [162] 1900," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Húsið Bjarki stóð við Austurveg 2 en var rifið árið 1974. Þar er nú malbikað bílastæði framan við félagsheimilið Herðubreið. Í Húsasögunni kemur fram að húsið fékk nafn sitt af blaðinu Bjarka sem prentað var í því en húsið var einnig íbúðarhúsnæði fyrir ritstjóra blaðsins. Það var 112 m2 að stærð. Sigurd Johansen lét byggja húsið og var hann fyrsti eigandi þess ásamt Stefáni Th. Jónssyni, Þorsteini Erlingssyni og Árna Jónssyni. Á árunum milli 1929 og 1969 bjó Egill Jónsson læknir í húsinu og leituðu hreppsbúar þangað til þess að fá læknishjálp.

Engin ummerki sjást lengur um húsið vegna niðurrifs og framkvæmda vegna bílastæðis við Herðubreið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 19, 54-55; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:165 *Hótel Snæfell* hús bústaður 733006 538238



Hótel Snæfell 249:165, horft til ANA.



Mynd af Hótel Snæfelli, tekin úr garðinum hjá Bjarka hinum megin við Austurveg. Höf. óþ.

Hótel Snæfell stendur við Austurveg 3. Það hefur einnig verið nefnt Lárusarhús, Pósthúsið og Hótel Fjörður. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að húsið var reist árið 1909 og var það 126 m2 að stærð. Þar segir einnig: "Í þessum húskynnum bjó Lárus S. Tómasson til dauðadags árið 1917. Auk bóksölu í kjallaranum og gjaldkerastöðu í bankanum kenndi Lárus á hljóðfæri […] hús hans var miðstöð tónlistarlífs í kaupstaðnum […]. Sigurður Baldvinsson [eignast húsið árið 1918], póstmeistari byggði eina hæð ofan á Lárusarhús, reif viðbygginguna og steypti kjallarann áfram inn eftir og byggði á hinn stigahús og svalir, sömuleiðis bakinngang sem tengdi báðar hæðirnar. Sigurður bjó sjálfur á þessari nýju hæð, leigði út miðhæðina og kjallarann, nema þann hluta sem var pósthús […]. Ingunn Pétursdóttir keypti efri hæðir hússins árið 1943. Hún breytti efstu hæðinni í gistiaðstöðu og þeirri neðri í veitingasal og eldhús […]. Þar voru auk gistihús og veitingasölu, haldnir dansleikir, árshátíðir og hvers konar mannamót

[…]. Hótelið varð miðpunktur hins litríka mannlífs síldaráranna.” Hótel Snæfell hefur haft mörg ólík hlutverk í gegnum tíðina en þar er nú (2018) hótelrekstur.

Malbikað plan er suðvestan við húsið á lóð við Austurveg 1 þar sem aldrei hefur staðið hús. Þar var hinsvegar bensínstöð á síðustu öld. Húsið er á flatlendri gróinni lóð. Hellulögð stétt er meðfram húsinu að suðvestanverðu og að húsabaki. Þar er einnig áttstrendur steyptur grunnur.

Hótel Snæfell er mjög reisulegt hús sem er vel við haldið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 56-59; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:166 *Nýlenda* hús bústaður 733025 538250



Nýlenda 249:166, horft til vesturs.

Húsið Nýlenda stendur við Austurveg 5. Það hefur einnig gengið undir nöfnunum Árnahús, Á Ósi, Litla-búð og Hermes. “Árni Þórðarson tómthúsmaður byggði húsið upphaflega á Þórarinsstaðareyrum og kallaði Nýlendu (sennilega 1898). Aldamótaárið 1900 flutti hann húsið og endurreisti á lóð í Seyðisfjarðarkaupstað. Lóð þessi var næst innan við ferjustaðinn Ós [156]. Árni notaði húsið í fyrstu einungis til íbúðar en lengdi það 1907 og setti upp kramvöruverslun í nýbyggingunni. Hann kallaði verslunina Hermes [...]. Húsinu var lýst í húsvirðingu frá árinu 1900: “[...]. Það er sundur skilið í þrjú herbergi og eldhús [...]. Í brunabótamati 1917 má sjá eftirfarandi herbergjaskipan lýst. “Niðri: 2 stofur, 2 svefnherbergi 1 eldhús og gangur. Uppi: 2 svefnherbergi, 1 eldhús,1 geymsluherbergi og gangur”,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í sama riti kemur einnig fram að húsið var 65 m2 að stærð.

Sléttuð grasflöt er í kringum húsið. Mjög stutt er á milli þess og Flateyjarhússins við Austurveg 7 þar sem Gamli-Ós 349 var áður.

Húsinu er vel við haldið og er það notað sem íbúðarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 60-61; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:167 *Ós* hús bústaður 733058 538269

Húsið Ós stendur við Austurveg 9. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist árið 1908 og var það 63 m2 að stærð. Þar segir einnig: “Ós er gamli ferjustaðurinn [156] yfir Fjarðará. Stefán Runólfsson smiður byggði hið nýja og glæsilega hús sitt kippkorn



Ós 249:167, horft til norðvesturs á vinstri mynd en ANA á hægri mynd.

utan við gamla Ósbæinn [349], sem hann hafði nýlega keypt og fluttist nafnið yfir á nýja húsið […]. Engin starfsemi hefur verið í húsinu í áranna rás, nema hvað Guðrún rak myndbandaleigu í útihúsi [159] frá Ósi. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1908: […]. Undir öllu húsinu er kjallari úr steinsteypu. Í húsinu eru fjögur herbergi, eldhús og forstofa [...]. Ós var byggður í anda norsku sveitserhefðarinnar og frá upphafi klæddur utan með bárujárni."

Slétt grasflöt er í kringum húsið en tré vaxa á lóðinni næst Austurvegi. Aftan við húsið er malarplan og svo tvö stök hús. Annað skúr og þurrkhjallur 372 og hitt er lítill bárujárnsskúr með viðbyggingu. Líklega húsið þar sem myndbandsleigan var rekin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 64-65; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:168 *Helgahús* hús bústaður 733071 538277



Helgahús 249:168, horft til suðausturs.

Helgahús stendur við Austurveg 11. Fyrsta húsið sem byggt var á lóðinni reis árið 1893 og er eitt af þremur húsum við Austurveg sem sjást á ljósmynd eftir Eyjólf Jónsson og tekin var á árabilinu 1893-1895. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir um húsið: "Helgi Halldórsson byggði fyrst hús á þessum stað sem er svo lýst í virðingabók frá 1893: "10 álna langt 5 1/2 breitt, 5 álna hátt. Hús þetta er með torf og grjótveggjum, þakið er pappalagt 1/2; það er virt á 600 kr."" Helgi þessi sem reisti þetta hús byggði annað hús á lóðinni árið 1907 og var það timburhús. Gert er ráð fyrir því að húsin hafi staðið á sama stað og því eru þau skráð á eitt númer. Einnig er fjallað um yngra húsið í Húsasögunni: "Árið 1907 byggði Helgi nýtt hús á lóðinni og er því svo lýst í virðingabók sama ár: "Hús Helga

Halldórssonar á Ósi í Seyðisfjarðar kaupstað 12 1/2x10 álnir að stærð, 10 álnir á hæð. Það er með timburgrind, klætt utan með borðum, tvíklætt með pappa á milli. Þakið er úr plægðum borðum með pappa og járni yfir. Það er að mestu leyti innréttað uppi og niðri [...]. Í húsinu niðri eru 4 herbergi, eldhús og forstofa. Á loftinu eru 6 herbergi og gangur. Í húsinu er múrpípa frá grunni og upp í gegnum mæni; í hana ganga 4 ofnar og 1 eldavél. Bakvið öll eldstæði eru töflur steyptar úr sementi. Undir nokkrum parti af húsinu er kjallari. Vatnsleiðsla er í húsinu."" Húsið hefur verið nýtt sem íbúðarhús en kaffisala var í því á stríðárunum. Í Húsasögunni kemur einnig fram að húsið sé mjög breytt frá upphaflegri gerð en sé enn mikilvægt fyrir timburhúsaröðina við Austurveg.

Húsið er í ræktarlegum garði. Þar er slétt grasflöt og hellulagt bílastæði er á milli Austurvegar 9 og 11. Framan við húsið næst vegi eru birkitré og sjávarmöl á milli þeirra og hússins.

Helgahús er glæsilega uppgert hús með viðarklæðningu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 66-67; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:170 hús skemma 733063 538288



Geymsluhús 249:170, horft til norðurs.

Gömul, lítil skemma er á lóð Helgahúss við Austurveg 11. Aldur hússins er ekki þekktur. Þess er ekki getið í Fasteignamati frá 1916-1918 og er að öllum líkindum yngra en það. Húsið er ekki sýnt á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 en er á korti Jóns Víðis frá 1925. Í myndatexta í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar undir mynd af húsinu segir að þetta sé geymsluhús sem verið sé að breyta í vinnustofu.

Húsið er í grónum garði á sléttri grasflöt.

Húsið er á steyptum grunni með viðarklæðningu. Það snýr ANA-VSV eins og flest önnur hús við Austurveg. Á SSA-hlið eru dyr með tvöfaldri hurð. Gluggar eru sitt hvoru megin við dyrnar og að auki eru tveir gluggar á NNV-hlið. Byrgt er fyrir alla glugga nema vestari gluggann á framhliðinni (SSA-hlið). Þetta hús er farið að láta á sjá og virðist ekki í notkun.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 67; Kort Jóns Víðis 1925

NM-249:171 þúst fjós 733141 538272


Fjós var á lóðinni hjá Imslandshúsi 351 og er húsavirðing þess frá 1896 birt í Húsasögu





Óljós ummerki um fjós 249:171 við Imslandshús 249:351, horft til VSV á ljósmynd.

Seyðisfjarðarkaupstaðar: ““[...] Fjós tilheyrandi sama: 12 álna langt, 10 ál breitt 8 ál hátt. Veggirnir eru úr torfi og grjóti en þakið úr timbri með pappi yfir. Í því er afhólfað fjós handa 2 kúm og hitt geymslupláss bæði fyrir hey og ýmislegt.”” Í Fasteignamati frá 1916-1918 er geymsluhús og fjós á lóðinni sem ekki er úr torfi og grjóti en ætla má að hafi verið á sama stað: “Geymsluhús og fjós, stærð l. 7,6, br. 6,3. h. 5,2 (v.j. 1,8). Grindarhús, þak pappaklætt, veggir að mestu járnklæddir. Aldur hússins 21 ár.” Fjós úr torfi og grjóti virðist því ekki hafa staðið lengi. Í Fasteignamatinu kemur einnig fram að á lóð Imslandshúss var safngryfja: “Safngryfja með trjeþaki, stærð 3,6x4,2 m.” Ætla má að hún hafi verið við fjósið og að mykju hafi verið safnað í hana. Fjósið var um 15 m ANA við Imslandshús 351. Þar sést lág bunga á sléttaðri grasflöt. Gert er ráð fyrir að fjós úr torfi og grjóti sem lýst er í húsavirðingu hafi verið á sama stað og timbur



Gömul mynd sem sýnir fjós 249:171. Höf. óþ.


Ummerki um fjósið eru á auðri lóð við Austurveg 18 og ekki lengur innan lóðarinnar sem Imslandshús er á. Á auðu lóðinni er sléttuð grasflöt en þó sjást ójöfnur í grasflötinni þar sem fjósið stóð.

Ummerki um fjósið eru á svæði sem er 16,5x9,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þar er lág hæðarbunga sem er 0,2 m á hæð. Hún mjókkar lítillega til SSA enda. NNV við mitt svæðið er grunn lægð sem er rétt rúmir 3 m í þvermál innanmáls. Mögulega mótar þar fyrir innanmáli fjóssins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 70; Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 145

NM-249:172 heimild um skemmu 733129 538256



Mannvirki á lóð Imslandshúss 249:351 á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Geymsluhús 249:172 er innan rauðs hrings á kortinu.



Geymsluhús 249:172 sést líklega á þessari mynd sem tekin var á 3. áratug síðustu aldar og birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 26. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er hús teiknað 10 m suðaustan við Imlandshús 351, upp við girðingu sem afmarkaði lóð hússins. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er talið upp geymsluhús og er líklegt að það sé þetta hús á kortinu: “Geymsluhús, stærð l. 5,10, br. 2,6, h. 2,2 grindbyggt, þak pappaklætt, veggir úr timbri. Aldur. 6 ár [...]. Húsið er skúrbyggt.” Hús þetta er horfið og var það líklega rifið.

Geymsluhúsið var í SSA jaðri lóðar Imslandshúss þar sem nú er húsagarður. Garðurinn er gróinn og í honum vaxa tré, runnar eru á lóðamörkum og blómabeð er þar sem geymsluhúsið stóð.

Engin ummerki um húsið sjást lengur. Fast SSA við lóðmörkin þar sem húsið stóð er lítið hús sem virðist nýtt sem bílskúr og tilheyrir lóð við Austurveg 12B. Verið getur að leifar af geymsluhúsinu hafi raskast þegar það hús var byggt.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 145

NM-249:173 hús bústaður 733087 538280

Við Austurveg 13 stendur hús sem Jón Jónsson snikkari reisti árið 1900. Umfjöllun um húsið er í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1902: “Hús Jóns Jónssonar snikkara, sunnan Fjarðarár í Seyðisfjarðarbæ, 10 al langt 7 al breitt, 8 al hátt, bggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum með spónþaki yfir öðrum megin og járni hinum megin. Kjallari er undir húsinu. Niðri í húsinu eru 3 herbergi, eldhús og forstofa. Á loftinu eru afþiljuð 2 herbergi, neðri partur veggjanna er hlaðinn upp úr múrsteini milli þilja.”” Í Húsasögunni kemur einnig fram að viðbygging var reist við húsið eftir 1920 og að húsið hafi verið 57 m2 að stærð.



Hús 249:172 við Austurveg 13, horft til SSV á vinstri mynd en norðausturs á hægri mynd.

Húsið er á flatlendri gróinni lóð. Framan við húsið er lítil grasflöt og ofan við hana, næst Austurvegi, er upphlaðið trjá- og blómabeð. Einnig eru tré ofan við húsið á lóðamörkum milli Austurvegar 13 og 15. Hellulögð stétt er að húsabaki. Malarvegur liggur á milli Austurvegar 11 og 13 að Myndahúsinu 174 við Austurveg 13B.

Húsið er bárujárnsklætt og hefur verið gert upp á smekklegan hátt. Það er nýtt sem íbúðarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 70; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:174 *Myndahúsið* hús bústaður 733082 538300



Myndahúsið 249:174, horft til norðvesturs.



Mynd sem sýnir flutning Myndahússins yfir fjörðinn frá Vestdalseyri. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Myndahúsið stendur við Austurveg 13B en var áður inni á Vestdalseyri, sjá NM-252:093. Nafnið fékk húsið af því að Hallgrímur Einarsson myndsmiður byggði húsið upphaflega á Vestdalseyri og var þar með ljósmyndastofu. Ekki er vitað hvenær húsið var reist en fyrsta virðing á því fór fram árið 1897 og er birt í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í því riti kemur fram að Jón Sigurðsson kennari hafi keypt húsið árið 1903 og leigði áfram ljósmyndastofu

til ljósmyndara. Jón lét flytja Myndahúsið inn í Seyðisfjarðarkaupstað árið 1912 og er þeirri framkvæmd lýst í Húsasögunni: “Árný Stígsdóttir minnist þessarar framkvæmdar á þá leið, að margir menn hafi dregið húsið niður að sjó á plankagrind. Þetta var gert á fjöru og húsið látið flæða upp og það dregið á mótorbáti inn á Leiru. Þar stóð það einhvern tíma áður en því var komið fyrir á steinsteyptum kjallara þar sem það stendur í dag. Húsið var nokkuð endurbætt samhliða flutningunum, meðal annars var byggt við það forskyggni við bakdyr [...]. Seinna var þetta forskyggni stækkað og gert að herbergi og baði.”


Myndahúsið er aftan við hús númer 13 við Austurveg á flatlendri gróinni lóð í rækt.

Húsið er smekklega upp gert.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 70; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:175 *Fangahús* heimild um fangelsi 732856 538408



Fangahúsið 249:175 innan rauðs hrings. Aftan við húsið sjást braggar í Camp Cunningham 249:527. Höf. óþ.



Fangahúsið frá öðru sjónarhorni innan hrings. Myndin er tekin á fyrri hluta síðustu aldar. Aftan við húsið sést afgirtur garður 249:394. Höf. óþ.

Fangahús stóð við Oddaveg 4. Það var rifið á fyrri hluta 8. áratugar síðustu aldar. Í Fasteignamati 1916-1918 er húsinu lýst þannig: “Fangahúsið stærð, l. 6,23. br. 4,6, h. 4,84 (vh. 2,8 m). Timburhús (grindarhús) Þak og veggir járnvarið. Aldur 13 ár.” Húsið var því reist 1903 ef gert er ráð fyrir því að mæling hússins hafi farið fram 1916. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Ekki munu langtímafangar hafa verið vistaðir í fangahúsinu, heldur skotið þar inn drukknum mönnum og ólátabelgjum [...]. Á lofti fangahússins var lengst af íbúð. Fangelsi þetta var starfrækt fram undir 1950. Eftir það var fangahúsið, ásamt slökkviáhaldaskúr við austurenda þess, leigt út sem íbúðarhúsnæði [...]. Í brunabótamati frá 1929 er húsinu svo lýst: “Fangahús, 3 fangaklefar niðri. Gangur þvert yfir húsið. Úr ganginum upp á loftið er stigi og á loftinu eru 3 herbergi og gangur [...].”” Slökkviáhaldaskúrnum er einnig lýst í Fasteignamati frá 1916-1918: “Hús stærð l. 5,9, br. 4,6. h. 3,3 m. Timburhús (grindbyggt) Þak og veggir járnvarið. Aldur 11 ár.” Skúrinn hefur því verið reistur árið 1905.

Sléttuð en ójöfn grasflöt er þar sem húsið stóð, sunnan við spennustöð Rarik, á þríhyrningslaga


flöt á milli tveggja gatna sem báðar tilheyra Oddagötu.

Í grassverði má sjá möl en engar byggingaleifar sjást á yfirborði. Þær kunna þó að leynast undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 310; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 92

NM-249:176 heimild um kálgarð 733084 538288



Staðsetning kálgarðs 249:176 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er líklega teiknaður lítill kálgarður frekar en hús aftan (NNV) við hús Jóns Jónssonar snikkara við Austurveg 13, sjá hús 173. Hann var upp við kálgarð 360 á lóð Myndahússins 178 sem stendur við Austurveg 13B. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um 26 m2 matjurtagarð á lóð húss 173 við Austurveg 13.

Kálgarðurinn var þar sem hellulögð stétt og malborið svæði er aftan við húsið við Austurveg 13.

Engin ummerki sjást lengur um kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 141

NM-249:177 *Efri-Borgarhóll* heimild um bústað 733121 538323



Efri-Borgarhóll 249:177. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 78. Höf. óþ. Eig. Einar Vilhjálmsson.

“Fyrir norðan þessi hús öll [Lyfjabúðina (160), Bjarka (163) og Imslandshús (351)] sést lítil rák hvít. Það er vegurinn út eftir [Austurvegur 366], en fyrir neðan hann nær sjónum sjást tvö lítil þil saman: Það er Ós [349], bærinn, þar sem Einar gamli var, en bak við ber við sjóinn hús Jóhanns Jónssonar kaupm. [(Efri-) Borgarhól] neðan götu,” segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903. Efri-Borgarhóll var með elstu húsum við Austurveg og stóð við Austurveg 17. Húsið var byggt árið 1890 og

brann árið 1973. Á lóðinni stendur hús sem byggt var árið 1988. Efri-Borgarhóll var eitt þriggja húsa sem risin voru við Austurveg og sjást á ljósmynd eftir Eyjólf Jónsson sem tekin var á árunum 1893-1895. Ítarlega er fjallað um Efri-Borgarhól í Húsasögu Seyðisfjarðakaupstaðar. Þar segir m.a.: "Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1891: "Hús, er Bjarni Sigurgeirsson hefur byggja látið sunnan Fjarðarár; íbúðarhús úr timbri 12 ál langt, 9 ál breitt, 9 1/2 al hátt; borðklætt utan og innan með pappi á þaki. Niðri 3 herbergi og eldhús; á lopti 4 herbergi; undir húsin kjallari 5 álnir á hvern veg. [...] Áfast við annan enda hússins er byggt annað hús 7 1/2 alin á lengd og jafnbreitt íbúðarhúsinu, en 4 1/2 alin á hæð einnig úr timbri með timburgólfi." Árið 1906 var búið að lengja húsið í 20 álnir." Í húsinu var rekin prentsmiðja á árunum 1920-1934. Í Húsasögunni er húsið Efri-Borgarhóll sagt hafa verið reist árið 1890 en í Fasteignamati frá 1916-1918 er það sagt vera 30 ára gamalt eða frá því 1886-1888. Efri-Borgarhóll var um 15 m ofan við Neðri-Borgarhól 178 þar sem nú er slétt grasflöt í garði hússins sem byggt var 1988 og stendur við Austurveg 17. Húsið Efri-Borgarhóll var ekki samsíða Austurvegi ANA-VSV, heldur sneri það norðaustur-suðvestur eins og Neðri-Borgarhóll 178 og Gamli-Ós 349.

Húsið var á flatlendri gróinni lóð þar sem yngra steinsteypt hús stendur.

Engin ummerki sjást um Efri-Borgarhól.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 95; Ljósmynd Eyjólfs Jónssonar 1893-1895; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 78-79; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 143

NM-249:178 *Neðri-Borgarhóll* hús bústaður 733117 538335

Húsið Neðri-Borgarhóll er við Austurveg 17B, 10 m neðan við Efri-Borgarhól 177 sem brann árið 1973. Ítarlegar upplýsingar um húsið og sögu þess er að finna í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Húsið var upphaflega reist á Vestdalseyri af Eyjólfi Þórarinssyni, sennilega um 1890 [sjá Eyjólfshús NM-252:051]. Árið 1919 seldi Eyjólfur, Kristni Guðmundssyni húsið, ásamt útihúsum [NM-252:095] á 2500 kr. Aðeins 2 árum síðar keyptu þeir Sigurður Björnsson og Jón Böðvarsson smiðir húsið, rifu og fluttu til Seyðisfjarðarkaupstaðar á svokallað Borgarhólstún, neðan við gamla Borgarhólshúsið [177] [...]. Húsið tók miklum breytingum við flutninginn, var lengt úr 3 m í ca 8,6 m, auk þess sem byggður var við það geymsluskúr í sömu breidd [...]. Þessi geymsluskúr hefur ýmist verið notaður til smíða, geymslu eða sem fjós, og jafnvel var búið á efri hæð hans um tíma, þó óinnréttað væri." Í Fasteignamati frá 1916-1918 var húsið enn í landi Vestdals



Neðri-Borgarhóll 249:178, horft til SSA.

og þar er því lýst svo: “Íbúðarhús: Stærð l. 6,45 m., br. 5,15 m., h. 4,4 m. (vegghæð 3,1 m). Timburhús (bindingsverk) Þakið pappklætt, en veggir járnvarðir. Aldur um 25 ár.”

Húsið er á gróinni, flatlendri lóð með ræktarlegum garði, trjágróðri og runnum.

Húsið Neðri-Borgarhóll hefur verið gert upp á vandaðan hátt. Í húsinu er rekin listmunasala (2018).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 80-81; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 19

NM-249:179 hús bústaður 732832 538422

Steinsteypt hús stendur við Oddagötu 4b. Það var byggt árið 1920 af Sigurði Björnssyni



Hús 249:179 við Oddagötu 4b, horft til austurs.



Hér sést húsið við Oddagötu 4b innan rauðs hrings á mynd sem tekin er á fyrri hluta síðustu aldar. Höf. óþ.

húsasmíðameistara. Húsið er á mörkum þess að teljast til fornminja. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir um húsið: “Sigurður [...] byggði húsið að Oddagötu undir trésmíðaverkstæði sitt og íbúð fyrir sveina þá sem hann hafði í læri. Sigurður bjó sjálfur í Gamla skóla [179]. Við bakhlið hússins var fjós. [...] Húsi Sigurðar er svo lýst í brunabótamati frá 1932: “Íbúðarhús og smíðaverkstæði, steinsteypt, einlyft, portbyggt með kvisti. Niðri ekkert sundurgreint. Uppi: Sundurþiljað [...] 3 herbergi, 1 eldhús og gangur. Við húsið er byggt geymsluskúr og fjós og þar utan á rimlahjallur og áburðarhús.”””

Gróinn garður er umhverfis húsið og nýlegt grindverk er í kringum garðinn.

Unnið var að endurbótum á húsinu þegar vettvangskönnun fór fram sumarið 2017. Búið var að skipta um þak á því og verið var að klæða það að utan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 311-312

NM-249:180 heimild um skemmu 733075 538306

Geymsluskúr var neðan við Myndahúsið 174 við Austurveg 13B. Um hann segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Snotur geymsluskúr tilheyrir húsinu, en það einkennir einmitt þessa aldamótabyggð við lónið að baka til við húsin er komið fyrir ýmist skúrum eða hjöllum eða hvoru tveggja. Gefur þetta byggðinni skemmtilegan svip.” Ekki er vitað hversu gamall þessi skúr var en hans er ekki getið í Fasteignamati frá 1916-1918 og hann er ekki heldur teiknaður á kaupstaðarkort frá 1915-1920. Skúrinn er horfinn og hefur líklega verið rifinn.



Skemma 249:180 sést á þessari mynd aftan við Myndahúsið við Austurveg 13b. Höf. óþ.

Flatur stallur með sjávarmöl er þar sem skúrinn stóð og á stallinn hefur ýmsum stórum járnstykkjum verið komið fyrir.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 74

NM-249:181 *Kristínarskúr* heimild um bústað 733223 538359

Húsið Kristínarskúr, einnig nefnt Litli Bakki, stóð við Austurveg 25 en var rifinn rétt fyrir stríð, eins og fram kemur í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Á hernámsárunum stóðu tveir



Kristínarskúr 249:181. Myndin var tekin af Sigurði Guttormssyni árið 1920. Eigandi MFA (Menningar og fræðslusamband alþýðu).



Gömul mynd sem tekin var yfir Lónið á fyrri hluta 20. aldar. Á myndinni sést Kristínarskúr innan rauðs hrings. Höf. óþ

Bretabraggar 182 á lóð Kristínarskúrs. Í Húsasögunni segir að óvíst sé um byggingarár skúrsins en í Fasteignamati frá 1916-1918 er hann sagður 21 árs gamall og hefur því verið reistur á tímabilinu 1895-1897. Í Fasteignamati segir einnig: “Íbúðarhús, stærð l. 4,55. br. 3. h. 2,5. Grindarhús, þak og gaflar járnklætt, hliðarveggir trjeklæddir.”

Á lóð Kristínarskúrs er slétt malarplan í mjög aflíðandi halla frá Austurvegi niður að sjó til

NNV.

Engin ummerki um húsið sjást lengur vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 90; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 149

NM-249:182 heimild um herminjar 733221 538351

“Kristínarskúr [181] stóð skammt fyrir innan Vinaminni [183] [...]. Rétt fyrir stríð var skúrinn rifinn. Á hernámsárum stóðu á lóð hans tveir Bretabraggar,” segir í Húsasögu



Braggar 249:182 við Austurveg sjást lengst til vinstri á þessari mynd sem tekin er upp úr miðri síðustu öld. Höf. óþ.



Á mynd sem tekin er af svölum Steinsholts 249:157 sést braggi á lóð Kristínarskúrs 249:181 við hlið Vinaminnis 249:183. Höf.óþ.

Seyðisfjarðarkaupstaðar. “Fyrir neðan veginn, rétt hjá Steinholti [157] voru og skálar,” segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Í Fornleifaskráningu Seyðisfjarðar eftir Bjarka Borgþórsson er gefið til kynna að fleiri en tveir braggar hafi staðið á lóð Kristínarskúrs: “Nokkrir skálar voru byggðir á svæðinu en tveir af þessum skálum stóðu enn árið 1965-66.” Nákvæm staðsetning herbragganna er ekki þekkt en líklega voru þeir á sama stað og Kristínarskúr en hafa náð lengra upp að Austurvegi, verið nær veginum en Kristínarskúr.

Á lóð Kristínarskúrs er slétt malarplan í mjög aflíðandi halla frá Austurvegi niður að sjó til NNV.

Engin ummerki um braggana sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 90; Hernámsþættir, 42; Bjarki Borgþórsson, 76

NM-249:183 *Vinaminni* hús bústaður 733255 538368

Húsið Vinaminni stendur við Austurveg 29 og var reist árið 1900. Umfjöllun um húsið er að



Vinaminni 249:183, horft til NNA á vinstri mynd en til vesturs á hægri mynd.

finna í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Guðjón Hermannsson byggði húsið aldamótaárið 1900. [...]. Árið 1920 eignaðist Rósa Vigfúsdóttir saumakona húsið og rak þar saumastofu. [...]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1901: “Það er 9 1/2x7 1/2 og 7 1/2 al á hæð; það er byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum; þakið úr borðum með pappi yfir. Niðri í húsinu eru 2 herbergi og eldhús. Á milli þilja er asfalt-stopp. Á loftinu er óinnrjettað. Í húsinu er múrpípa og 1 eldavél. Undir húsinu á að vera kjallari. [...].” Húsið hefur lítið breyst frá því að þessi virðing var gerð og fram á þennan dag. Kjallarinn er lítil gryfja undir eldhúsgólfinu. Uppi á loftinu voru innréttuð tvö herbergi. Húsið er ekki portbyggt svo illa rúmast á efri hæðinni. Tveir skúrar voru byggðir við húsið, annar að neðanverðu en hinn við útendann. Eins og önnur hús var Vinaminni klætt utan með bárujárni þegar timburklæðningin fór að ganga úr sér. Vinaminni er dæmigert þurrabúðarhús frá aldamótunum og hefði verið gaman að varðveita það sem slíkt, en nýir tímar útheimta annað og þægilegra fyrirkomulag.”

Húsið stendur ofarlega á vel hirtri lóð. Það var áður alveg niður við sjó eða fram til 2004 þegar mikil landfylling var gerð neðan við það. Austurvegur liggur talsvert hærra nú en hann gerði áður fyrr og er allbrattur kantur niður að húsinu frá veginum.

Vinaminni er á hlöðnum grunni. Þetta er fallegt lítið hús sem hefur verið gert upp. Fjós fyrir eina kú var áfast húsinu en það var rifið um 1970.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 92-93; Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:192 *Rauðakrossskálinn* hús herminjar 732879 538441

Stór braggi sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum í gegnum tíðina er við Oddagötu 2 ásamt braggagrunni 527. Á þessu svæði var stórt braggahverfi í seinni heimsstyrjöldinni en þetta eru einu heillegu leifarnar af því. Í bókinni Fremstu víglínu kemur fram að hverfið nefndist Camp Cunningham. Af öllum þeim bröggum sem reistir voru á Seyðisfirði á stríðsárunum er Rauðakrossskálinn sá eini sem enn stendur. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er ítarleg umfjöllun um Rauðakrossskálann: “Þeir voru upphaflega tveir samkomuskálarnir sem Bretarnir



Rauðakrossskálinn 249:192, horft til norðurs



Rauðakrossskálinn sést innan rauðs hrings. Á myndinni sjást fleiri braggar í Camp Cunningham 249:527. Höf. óþ.

byggðu á Rekdahlslóðinni, en annar brann skömmu eftir stríð [líklega þar sem braggagrunnur 527 er]. Þegar Ameríkanar tóku við setuliðsvaktinni 1942, voru skálarnir settir undir ameríska Rauða krossinn. Hann notaði skálana til samkomuhalds. Þegar herinn fór, ánafnaði hann seyðfirsku Rauðakrossdeildinni húsin og voru þau áfram notuð til skemmtanahalds. Voru þar bæði leiksýningar, dansleikir og aðrar samkomur svo sem tombólur [...].” Eftir að félagsheimilið Herðubreið var byggt árið 1957 hefur bragginn verið notaður sem geymsla eða bílaverkstæði.

Malarplan og órækt er í kringum Rauðakrossskálann og braggagrunn 527.

Rauðakrosskálinn er heillegur. Smíðaður hefur verið nýr norðausturgafl í hann með stórum dyrum fyrir verkstæðisrekstur. Steyptir veggir eru í grunni braggans sem eru 0,5 m á hæð. Múrhúð á suðausturhlið er að brotna af. Dyr eru á suðausturhlið og tveir glerjaðir gluggar sitt hvoru megin. Aðrir gluggar eru byrgðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 303-304; Fremsta víglína, 43

NM-249:193 *Rekdahlshús* heimild um bústað 732852 538445

Á lóð við Oddagötu 2a stóð Rekdahlshús sem brann árið 1919 ásamt Nýjubúð og Nielsensbúð. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “Þá ber næst á myndinni lítið hús í annað lengra. Litla húsið er kallað Reykdalshús. Það stóð áður úti með firði. Það á Þórarinn kaupm. og leigir. Þar vóru fyrst Austri og Skafti, síðar prentsmiðja Bjarka og nú er þar skófélagið. Það félag er tveggja ára og kvað varla »geta gengið« fyrir skóleysi. Langa húsið er Neðribúðin [399].” Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er ítarleg umfjöllun um húsið: “Það var upphaflega byggt á Vestdalseyri um miðja 18. öldina af Norðmanninum P. Rekdahl [sjá NM-252:097]. Það mun hafa verið Þórarinn Guðmundsson sem flutti húsið inn á Fjarðaröldu 1889. [...]. Húsið var töluvert stækkað þegar það var flutt inn á Fjarðaröldu. Í húsavirðingu frá 1905 er því lýst þannig: “[...] 22x12 álnir að stærð. Útbygging við eldhúsdyr [...]. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, eldhús og forstofa. Skilrúmin niðri í húsinu eru úr 4 þumlunguma plönkum. Á loptinu eru 4 herbergi, 1 skákompa og gangur.”” Þegar Húsasagan kom út árið 1995 stóð



Rekdahlshúsið 249:193 sést lengst til hægri á þessari mynd en Neðribúð 249:399 er á miðri mynd. Höf. E. Chouillon (Þjóðminjasafn Íslands).



Grunnur Rekdahlshússins sést innan rauðs hrings á mynd sem tekin var á fyrri hluta síðustu aldar. Höf. óþ.

grunnur Rekdahlshússins enn. Engin ummerki hússins sáust á yfirborði við vettvangskönnun sumarið 2017. Rekdahlshúsið var á lóð á milli húsa við Oddagötu 4b og 4e. Það stóð á milli kálgarðs 402 og trjágarðs 400 sem sýndir eru á korti af kaupstaðnum frá 1915-1920. Af lýsingum að dæma var Rekdahlshúsið bæði notað sem íbúðarhús og fyrir ýmsan rekstur, eins og skóviðgerðir og blaðaútgáfu.

Sléttuð grasflöt er þar sem húsið var.

Engin ummerki um Rekdahlshúsið sjást á yfirborði en grunnur þess kann enn að vera undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 88; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 305; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:200 *Garðarsvegur* heimild um leið 733025 538080

"Hólmi [201] átti sína heimreið [199] sem lá frá svæðinu á bak við barnaskólann [154], en Álfhóll [204], Árnastaðir [234] og Sólheimar [235] áttu heimreiðar frá Garðarsvegi […]. Það var hið nafntogaða Garðarsfélag sem lagði Garðarsveginn með Fjarðará sunnanverðri inn að tilbúnu vatni eða tjörn [233] með sama nafni," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Garðarsvegur er teiknaður inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og lá hann þá á milli Garðarstjarnar og Suðurgötu 331. Garðarsvegur liggur NNA-SSV, nokkurn veginn á sama stað og hann gerði í byrjun 20. aldar. Þó hafa orðið breytingar á honum í norðurenda þar sem hann liggur af Suðurgötu. Í stað þess að sveigja til norðurs að barnaskólanum 154 við Suðurgötu, heldur hann sömu stefnu í NNA að Suðurgötu. Eins heldur Garðarsvegur nú áfram meðfram Garðarstjörn og endar sunnan við hana en náði áður aðeins að tjörninni.

Vegurinn liggur um fremur flatlent svæði í íbúðabyggð þar sem hann er malbikaður að Garðarstjörn. Frá tjörninni er vegurinn malarvegur en við þann hluta er engin íbúðabyggð að fráskildu einu húsi sunnan við Garðarstjörn þar sem vegurinn endar.

Garðarsvegur er kominn undir yngri veg og sjást ekki lengur leifar af gamla veginum. Á lóðinni við Suðurgötu 6 sést þó hvar vegurinn lá áður frá barnaskólanum til suðurs. Þar er hellulagður göngustígur sem er 56 m á lengd og um 2 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 132; Kaupstaðarkort IX 1915-1920

NM-249:205 heimild um fjós 732892 538479

Í Fasteignamati frá 1916-1918 eru talin upp fimm hús fyrir utan Neðribúð 399 sem tilheyrðu versluninni: "b. Vörugeymsluhús [...] [líklega sama og Nýja-Glasgow, sjá 124] c. Fiskgeymsluhús [...] [mögulega sama og hús 125 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] d. kolageymsluhús [...] [mögulega hús 378 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] e. Fjós og hesthús [...] [þau hús sem hér eru skráð] aldur 73 ár, þó flutt úr stað [mögulega hús 404 sem sýnt er á kaupstaðarkorti frá 1915-1920] og endurbætt á því tímabili f. Kjöttökuhús. [...] [031]." Húsið sem notað var sem fjós og hesthús og byggt var upphaflega árið 1845 er að öllum líkindum það hús sem var norðan við Mörbúðina 031 og sést á gamalli ljósmynd sem tekin var af Eyjólfi Jónssyni 1893-1895. Þar er nú (2017) slétt malarplan og engin ummerki sjást um húsið. Eins og fram kemur í Fasteignamatinu var húsið flutt og má ætla að það hafi verið flutt innan lóðar verslunarinnar sem náði út fyrir Glasgow 124. Innan þeirrar lóðar er sýnt hús á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 sem líklegt er að hafi gegnt hlutverki fjóss og hesthúss, sjá 404 [utan verndarsvæðis í byggð].



Fjós og hesthús 249:205 voru að líkindum í húsinu sem sést innan rauðs hrings á mynd sem Eyjólfur Jónsson tók 1893-1895 (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 68; Ljósmynd Eyjólfs Jónssonar 1893-1895

NM-249:206 *Skemman* heimild um bústað 732934 538409

Skemman eða Jensarhús stóð á horni Bjólfsgötu og Öldugötu, við Bjólfsgötu 1. Þar reis síðar

hús 045 sem enn stendur á lóðinni. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “Þar [hjá bryggju Rassmussens 121] gengur gatan vestur úr fyrir sunnan Sýslumannshúsið [301]. Þar sunnan götu við lónið er húsaþyrping. Þar eru fyrst útihús, en svo Gíslahús Jónssonar gullsmiðs [208] [...]. Þar við Lónið er og Smiðjan. Hana á Jens gamli, myndar-karl.” Ætla má að Smiðjan sem nefnd er í greininni sé sama hús og Skemman. Smiðjan og útihúsin sem nefnd eru voru líklega á sama eða svipuðum stað og eru skráð saman hér. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er ítarleg umfjöllun um Skemmuna: “ Ekkert er vitað hvenær Jens Halldórsson gullsmiður byggði “Skemmuna” við Bjólfsgötu 1, en hennar er fyrst getið í manntali 1890 og þá kölluð Jensarhús. Jens bjó ásamt fjölskyldu sinni á lofti Skemmunnar, en niðri var fjós. [...].” Jón G. Jónasson málarameistari keypti húsið og lóðina árið 1917 og hafði málningarverkstæði í húsinu. Hann byggði húsið sem stendur á lóðinni (2017), árið 1922, sjá 045. Í Húsasögunni kemur einnig fram að Jón hafi haft kýr í Skemmunni og að hún hafi staðið eitthvað fram yfir 1930. Húsinu er lýst í Fasteignamati frá 1916-1918: “Skemman, notuð sem fjós og heyloft. Stærð l 5,7. br. 3,7 (v.h. 2,1.). Timburhús (grindarhús[)] Þak pappaklætt. Viðbyggður skúr l. 3,2. br. 2,5, h. 1,8. Aldur hússins um 30 ár.”



Skemman 249:206 sést innan rauðs hrings á þessari mynd sem tekin er yfir Lónið frá lóð Sólvangs við Vesturveg 1. Framtíðin 249:277 er í byggingu og var myndin því líklega tekin árið 1918. Höf. óþ.

Lóðin við Bjólfsgötu 1 er lítil og er hús 045 alveg út við hornið á Bjólfsgötu og Öldugötu. Bak við húsið er lítil grasflöt og gömul tré. Suðvestan við það er malarplan framan við lítinn skúr.

Engin ummerki sjást um Skemmuna og má ætla að hún hafi verið rifin á 4. áratug 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 91; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 144-145; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 82

NM-249:208 *Bóndastaðir* heimild um bústað 732922 538407

Bóndastaðir/Gíslahús stóð við Bjólfsgötu 3, framan við húsið sem stendur á þeirri lóð (byggt 2007). Húsið var rifið árið 1966. Umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Það var upphaflega reist við Liverpool 152 árið 1881 (sjá 207). Eftir snjóflóðið 1885 flutti Gísli Jónsson gullsmiður það að Lóni og var það þá nefnt Gíslahús. Gísli byggði úraverkstæði við húsið fyrir son sinn Friðrik. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1881: Hús[ið] [...] er timburhús 10 ál. langt og 8 ál. breitt með kvisti og kjallara; niðri eru 3 herbergi með eldhúsi með kabyssuofni; uppi er húsið ógjört innan enn þá.” [...]. Í brunabótamati



Bóndastaðir 249:208. Höf. Reynir Valgeirsson.

frá 1917 má sjá virðingu á húsinu fullgerðu með 2 skúrbyggingum við sitt hvorn gafl og dyraskúr fyrir miðju "[...]. Niðri 2 stofur, eldhús og gangur og geymsluherbergi. Uppi 2 herbergi, eldhús og gangur [...]. Skúr áfastur til íbúðar, þar 2 stofur og gangur [...]. Geymsluskúr skipt í tvennt, þar þvottapottur."" Bjólfsgata liggur að miklu leyti yfir svæðið þar sem Bóndastaðir voru en að litlu leyti innan lóðarinnar við Bjólfsgötu 3.

Malbikuð gata er þar sem húsið stóð.

Engin ummerki sjást um húsið vegna niðurrifs og vegagerðar.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 146-147; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Eimreiðin 1903, 91; Bjarki Borgþórsson, 39

NM-249:209 heimild um fjós 732918 538382



Fjós og hesthús 249:206 sést innan rauðs hrings á þessari mynd sem tekin er yfir Lónið frá lóð Sólvangs við Norðurgötu 1. Framtíðin 249:277 er í byggingu og var myndin því líklega tekin árið 1918. Höf. óþ.



Hér sést fjósið og hesthúsið á mynd sem tekin er frá Tanganum. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er stakt hús teiknað á lóð Gömlu Prentsmiðjunnar/Götu 213 við Bjólfsgötu 5, byggt út í Lónið. Þar var að öllum líkindum fjós og hesthús sem er lýst í Fasteignamati frá 1916-1918: "Fjós og hesthús á Fjarðaröldu. Eigandi og notandi bæjarfógeti Jóh. Jóhannesson. 1. Hús, stærð l, 10,65, br. 4,5, h. 5,15 (v.h. 2,9 m). Timburhús (grindarhús) Þak járnvarið. Um 1/3 hússins þurkhús með geymslulofti. Aldur hússins 9 ár. 2. Lóð [...]. Liggur

bakvið Prentsmiðjulóðina [sjá 213]. Mannvirki: Safngrifja stærð 4,5 x 4,5 m.” Ætla má að safngryfjan hafi verið við fjósið og að mykju hafi verið safnað í hana. Landfylling er þar sem húsið var og sjást því engar minjar um það eða safngryfjuna lengur.

Bakki Lónsins hefur breyst talsvert vegna landfyllingar. Göngustígur liggur eftir bakkanum og er hann sléttur og gróinn.

Engin ummerki sjást lengur um fjós og hesthús sem voru bak við Gömlu Prentsmiðjuna. Húsið var rifið eftir 1959 að sögn Rúnars Eiríkssonar, heimildamanns.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 88

NM-249:211 *Nóatún* hús bústaður 732902 538408



Nóatún 249:211, horft til SSV.

Húsið Nóatún stendur við Bjólfsgötu 4. Það hefur lengst af verið notað sem íbúðarhús en síðustu ár hefur einnig verið rekin verslun í húsinu. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “Þar [á myndinni] grámatar á lítið hús bak við [Stefánshús 214] og sést þó varla nema strompurinn. Það heitir Nóatún. Það átti Kristján Nói (Jónsson), sem síðar keypti Auroru [304]. Nú veit eg ekkert hver á. Það hús stóð áður úti hjá Norskubúð [306], en flýði með öðrum snjóflóðin.” Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist einhvern tímann á árabilinu 1860 til 1870. Því var fyrst valinn staður “út við Liverpool [152]” (sjá 210), en var fært inn á Ölduna eftir snjóflóðið 1885. Þar segir einnig: “Í brunabótamati frá 1916 er eftirfarandi lýsing: “[...]. Niðri 1 dagstofa, 2 svefnherbergi og 1 eldhús. Uppi 2 herbergi og gangur [...]. Dyraskúr áfastur [...].” Nóatún hefur í tímans rás tekið ýmsum breytingum. Í kringum 1920 var húsið klætt utan með járnklæðningu með grjóthleðslumunstri, svokölluðu steinblikki, [...]. Friðrik og Unnar [sennilega kringum 1920] grófu út kjallarann og stækkuðu og steyptu veggi. Áður hafði kjallarinn verið lítið jarðhús.”

Húsið stendur á lítilli lóð. Jarðrask er í kringum húsið (2017), líklega vegna endurnýjunar drenlagnar.

Húsið er á hlöðnum grunni og er steinlím í hleðslum. Grunnur kjallari er undir því.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 148-149; Eimreiðin 1903, 90

NM-249:213 *Gamla Prentsmiðjan* heimild um prentsmiðju 732908 538389



Gamla prentsmiðjan 249:213 sést innan rauðs hrings á þessari gömlu mynd á milli Stefánsbúðar 249:221 og Stefánshúss 249:214. Höf. óþ.

Gamla Prentsmiðjan/Gata stóð við Bjólfsgötu 5. Húsið var rifið árið 1974. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir að aldur hússins sé 26 ár og var það því að líkindum byggt árið 1890. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Prentsmiðjan Austri hafi verið starfrækt í húsinu til áramóta 1917. Seinna var þar útstillingarhús verslunar Stefáns Th., þá íbúðarhús og skósmíðastofa og loks var þar hraðhreinsun frá 1966 og þar til húsið var rifið. Í Húsasögunni er lýsing á Prentsmiðjunni úr brunabótamati frá 1917: ““Einlyft, innanþiljað og málað niðri, óþiljað uppi. 1 herbergi niðri og geymsla uppi. Í húsinu er raflýsing og ofn. Útveggir eru úr timbri og þak pappaklætt. Skúr er áfastur húsinu.”” Gamla Prentsmiðjan var fast norðaustan við Stefánsbúð 221. Ekkert hús er á lóðinni við Bjólfsgötu 5.


Malbikuð gata er þar sem húsið stóð.

Engin ummerki sjást um húsið vegna niðurrifs og vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 87; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 150

NM-249:214 *Stefánshús* hús bústaður 732883 538391



Til hægri er mynd af Stefánshúsi 249:214 sem tekin var 2017. Á mynd til vinstri standa hjónin Stefán Th. og Ólafía Sigurðardóttir á tröppum hússins. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur). Myndin birtist áður m.a. í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 151.

Stefánshús var byggt árið 1899 á sama stað og íbúðar- og verslunarhús 111 stóð en það brann

árið 1898. Stefánshús stendur við Bjólfsgötu 6. Ítarleg umfjöllun er um það í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Talið er að húsið hafi komið tilsniðið frá Noregi. Í Húsasögunni segir: "Þessu nýja myndarlega húsi er svo lýst í húsavirðingu frá 1899: "Íbúðarhús og sölubúð Stefáns Th. Jónssonar 21x13 1/2 al, hæð 14 al., standandi á Fjarðaröldu [...]. Hús þetta er byggt úr bindingsverki, klætt utan með tvöfaldri plægðri borðaklæðningu og pappi á milli. Þakið er úr borðum með pappi og járni yfir. [...] Niðri í húsinu er sölubúð, verkstæði, pakkrúm, kontór og 2 stofur og eldhús, en á loptinu eru 6 herbergi og kvistherbergi að auki. Við aðaldyrnar er stór veranda með alþiljaðri forstofu [...]. Undir öllu húsinu er kjallari, steyptur úr steinlími [...]."" Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: "Þar sunnar [en Bindindishúsið 295], nær lóninu, sjást tveir litlir gaflar ljósir. Hinn nyrðri er á útihúsi [líklega sama og fjós 218] Stefáns Th. Jónssonar kaupm. en hinn er á hinu gamla íbúðarhúsi [111] hans. Það hús bygðu þeir Stefán og Sig. Johansen upp úr gömlu húsi [169], sem stóð úti hjá Norskubúð [306]. Í því hafði Chr. Ernst eitt sinn meðalasölu [...]. Þetta hús á myndinni brann 1898 [...] Nú hefir hann reist þar nýtt hús eitt stærsta og myndarlegasta hús í bænum og gæti farið með sóma hvert á land sem vildi, og er þó kvisturinn vel lítill. Þar er búð Stefáns, úrsmíðastofa og bústaður hans, þægilegur mjög og prýðilegur." Upphaflega þjónaði húsið bæði sem verslun og íbúðarhús eða þangað til Stefánsbúð 221 var byggð hinum megin við götuna árið 1907. Hefur það síðan þá verið nýtt til íbúðar.

Húsið er á flatlendi. Fallega hirtur garður (sjá 334) er suðvestan við húsið en órækt er norðaustan við það þar sem Gamla bakarí 397 stóð.

Húsið er í mjög góðu ástandi og er vel við haldið af eiganda sem keypti húsið árið 1976.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 90; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 152-154


NM-249:215 *Nielsenshús* heimild um bústað 732884 538417

Nielsenshús var íbúðarhús sem stóð norðan við Ingimundarhús 286 (við Oddagötu 1). Húsið byggði Niels Carl Nielsen, danskur maður sem m.a. rak verslun í Nielsensbúð, sjá 153. Húsið brann árið 1908. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: "Þar bak við [hótel Kr. Hallgrímssonar/Bankann 148] sjást tvö svört þök lítil og nærri jafnstór koma suður undan. Það nyrðra er Nielsenshús bókhaldara og svila Þórarins kaupm. og mun hann hafa látið byggja það sjálfur. [...] Hið syðra er Ingimundarhús [286]." Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Nielsenshús hafi verið reist árið 1886 og var það 51 m2 að stærð. Húsið brann árið 1908 þegar stofuofninn sprakk. Í sama riti stendur: "Í húsavirðingu frá 1886 er þessi lýsing: "11 ¼ al á lengd, 9 ¼ al á breidd, 8 ½ al á hæð; niðri 3 herbergi og eldhús með skorsteini og eldavjel og tveim ofnum. Uppi er ófullgjört; spónaþak.""

Nielsenshús stóð að öllum líkindum þar sem lóðamörk Gamla skóla 303 eru nú (2017). Húsið er sýnt á gömlu korti af Seyðisfirði sem merkt er Siemens-Schuchert Werke og dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907.



Staðsetning Nielsenshúss er sýnd á gömlu korti af Seyðisfirði sem merkt er Siemens-Schuchert Werke og dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907. Kortið var gert í aðdraganda þess að kaupstaðurinn var rafvæddur og er í eigu RARIK.




Nielsenshús 249:215 sést innan rauðs hrings á þessari mynd sem er líklega frá 1907. Höf. óþ.

Engin ummerki um húsið eru sýnileg á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 313; Kort Siemens-Schuckert Werke 5.12.1911

NM-249:216 *Snæhvammur* heimild um bústað 732859 538066



Staðsetning Snæhvamms 249:216 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Snæhvammur var hús sem er á meðal skráðra minja í fornleifaskrá sem Bjarki Borgþórsson vann fyrir Seyðisfjarðarkaupstað árið 2009. Þar stendur: “Húsið stóð þar sem nú er skrúðgarður á milli Hvamms (Vesturvegur 11) og Bakka (Vesturvegar 7). Á mælingakorti frá 1928 stendur húsið ásamt útihúsi. [...] Snæhvammur hét torfhús sem stóð við árbakka Fjarðarár. Enn var búið í húsinu á árunum 1930-1940 en þetta var líklega síðasta íbúðarhúsið úr torfi í kaupstaðnum.” Húsið er merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 ásamt útihúsi 237 og kálgarði 416. Líklega er Snæhvammur sama hús og getið er í Fasteignamati frá 1916-1918 undir nafninu Árbakki: “Íbúðarhús, stærð l. 4,7. br. 3,3. h. 3 m. (v.h. 1,6.). Veggir eru hlaðnir stafnar og þak úr timbri, þakið járnklætt. Kjallari hlaðinn, stærð 3,14x3,14 m. Aldur hússins 22 ár.” Í fasteignamatinu er einnig getið um smiðju sem ætla má að sé útihús 237 og matjurtagarð, líklega 416. Snæhvammur/Árbakki var á lóð við Vesturveg 9. Ekkert hús stendur á lóðinni.

Lóðin við Vesturveg 9 er stór og gróin. Innan hennar vex mikið af trjágróðri.

Engin ummerki sjást um húsið. Ætla má að það hafi verið rifið og jafnað við jörðu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 69; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 120

NM-249:217 *Hvammur* hús bústaður 732839 538035



Hvammur 249:217, horft til ANA.



Kálgarður var á þeim stað sem húsið Hvammur var síðar reist. Hann er sýndur á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er teiknaður stór kálgarður á milli Bergþórshúss 292 og Snæhvamms 216. Þar var húsið Hvammur byggt árið 1921 og það stendur enn við Vesturveg 11. Engin ummerki sjást um kálgarðinn og virðist hann ekki vera nefndur í Fasteignamati frá 1916-1918. Líklegt verður að teljast að hann hafi tilheyrt Bergþórshúsi við Vesturveg 13.

Hvammur er á gróinni lóð sem er í órækt. Hún er að miklu leyti í halla til suðausturs, niður að Fjarðará. Lítið sem ekkert er af trjágróðri er á lóðinni.


Um húsið Hvamm segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: “Kristján Jónsson frá Bræðraborg byggði Hvamm árið 1921. [...] Hvammur var í upphafi aðeins tæpir 19 fermetrar, einfalt, portbyggt timburhús, einungis klætt með pappa, nema austurgaflinn sem var járnvarinn.” Eyjólfur Jónsson bjó í húsinu á árunum 1950-1965. Hann byggði fjós við húsið neðanvert og hlöðu innan við það. Hann breytti einnig húsinu mikið, lyfti þakinu, stækkaði húsið og byggði skúr við húsið utanvert. Mjólk var seld í Hvammi fram á miðjan sjöunda áratuginn. Húsið Hvammur og sambyggðar byggingar eru orðnar illa farnar af viðhaldsleysi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 154; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:218 heimild um fjós 732876 538386

Á lóð Stefánshúss 214 við Bjólfsgötu 6 var fjós með heylofti eins og fram kemur í Fasteignamati



Fjós 249:218 á lóð Stefánshúss 249:214 innan rauðs hrings. Höf. óþ.

1916-1918: “Fjós með heylofti, stærð l. 6,2, br. 4,85 h. 4,5 (v.h. 2 m.). Veggir steinsteyptir. Þak járnvarið. Viðbyggður skúr, stærð l. 3,8. br. 2,5. h. 1,8 Þak járnvarið.” Húsið er teiknað á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og var fast vestan við Stefánshús, í norðurhorni trjágarðs 334.


Þar sem útihúsið var er sléttuð grasflöt innan húsagarðs Bjólfsgötu 6.

Engin ummerki sjást lengur um húsið sem var að líkindum rifið.


Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 89; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:219 heimild um skemmu 732872 538396



Líklega sést í geymsluhús og þvottahús 249:219 innan rauðs hrings í jaðri myndarinnar. Höf. óþ.



Ætla má að hús 249:219 sem hér er skráð sé það sama og merkt er inn á Kaupstaðarkort frá 1915-1920 á lóð Stefánshúss 249:214.

Á lóð Stefánshúss 214 við Bjólfsgötu 6 var geymsluhús og þvottahús eins og fram kemur í Fasteignamati 1915-1920: “Geymsluhús og þvottahús, stærð l. 6,5 m. Br. 5,15, h. 3 m. Timburhús (grindbyggt) Þak pappaklætt.” Þetta hús er að öllum líkindum það sem merkt er inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 norðvestan við Stefánshús 214 og suðvestan við Gamla bakarí 397.

Þar sem húsið stóð er ójöfn grasflöt. Grjót sést í sverði en engin eiginleg ummerki um húsið sjást.

Ólafur Guðnason, eigandi Stefánshúss 214 og heimildamaður, man eftir hjalli á þessum stað

sem rifinn var fyrir fáum árum en hann var þá að hruni kominn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 89; Kaupstaðarkort 1915-1920

NM-249:220 heimild um óþekkt 732898 538367



Hér sést hús 249:220 innan rauðs hrings á mynd sem tekin er frá Tanganum. Höf. óþ.

Á gömlum ljósmyndum frá Lóninu á Seyðisfirði má sjá lágreist hús á sama stað og Stefánsbúð 221 reis síðar, við Bjólfsgötu 7. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið þjónaði en líklega var það útihús eða vörugeymsla fyrir verslun Stefáns Th. Jónssonar sem var í Stefánshúsi 214 á þessum tíma. Ætla má að húsið hafi verið rifið þegar Stefánsbúð var byggð 1907.

Hættumat: engin hætta

NM-249:221 *Stefánsbúð* hús verslunarstaður 732900 538371



Stefánsbúð 249:221, horft til SSV.



Gömul mynd af Stefánsbúð sem tekin er úr garði Stefánshúss 249:214. Hjónin Stefán Th. og Ólöf Sigurðardóttir eru á myndinni. Höf. óþ.

Stefánsbúð stendur við Bjólfsgötu 7. Húsið var reist 1907 og hýsti fyrst um sinn verslun Stefáns Th. Jónssonar kaupmanns. Stefán Th. varð gjaldþrota í kreppunni 1930. Frá því hefur ýmis starfsemi verið í húsinu og má lesa nánar um sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Nú (2017) er Sýslumaðurinn á Austurlandi með skrifstofur sínar í húsinu. Í Húsasögunni segir: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1907: “[...]. Húsið er tvílyft. Á forsíðunni eru útbyggingar

úr báðum hornum á ská 4x3 álnir. Allri forsíðunni er skipt í 3 búðir, plássið bak við er til vörugeymsla. Efra loftið er líka til vörugeymslu [...]. Undir húsinu er hár og kostbær grunnur úr sementssteypu [...].”” Þar segir einnig: “Staða Stefánsbúðar í umhverfinu hefur einnig gjörbreyst síðan hún var byggð. Húsið var upphaflega byggt fram í Lónið umflotið vatni á þrjá vegu og bryggja [222] fram með allri langhliðinni og inngangur þaðan inn á vörulager. Nú [1995] hefur verið fyllt að húsinu á alla vegu auk þess sem Bjólfsgatan hefur hækkað um eina 40 cm á þessu tímabili.”

Húsið stendur suðaustan við Bjólfsgötu, á flatlendi. Bílastæði eru við báða enda hússins en slétt grasflöt og hellulagður göngustígur bak við það, við Lónið.

Húsið Stefánsbúð/Sýsluskrifstofa hefur verið gert upp á vandaðan hátt.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 155-158

NM-249:222 heimild um lendingu 732908 538366



Bryggja 249:222 sést innan rauðs hrings meðfram suðausturhlið Stefánsbúðar 249:221. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).



Lögun bryggjunnar sést á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

“Húsið [Stefánshús 221] var upphaflega byggt fram í Lónið umflotið vatni á þrjá vegu og bryggja meðfram með allri langhliðinni og inngangur þaðan inn á vörulager,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Bryggjan er sýnd á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Engin ummerki um bryggjuna sjást lengur vegna landfyllingar. Hægt er að ganga þurrum fótum allt í kringum Stefánsbúð 221.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 158

NM-249:223 *Gíslahús* hús bústaður 732858 538343

Gíslahús stendur við Bjólfsgötu 8. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið



Gíslahús 249:223, horft til norðvesturs.



Falleg vetrarmynd af Gíslahúsi og trjágarði 249:395. Myndin birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 211. Höf. óþ.

reist árið 1907 af Friðriki úrsmiði, syni Gísla Jónssonar úrsmiðs, og var það 98 m2 að stærð. Húsið er nefnt Gíslahús eftir Gísla Jónssyni. Þess er getið að í húsinu var fyrsta fjarskiptastöðin gangsett árið 1916. Þar segir einnig: "Húsavirðing frá 1907: " [...]. Í húsinu niðri eru 3 stofur, eldhús, búr, búð og lítið herbergi að auki [...]. Á loptinu er enn óinnrjettað. Undir húsinu er kjallari úr sementssteypu 5 fet upp úr jörðu."" Ítarlegri upplýsingar um húsið er að finna í Húsasögunni.


Húsið er á flatlendi við Bjólfsgötu. Möl er næst því nema á suðvesturhlið en þar er stór garður, sjá 395.

Húsið er klætt að utan með steinblikki, reisulegt hús í góðu ástandi. Húsið er notað til íbúðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 159-160

NM-249:228 *Skálanes* heimild um bústað 732854 538379



Skálanes 249:228 sést innan rauðs hrings. Aldur myndar er ekki þekktur en hún hefur verið tekin eftir 1917 því búið er að flytja Bindindishús 249:295. Höf. óþ.



Hænum gefið framan við Skálanes. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, 316. Höf. óþ. Eigandi Grétar Einarsson.

Húsið Skálanes stóð við Oddagötu 5. Það var rifið á 9. áratug síðustu aldar og er bílastæði þar nú (2017). Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: “En beint aftur af Bindindish. [295] er Skálanes og ekki á myndinni. Það bygði Jón á Skálanesi 1897 og veitti þar kaffi og óáfengi einn vetur. Nú er það pósthús. Það þekkist á rauðum vindlakassa, sem negldur er þar utan á.” Gerð er grein fyrir sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar segir m.a.: “[...] bæði Torfhildur [Árnadóttir eigandi hússins 1916] og Betzy [Guðmundsson eigandi hússins 1922] [...] ráku greiðasölu í húsinu.” Svo segir: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1897: “[...]. Það er byggt úr bindingsverki, klætt utan með borðum með sementssteypu í veggjum. Þakið er úr borðum með járni yfir. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, eldhús og forstofa [...]. Á loptinu eru 4 herbergi og miðlopt [...]. Við endann á húsinu er byggt hús sem er lægra, en 6 álna langt og jafn breitt húsinu [...]. Undir því er kjallari [...].” [...] Landsbanki Íslands keypti húsið [árið 1987] til niðurrifs til að auka við bílastæði bankans.” Af heimildum að dæma var pósthús rekið í húsinu og síðar meir veitingasala.


Malbikað bílastæði er þar sem húsið stóð.

Engin ummerki sjást lengur um það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 183

NM-249:237 heimild um útihús 732860 538057



Staðsetning útihúss 249:237 á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Í fornleifaskrá sem Bjarki Borgþórsson vann fyrir Seyðisfjarðarkaupstað árið 2009 er skráð útihús sem var á sömu lóð og Snæhvammur 216 við Vesturveg 9. Um útihúsið segir: “Útihúsið stóð innan við Snæhvamm þar sem nú er steypt tjörn í skrúðgarði. [...] Útihús úr torfi og grjóti þar sem íbúar í Snæhvammi voru með búpening sinn.” Ætla má að þetta útihús sé sama hús og smiðja sem nefnd er með húsinu Árbakka (sjá 216) í Fasteignamati frá 1916-1918: “Smiðja. [...] Stærð 1 4,7. br. 2,2 h. 2,3. Öll byggð úr grjóti og torfi.” Húsið var innan kálgarðs 416, um 10 m sunnan við Snæhvamm/Árbakka 216.

Lóðin við Vesturveg 9 er stór og gróin. Innan hennar vex mikið af trjágróðri.

Engin ummerki sjást um húsið. Ætla má að það hafi verið rifið og jafnað við jörðu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 69; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 120

NM-249:246 heimild um varnargarð 732908 538115



Á myndinni er horft til vesturs yfir Fjaðará að Sólvangi 249:272. Meðfram ánni sést grjóthlaðinn kantur sem ætla má að sé bólverk 249:246 sem lá frá Garvaríinu 249:287 að brúnni yfir Fjarðará 249:028. Höf. óþ.

"Við efri hlið [Garvarísins 287] hefur verið byggt pakkhús 4 ál breitt [...] líka hefur verið byggt bólverk úr grjóti út í ána," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Á gamalli ljósmynd af Sólvangi sem tekin er yfir ána til vesturs má greina grjóthlaðinn kant að brúnni yfir Fjarðarána (sjá 028). Ætla má að þetta sé bólverkið sem nefnt er við Garvaríið. Ekki er ljóst hver tók myndina eða hvenær hún var tekin.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 393

NM-249:272 *Sólvangur* heimild um bústað 732885 538173



Sólvangur 249:272. Á myndinni sjást einnig fjós 249:276, við hliðina á íbúðarhúsinu, og ljósmyndastofa Eyjólfs Jónssonar 249:275, lengst til hægri. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 279. Ljósm. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Sólvangur stóð við Norðurgötu 1 og var byggt 1893. Sögu hússins er gerð góð skil í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að Norðmaðurinn Sigurd Johansen lét byggja húsið en hann var upphaflega verslunarstjóri hjá Norsku versluninni og rak síðar eigin verslun. Hann seldi Eyjólfi Jónssyni húsið 1904. Í Húsasögunni segir einnig: "Næstur eignaðist húsið Óskar Árnason rafstöðvarstjóri, en þegar hann fluttist burtu, keyptu Rafmagnsveitur ríkisins húsið og gerðu að skrifstofum og aðstöðu fyrir starfsmenn. Á síldarárunum var [...] þar rekið mötuneyti og verbúð. Kaupfélag Héraðsbúa ágirntist lóðina sem Sólvangur stóð á, fyrir nýja Sölubúð, það keypti því húsið og seldi síðar Stefáni Jóhannssyni bónda á Þrándarstöðum húsið til niðurrifs [...]." Í Húsasögunni segir einnig: "Í húsavirðingu frá 1893 er Sólvangi svo lýst: "[...]. Húsið er byggt úr bindingsverki, klætt utan með borðum; milli þilja er fyllt með sementi, þakið er klætt plægðum borðum og járnþak yfir. Undir öllu húsinu er kjallari. Í húsinu niðri eru 4 stofur eldhús og búr og 2 forstofur [...] á lopti eru 6 herbergi [...]. Húsinu fylgir fjós og þvottahús [273] með torfveggjum."

Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: «Þar [hjá

Hrólfshúsi 278] syðst við ána sést Sólvangur, hús Johansens kaupmanns og útihús [273] norðan við. Þetta hús stendur fegurst í bænum og lét Johansen byggja sér það. Það stendur á fögrum túnbletti og um hann fallegur spalagarður, og hallar öllu jafnt niður að lóninu og ánni. Johansen á það tún og góða spildu vestur og norður frá sér." Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að í húsinu hafi verið íbúð, banki og skrifstofa. Á þeim tíma átti Eyjólfur Jónsson Sólvang og var hann útibússtjóri eða bankastjóri. Þá voru tveir viðbyggðir skúrar við húsið. Á lóðinni þar sem Sólvangur stóð er verslun Samkaupa og bílastæði.

Engin ummerki sjást um húsið en það var rifið árið 1982.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 279-281; Eimreiðin 1903, 93; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 114

NM-249:273 heimild um fjós 732866 538172

Fram kemur í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar að fjós og þvottahús með torfveggjum hafi fylgt Sólvangi 272 samkvæmt húsavirðingu frá 1893. Ekki er ljóst hvar þetta útihús var inni á lóð Sólvangs við Norðurgötu 1. Í Húsasögunni er einnig tilvitnun úr húsavirðingu frá 1904 þar sem fjós og þvottahús koma við sögu: "Útihús með hjalli, fjósi og þvottahúsi, eign sama nú endurvirt krónur 1600." Ætla má að þetta sé sama útihúsið (sambyggt fjós og þvottahús) en að búið hafi verið að byggja hjall við það árið 1904. Hús 276 sem merkt er inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 var útihús (fjós, geymsla og þurrkhús) úr timbri eins og fram kemur í Fasteignamati frá 1916-1918. Líklegt er að það hús hafi tekið við af torfhúsunum. Það er þó ekki ljóst.

Malbikað bílastæði við matvöruverslunina Samkaup er á lóð Sólvangs þar sem fjós og þvottahús úr torfi voru.

Engin ummerki sjást um torfhúsin. Þau hafa líklega verið jöfnuð um þegar yngri hús voru tekin í gagnið og öll ummerki um þau hafa verið afmáð þegar bílastæðið var gert, ef ekki fyrr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 281; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:275 *Myndahús Eyjólfs Jónssonar* heimild um ljósmyndastofu 732874 538190

Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að ljósmyndastofa hafi verið reist á lóðinni við Sólvang [272] í kringum 1904. Þar segir einnig: "Myndahúsi Eyjólfs Jónssonar, er svo lýst í húsavirðingu frá 1904: "17x12 1/2 alin stórt. Það er byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum, þakið [klætt] plægðum borðum með bárujárni yfir og pappi á milli. Það er alþiljað innan með pappi á milli klæðninga á veggjum. Í því er stór myndastofa, dimmakammers og 3 herbergi önnur og forstofa [...]." Ljósmyndastofan var rifin 1952 og viðir hennar notaðir til þess að lengja húsið að Vesturvegi 13 [292]." Inn á lóð Sólvangs 272 er merkt hús á Kaupastaðarkort frá 1915-1920 fast norðan við Sólvang og má ætla af stærð þess og ljósmynd af Sólvangi eftir


Eyjólf Jónsson að það hafi verið Myndahúsið. Húsið var á lóð Sólvangs við Norðurgötu 1. Þar er malbikað bílastæði við matvöruverslunina Samkaup.

Ætla má að Myndahúsið hafi verið undir Vesturvegi eða þar sem bílastæði við Samkaup og Vesturvegur mætast. Engin ummerki um það sjást lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 281; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:276 heimild um fjós 732865 538175



Á ljósmynd til vinstri má sjá húsið Sólvang 249:272 en að auki sést fjós 249:276, við hliðina á íbúðarhúsinu, og ljósmyndastofa Eyjólfs Jónssonar 249:275 lengst til hægri. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 279. Ljósm. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur). Á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 til hægri má sjá afstöðu húsa og kálgarðs á lóð Sólvangs við Norðurgötu 1.

Hús er merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 fast vestan við Sólvang 272. Það var útihús úr timbri eins og fram kemur í Fasteignamati frá 1916-1918: “Geymsluhús og fjós. Stærð l. 14 m, br. 5,75 . 4,5 m. (v.h. 3 m.[)] Einn þriðji hússins er þurkhús með rimlum á 3 vegu. Timburhús (plankahús) Þak járnklætt. Aldur um 20 ár.” Líklegt er að það hafi tekið við af fjósi 273 sem var í húsi úr torfi. Húsið var á lóð Sólvangs við Norðurgötu 1. Þar er malbikað bílastæði við matvöruverslunina Samkaup.

Ælta má að útihúsið hafi verið þar sem bílastæði við Samkaup og Vesturvegur mætast. Engin ummerki um það sjást lengur og var það að líkindum rifið en ekki er vitað hvenær það var gert.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 114

NM-249:277 *Framtíðin* hús verslunarstaður 732900 538211

Húsið Framtíð stendur við Norðurgötu 2. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist árið 1919 og var það 156 m2 að stærð. Þar segir einnig: “Í brunabótamati frá 1921 er húsinu svo lýst: “Tvílyft verslunarhús [...]. Skrifstofur, búðir og gangar [...]. Niðri: 2 sölubúðir,



Framtíðin 249:277, horft til NNA.



Mynd tekin á árabilinu 1920-1930 af Framtíðinni. Myndin birtist m.a. í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 282. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

2 vörugeymsluherbergi, þvottaklefi og w.c. Uppi: 3 skrifstofur, 2 vörugeymsluherbergi, þvottaklefi, w.c. og tveir gangar. Kjallari undir nokkrum hluta af húsinu úr steinsteypu [...]. Innandyra hafa breytingar orðið helstar að kjallarinn hefur verið grafinn út að fullu [...].”

Framan við húsið er endi Norðurgötu sem búið er að loka til suðausturs og þar hefur verið komið fyrir bekkjum og borðum fyrir gesti veitingastaða í húsinu.

Á efri hæð hússins er veitingastaður og á neðri hæðinni er móttaka fyrir Hótel Ölduna og annar veitingastaður. Húsið er í góðu ástandi og er vel við haldið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 282-283

NM-249:278 *Hrólfshús* hús bústaður 732874 538228



Hrólfshús/Láruhús 249:278, horft til VNV.

Láruhús eða Hrólfshús stendur við Norðurgötu 3. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist árið 1899 og var það 94 m2 að stærð. Á stríðsárunum var húsið nýtt undir veitingarekstur til viðbótar við verslunarrekstur sem þá var rekinn í húsinu. Í sama riti segir einnig: “Húsi frú Láru er svo lýst í húsavirðingu frá 1899: “[...]. Niðri í húsinu eru 3 stofur, eldhús og forstofa. Á loptinu eru 3 herbergi, eldhús og gangur [...]. Við annan enda hússins er stórt forskyggni; þar er stigi upp á loptið svo og salerni. Undir öllu húsinu er steinlímdur kjallari.” Kaffihúsið Kaffi Lára er rekið í húsinu.

Húsið stendur fast við götuna en gróinn garður er að húsabaki.

Húsið hefur verið klætt að utan með bárujárni og á því er nýtt þakjárn. Hlaðinn kjallari er undir húsinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 284-286; Eimreiðin 1903, 93

NM-249:279 *Læknishús* hús bústaður 732855 538241



Læknishús eða Bjólfshús 249:279, horft til VNV.

Læknishús eða Bjólfsbær stendur við Norðurgötu 5. Það hefur einnig verið nefnt Nielsensbúð. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Sigurd Johansen lét byggja húsið árið 1902 og var það 85 m2 að stærð. Verslunarrekstur hófst í húsinu þegar Carl Nielsen keypti það 1916. Í Húsasögunni segir einnig: "Húsinu er svo lýst í húsavirðingu 1902: "[...]. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, eldhús og búr, ásamt forstofu; á loptinu eru 6 herbergi og eldhús [...]. Við enda hússins er anddyri með uppgang til loptsins. Auk þess er í forstofunni vindutrappa, þess utan 3 útitröppur [...]. Undir húsinu er kjallari og grunnurinn sementaður.""

Í bakgarði hússins er grasflöt og trjágróður en næst húsinu er trépallur.

Húsið er bárujárnsklætt timburhús sem stendur á hlöðnum grunni með múrhúð. Verslun er rekin í húsinu (2017).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 287-289

NM-249:280 *Pósthúsið* hús bústaður 732866 538250

Pósthúsið stendur við Norðurgötu 6 og er nýtt sem íbúðar- og verslunarhúsnæði. Í Húsasögu Seyðisfjarðakaupstaðar segir að húsið hafi verið reist árið 1903 og var það 72 m2 að stærð. Pósthús var í húsinu fyrst eftir að það var byggt, þá skóvinnustofa og skóverslun. Í Húsasögunni segir einnig: "Húsinu er svo lýst í húsavirðingu 1903: " [...]. Það er skilrúmað sundur niðri í 3 stofur, eldhús og lítinn kontor. Við annan enda þess er stórt forskyggni úr timbri og á bráðum annað að setjast við hinn endann [...]. Á loptinu eru 2 kvistherbergi og 4 herbergi önnur [...] undir húsinu er lítill kjallari [...]. Í brunabótamati frá 1916 má sjá að herbergjaskipan er á þann veg að niðri er skósmíðastofa, skrifstofa, búð, og eldhús en á loftinu fjögur herbergi og gangur."

Slétt grasflöt er á lóð í kringum húsið.

Húsið stendur á hlöðnum grunni með múrhúð. Nýtt þak er á því og málað bárujárn er á útveggjum.



Pósthúsið 249:280, horft til VNV.



Norðurgata árið 1922. Pósthúsið er hægra megin við Seyðisfjarðarkirkju 249:050. Höf. óþ.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 290-291; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:281 *Magasín* hús 732850 538265



Magasín/Skósmiðja 249:281, horft til suðurs.



Magasín er innan rauðs hrings á þessari gömlu mynd sem tekin er frá Bankanum 249:148. Höf. óþ.

Húsið Magasín eða Skósmiðja stendur við Norðurgötu 7. Það er nýtt til íbúðar. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að óvíst sé með byggingaár hússins, en fyrsta húsavirðing þess var gerð 1901. Í húsinu var skósmíðaverkstæði en seinna voru útbúnar íbúðir í því og hefur það lengst af verið notað til íbúðar. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1901 “[...] byggt úr bindingsverki, klætt utan með borðum, með járni yfir; undir því öllu er kjallari. Í því eru 4 herbergi og eldhús niðri, 1 af þeim er sölubúð. Á loptinu eru 4 herbergi og gangur. Veggir eru múrfylltir milli þilja. [...] Bíslag er við eldhúsdyr og salerni áfast við húsið. Það er að miklu leyti byggt upp úr gömlu húsi, en yfirklæðningin er ný og margt fleira nýtt.”” Í Fasteignamati frá 1916-1918 er húsið sagt 15 ára og styður það að húsið hafi verið byggt árið 1901.

Vel hirtur, gróinn garður er norðan og vestan við húsið. Talsverður trjágróður vex í honum.

Húsinu er vel við haldið. Það er bárujárnsklætt timburhús á hlöðnum grunni sem hefur verið múrhúðaður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 292-293; Fasteignamat 196-1918: undirmat Seyðisfjörður, 105

NM-249:282 *Kaupfélagið* hús bústaður 732856 538275



Kaupfélagið 249:282, horft til austurs.



Kaupfélagið á gamalli mynd, líklega póstkorti. Höf. óþ.

Húsið Kaupfélagið eða Aldan stendur við Norðurgötu 8. Þar er rekið hótel. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist af Tryggva Guðmundssyni árið 1907 og var það 114 m2 að stærð. Til viðbótar verslunarrekstri var íbúð í húsinu. Þar segir einnig: "[Húsinu] er svo lýst í húsavirðingu frá 1907: "[...] [Húsið] er byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum, þar utan yfir með pappi og járni. Þakið er úr plægðum borðum, sömuleiðis með pappi og járni. Húsið er tvílyft undir því öllu er hár kjallari úr sementssteypu. [...] Á neðra lofti eru 4 íbúðarherbergi, krambúð, búr, eldhús, gangur og tröppupláss. Á efra lofti eru 7 herbergi, eldhús, búr og gangur. [...] Kjallaranum verður skipt í 5 herbergi; í einu þeirra er frítt standandi þvottapottur. [...] Við bakhlið hússins er útbygging frá jörðu og upp að þaki [...]. Í henni er vindiltrappa til beggja loftanna. Í henni eru 2 salerni með útrennsli [...]. Í hana er aðalinngangur hússins. [...] Vatnsleiðsla er í húsinu uppi og niðri og afrennsli út úr húsinu. [...]."""


Húsið stendur á lítilli lóð vestan við Lónið. Aftan við húsið eru steyptar gólfplötur úr skúrum sem hafa verið rifnir. Þarna var m.a. fjós (sjá 283).

Húsið við Norðurgötu 8 hefur allt verið gert upp á smekklegan hátt. Inngangur er af Norðurgötu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 294-296; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:283 mannvirki fjós 732870 538281



Fjós og hlaða 249:283 sem voru aftan við Kaupfélagið 249:282 við Norðurgötu 8 sjást á þessari mynd sem tekin var snemma á síðustu öld. Höf. óþ.



Gólfplötur sem enn má sjá og tilheyrðu húsum sem voru á lóð Kaupfélagsins 249:282, horft til norðvesturs.

"Í fjósi og hlöðu sem tilheyrðu húsinu [Kaupfélaginu 282], og standa enn baka til við kaupfélagshúsið, setti Björgvin Jónsson kaupfélagsstjóri á fót vel búna verslun með kæli, og frystiklefum (1952-63). Þar var verslað með mjólk, kjöt og fisk og annað hrámeti," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknað lítið hús á bakka Lónsins, aftan við Kaupfélagið. Ætla má að í því hafi fjósið og hlaðan verið sem nefnd eru hér að framan. Í Fasteignamati 1916-1918 segir um þetta hús: "Fjós með heylofti. Stærð l. 4,35 m. br. 3,1 m. h. 4,2 m. (v.h. 3 m) Byggt úr plönkum. Þak og veggir járnklætt. Aldur 3 ár." Aftan við Kaupfélagshúsið við Norðurgötu 8 eru steyptar gólfplötur og ummerki um ýmis hús sem þarna hafa staðið í gegnum tíðina. Ekki er vitað hvort að þau hafi tilheyrt fjósi og hlöðu frá elstu tíð.

Slétt grasflöt er á milli steyptra gólfa og Lónsins en talsverð landfylling er komin þar frá því að kaupstaðarkortið var teiknað og liggur gönguleið eftir bakkanum.

Steyptu gólfplöturnar ná yfir svæði sem er um 12x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er snotur flísalögn á svæði sem er um 2x2 m að stærð sem ætla má að hafi verið í gömlu mjólkurbúðinni.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 295; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 103

NM-249:284 heimild um bústað 732831 538003

Timburhús byggt árið 1900 stóð áður þar sem steinhúsið Hóll 294 stendur nú (2017) við Vesturveg 15. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir: "Á lóð þessari stóð áður hús sem í húsavirðingu frá árinu 1900 er svo lýst: "Hús Ólafs Ólafssonar á Bakka norðan Fjarðarár 10 ál. langt 7 ál. breitt, 5 ál. hátt; það er byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum

á annarri hlið og báðum göflum, en torfveggur á aðra hlið; þakið, sem er mjög lágreist er úr borðum með pappi yfir. Það er alþiljað innan og sundurskilið í 2 herbergi og anddyri; í því er 1 eldstæði með leirpípum upp úr þaki. Undir því öllu er kjallari hár og góður. Það er virt á 800 krónur."" Ekki er ljóst hver örlög hússins urðu en húsið Hóll var reist á sama stað árið 1916. Engin ummerki sjást um eldra húsið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 409

NM-249:286 *Ingimundarhús* hús bústaður 732889 538412



Ingimundarhús 249:286 (nær) og Nóatún 249:211 (fjær), horft til suðurs.



Gömul mynd af óþekktri konu á hestbaki með Ingimundarhús í baksýn. Höf. óþ.

Ingimundarhús stendur við Oddagötu 1. Það stóð áður utar á Öldunni en var flutt að Lóninu eftir snjóflóðið 1885. Ítarleg umfjöllun er um sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Einar Jónsson þurrarbúðarmaður byggði hús [285] sitt við Norsku búð [306] árið 1882. Ingimundur Ingimundarson keypti húsið eftir snjóflóðið mikla,1885 og flutti inn á Fjarðaröldu [...]. Í brunabótamati frá 1917 er húsið svo metið: "Íbúðarhús einlyft [...]. Niðri: 2 stofur og eldhús. Uppi: 2 herbergi og geymsluherbergi og eldhús [...]. Skúr er áfastur [...]. Annar skúr við bakhlið til geymslu [...]. Húsið er úr timbri [...]." Frá því þessi virðing var gerð hefur húsið verið járnvarið að fullu, kjallari stækkaður og salerni sett í viðbygginguna."

Malarvegur liggur meðfram húsinu að norðaustanverðu en húsagarður er í kringum það á aðrar hliðar. Talsvert rask hefur orðið í kringum húsið vegna framkvæmda en þegar vettvangskönnun fór fram sumarið 2017 var verið að vinna að endurbótum á húsinu og steypa sökkla undir viðbyggingar.

Húsið stendur á hlöðnum grunni sem er víða 0,3 m á hæð og sjást 2-3 umför í hleðslum utanmáls. Ekki er steinlím í hleðslunni. Ýmsir munir hafa komið í ljós við endurbæturnar á húsinu, m.a. skór og klæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 301-302

NM-249:287 *Garvaríið* hús 732900 538128



Garvaríið 249:287, horft til suðausturs.



Mynd tekin yfir Fjarðará frá Austurvegi. Garvaríið er niður við ána, fremst á myndinni. Höf. óþ.

Garvaríið eða Sútunarstofa er á lóð Elverhøj við Vesturveg 3B, niður við Fjarðará. Ítarlegar upplýsingar um húsið er að finna í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Anton Edvald Berg sútari frá Noregi kom ásamt Chr. M. Åse til Seyðisfjarðar árið 1900 til þess að setja á laggirnar sútunarverksmiðju. Þá hafði ekki verið slík verksmiðja í landinu frá tíð Innréttinganna. Sútunarstofan reis sama ár og var það 124 m2 að stærð. Í Húsasögunni segir einnig: “Fyrsta virðing á húsinu, þá ekki fullloknu, er gerð árið 1900: “20x12 ál., hæð 12 ½ al. Það er byggt úr bindingsverki, klætt utan með plægðum borðum. Húsið er byggt út í ána og kvísl úr henni veitt inn í kjallarann.” Árið 1902 er húsið endurvirt eftir stórfelldar endurbætur [...]: “Síðan hafa verið sett í það 2 lopt [...]. Við efri hlið hússins hefur verið byggt pakkhús 4 ál breitt úr bindingsverki með rimlaklæðningu að nokkru leyti, hitt með plægðri borðaklæðningu. Þakið er úr járni á langböndum. [...] Grunnurinn hefur síðan verið sementaður utan og innan, líka hefur verið byggt bólverk [246] úr grjóti út í ána.» Sútunarverksmiðjan varð gjaldþrota árið 1912. Einhver starfsemi var í því fram á þriðja áratug síðustu aldar en eftir það hefur Garvaríið aðallega verið notað sem geymsla.

Húsið er í aflíðandi halla niður við Fjarðará á gróinni lóð. Til varnar landbroti hefur möl og jarðvegur verið settur framan við húsið og varnargarður ofan við það upp með ánni. Steypt stétt er meðfram vesturhlið hússins, frá dyrum á miðjum vegg til norðurs.

Húsið stendur á hlöðnum kjallara en múrhúðin er að mestu leyti horfin. Unnið er að endurbótum á húsinu en hleðslan í kjallaranum er orðin sigin og húsið allt orðið skakkt. Pakkhúsið sem nefnt var í húsavirðingunni 1902 stendur ekki lengur en gerði það þegar Húsasagan var rituð 1995. Búið er að moka út úr kjallaranum og til stendur að rétta hleðslur í kjallara og steypa gólf. Verið er að setja nýja glugga í kjallarann og búið er að setja nýja glugga á efri hæðina. Hleðslur í kjallara eru rúmlega 1 m á þykkt og 1,6 m á hæð þar sem hann er hæstur. Þar sjást 8 umför hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 392-393

NM-249:288 *Lárusarhús* hús bústaður 732858 538194



Lárusarhús 249:288, horft til norðurs.

Lárusarhús stendur við Vesturveg 4, á horni Ránargötu og Vesturvegar. "Nú, 1903, eru komin 4 hús ný vestan lóns: [...] syðst Bókaverzlun Lárusar Tómassonar andspænis Sólvangi [272] norðan vegar [...]," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Ítarlega er fjallað um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Það var reist árið 1903 og var 86 m2 að stærð. Lárus Tómasson leigði húsið fyrstu árin og rak bóka- og pappírsverslun í húsinu auk þess sem hann seldi minni hljóðfæri. Í Húsasögunni segir einnig um Lárusarhús: " Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1902: "Íbúðarhús [...] afþiljað í 2 stofur, 2 búðir, kontor og eldhús. Á loptinu er stórt kvistherbergi og 6 herbergi önnur og miðloptið [...]. Undir öllu húsinu er kjallari." Árið 1906 eignaðist Jón Stefánsson húsið og kallaði það Brimnes. Gistiheimilið Hjá Kiddí var rekið í húsinu um áratugaskeið og gekk það undir því nafni. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er minnst á matjurtagarð á lóð hússins en hann er ekki sýndur á kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Lárusarhús/Hjá Kiddí er í austurhorni stórrar lóðar. Innan hennar er mikill trjágróður; aspir, birki, greni og rifsberjarunnar.

Húsið stendur á steyptum kjallara og hefur verið gert smekklega upp. Nýir gluggar eru í húsinu og það er klætt með ómáluðu bárujárni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 93; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 394-395; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 108; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:289 *Miðbær* heimild um bústað 732870 538104

Húsið Miðbæ byggðu bræðurnir Oddfreður og Jóhannes Oddssynir, þurrabúðarmenn, árið 1896 á lóð við Vesturveg 5. Um húsið og sögu þess er fjallað í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Húsið var 61 m2 að stærð og í þessu litla og lágreista húsi var fyrsta verkamannafélag á Íslandi stofnað árið 1897, Verkamannafélag Seyðisfjarðar. Stofnfélagar voru milli 60 og 70 talsins. Í Húsasögunni kemur einnig eftirfarandi fram: "Í húsavirðingu frá 1906 er húsinu Miðbæ lýst þannig: "[...]. Það er 12 ½x12 ½ alin að stærð, 5 ½ alin á hæð. Það er byggt úr bindingsverki,



Miðbær 249:289. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 396. Höf. Sigurður Guttormsson. Eigandi MFA (Menningar og fræðslusamband alþýðu).

klætt utan með borðum, nema bakveggurinn er steyptur úr sementi. Sumstaðar er klætt með pappi utan á klæðninguna. Þakið er úr borðum með báruárni yfir og pappi á milli. Í húsinu eru 4 herbergi, 2 eldhús og 2 smákompur, þess utan gangur. Það er allt þiljað innan, tvö herbergi eru máluð og betrekt. Í húinu er múrpípa, í hana ganga 1 ofn og ein eldavél með járnpípu upp úr þaki. [...].” Húsið var rifið árið 1949. Árið 1995 var hús sem heitir Björgvin (sjá 323) flutt á lóðina, þangað sem Miðbær stóð áður.

Lóðin við Vesturveg 5 er gróin og talsverður trjágróður vex á henni. Aflíðandi halli er niður að Fjarðará til suðvesturs.

Í fornleifaskrá sem unnin var af Bjarka Borgþórssyni árið 2009 kemur eftirfarandi fram: “Þegar grafið var fyrir stólpum þeim er húsið [Björgvin] stendur á var komið niður á hleðslur úr grunni Miðbæjar og voru þær látnar ósnertar eins og kostur var á.” Engin ummerki um Miðbæ sjást lengur en húsið Björgvin sómir sér vel á nýjum stað. Það stóð áður við Strandarveg 21.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 396-397; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Bjarki Borgþórsson, 68

NM-249:290 *Bakki* hús bústaður 732858 538088



Bakki 249:290, horft til norðvesturs á vinstri mynd. Á hægri mynd er hlaðinn kantur við austurhorn hússins, horft til norðvesturs.

Húsið Bakki stendur við Vesturveg 7. Ítarlegar upplýsingar eru um það í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Húsið er elsta steinhúsið í kaupstaðnum. Böðvar Pálsson söðlasmiður byggði húsið árið 1899. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1899: “ Íbúðarhús [...] á Bakka 10 ¾x8 ¾ al. 7 ½ al. hæð. Veggir úr steini og steinsteypu. Þakið úr borðum og papp yfir. Undir öllu húsinu er kjallari. Það er skilrúmað sundur í 3 herbergi og

eldhús og alls staðar þiljað innan nema í eldhúsi. Loptið er óinnrjettað. Í húsinu er reykháfur neðan úr kjallara og upp úr þaki. Í húsinu er 1 ofn og 1 eldavjel er bæði ganga í reykháfinn. [...].” Er Bakki talinn marka tímamót í byggingarsögu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Bakki stendur á gróinni lóð á milli Vesturvegar og Fjarðarár í aflíðandi halla niður að ánni. Talsverður trjágróður er á lóðinni.

Húsið er íbúðarhús í góðu ástandi ef frá er talið forskalað bíslag við NNA-enda hússins. Múrhúð þess er mjög sprungin og illa farin. Við austurhorn hússins er hlaðinn kantur sem liggur til ASA á 2 m löngum kafla og beygir svo til NNA á 6,5 m löngum kafla. Líklegast er að þetta séu undirstöður lítils húss sem hefur verið byggt við Bakka. Kanturinn er grjóthlaðinn og er 0,2-0,3 m á hæð í SSV-enda en hækkar til NNA og er hæst þar sem hún endar við rifsberjarunna á lóðamörkum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 398-399; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:291 *Gamla-Sýslumannshúsið* hús bústaður 732809 538173



Gamla-Sýslumannshúsið 249:291, horft til norðurs.



Gamla-Sýslumannshúsið á síðari hluta síðustu aldar eftir að búið var að forskala það. Höf. óþ.

Gamla-Sýslumannshúsið stendur við Vesturveg 8. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Sigurður Jónsson verslunarstjóri hjá Framtíðinni hf. og síðar Sameinuðu íslensku versluninni lét reisa húsið árið 1907. Það er plankabyggt og kom tilsniðið frá Noregi. Í Húsasögunni kemur fram að í húsinu hafi skrifstofur kaupstaðarins og bæjarfógetaembættisins verið hýstar eftir 1930 þegar Hjálmar Vilhjálmsson eignast húsið og býr í því. Þar segir einnig: “ Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1907: “[...]. Kjallari undir öllu húsinu [...]. Niðri í húsinu eru 3 stofur, eldhús og 2 forstofur. Á loptinu eru 3 herbergi og kvistherbergi að auki.””

Húsið er á stórri, gróinni lóð.

Þegar Húsasagan var skrifuð 1995 stóð húsið autt og ástand þess var ekki sérlega gott. Fram kemur í bókinni Af norskum rótum að til hafi staðið að rífa húsið en samstaða var meðal heimamanna að bjarga húsinu fyrir tilstuðlan Húsafriðunarnefndar. Húsið er í einkaeigu og

hefur verið gert upp á vandaðan hátt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 400-401; Af norskum rótum, 260

NM-249:292 *Bergþórshús* hús bústaður 732841 538017



Bergþórshús 249:292, horft til vesturs.

Bergþórshús stendur við Vesturveg 13. Það hefur einnig verið nefnt Kálfatjörn. Því er lýst ítarlega í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar segir: "Björn Þorvarðarson trésmiður byggði þetta snotra, vandaða hús árið 1907. Því er svo lýst í húsavirðingu það sama ár: "[Húsið] er 10x8 álnir að stærð. 5 ½ alin á hæð. Það er með timburgrind, klætt að utan með tvöfaldri borðaklæðningu og pappi á milli. Í húsinu eru 3 herbergi, eldhús og gangur [...]. Undir húsinu er hár kjallari úr sementssteypu. Hann er skilrúmaður í þrennt. Við innganginn er skúr úr timbri [...]."" Bergþór Björnsson átti húsið á eftir Birni og hefur nafn hans fest við húsið. Kálfatjarnarnafnið er frá því Þorsteinn Árnason, skipstjóri frá Kálfatjörn, átti húsið 1915-1931.

Húsið er í grónum garði. Frá húsinu er aflíðandi brekka niður að Fjarðará. Birkitré eru framan við húsið, meðfram norðvesturhlið þess.

Húsið virðist vera í nokkuð góðu ástandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 404-405

NM-249:294 *Hóll* hús bústaður 732830 538007

Húsið Hóll stendur við Vesturveg 15. Ítarleg umfjöllun er um það í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Stefán Th. Jónsson byggði Hól árið 1916 fyrir verkafólk sitt. Áður stóð eldra hús á lóðinni, sjá 284. Hóll er steinsteypt hús sem lýst er þannig í Fasteignamati frá 1916-1918: "Íbúðarhús, stærð l. 6,1. m. br. 5,2 h. 5,6. (v.h. 3 m) Steinsteypuhús, þak járnklætt. Kjallari hlaðinn [...]. Viðbygging steinsteypt [...]. Þak járnklætt." Í Húsasögunni er eftirfarandi lýsing úr brunabótamati frá 1916: ""Íbúðarhús einlyft portbyggt. Innanþiljað panel veggfóðrað og málað. Útveggir steyptir. Timburgólf. Niðri: Dagstofa, svefnherbergi og eldhús. Uppi: 2 svefnherbergi og gangur. Kjallari er undir öllu húsinu hlaðinn úr grjóti. Í húsinu eru 2 ofnar og ein eldavjel.""

Húsið Hóll er í grónum garði. Neðan við húsið er aflíðandi brekka niður að Fjarðará. Gamall



Hóll 249:294, horft til suðausturs.


trjálundur er fast suðvestan við húsið. Trépallur er neðan við húsið.

Ástand hússins virðist nokkuð gott. Í því eru nýlegir gluggar en spónaplata er í kvistglugga. Þakjárn er orðið lélegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Húsasaga Seyðisfjarðar-kaupstaðar, 408-409; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 122

NM-249:295 *Bindindishúsið* heimild um 732844 538368



Bindindishús er innan rauðs hrings á þessari mynd sem er líklega frá 1907. Höf. óþ.

Bindindishúsið eða Leikfélagshúsið stóð við Oddagötu, sunnan við Bankann/Hótel Seyðisfjörð 148. Það var flutt burt 1917 eða fyrri part árs 1918. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir: "Þá sézt hvítur húsgafl með svartri rönd skamt norður frá lóninu. Það er Bindindishúsið, en svarta röndin sýnir þak á lægra parti, sem leikfélagið hefir bygt aftan við húsið og haft er fyrir leiksvið, er húsið sjálft þá áhorfendasalur. Þar eru og haldnir fundir, tombólur, dansar og guðsþjónustur á vetrum. Þar messaði Bojsen sáluhjálpari, Östlund, Einar Jochumsson o. fl. Húsið er mesta þarfindahús." Gerð er ítarleg grein fyrir sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar en þar segir að húsið hafi verið reist árið 1894 og var það 92 m2 að stærð. Þar segir einnig: "Það var Bindindisfélag Seyðisfjarðar sem réðst í það stórvirki árið 1894 að byggja [...] hús á Oddatúninu á Fjarðaröldu. (Þar sem nú er bílastæðið á milli Landsbankans og Bjólfsgötu 8). Árið eftir bætti Leikfélag Seyðisfjarðar um betur og lengdi húsið um 6,3 metra. Í þessari viðbót var komið fyrir leiksviði [...] og var [Leikfélagið] eigandi þess til 1914 að nýstofnað hlutafélag Seyðisfjarðarbíó hf., festi kaup á húsinu. Ekki er vitað um afdrif þess [...] en vitað er að einvern tímann fyrir 1917 eignaðist Þorsteinn borgari húsið, flutti það norður að Skálum á Langanesi og reisti að nýju. Lýsing. Í húsavirðingu frá 1894 er húsi bindindsfélagsins lýst svo: "[...]. Í báðum endunum við innganginn er þverskilrúm og er þar herbergi afþiljað öðrum megin, en forstofa og trappa upp í loftið hinum megin. Loftið er óinnrjettað [...]." Húsavirðing frá 1895 segir frá viðbót leikfélagsins "[...]. Undir húsinu er kjallari þiljaður að innan og skilrúmaður í tvö herbergi."" Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um Leikhúsið: "Leikhús stærð l 12,8, br. 7,7

m. H. 6,9. (v.h. 3,3.) Timburhús (grindarhús) Þak hálft járnvarið og hálft pappaklætt. Viðbyggt leiksvið, stærð l. 6,4. br. 7,7. h. 4,1. Þak járnklætt. Kjallari er undir leiksviðinu. Aldur hússins 20 ár.” Samkvæmt Fasteignamatinu var húsið byggt 1896 en ekki 1894 eins og fram kemur í Húsasögunni.

Malbikuð gata og bílastæði eru þar sem húsið stóð.

Óvíst er að nokkuð sé eftir af húsinu þar sem það var tekið niður og flutt. Engu að síður gætu leifar af grunni þess leynst undir malbikinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 322-323; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 95

NM-249:296 *Neðri-Tangi* heimild um bústað 732995 538388



Húsin á Tanganum við Öldugötu sjást vel á þessari mynd sem tekin er eftir 1907. Neðri-Tangi 249:296 er lengst til hægri innan rauðs hrings. Höf. óþ.



Neðri-Tangi sést vel á Tanganum lengst til hægri á þessari mynd sem er líklega tekin úr turni Seyðisfjarðarkirkju á 3. áratug síðustu aldar. Höf. óþ.

Neðri-Tangi stóð á Tanganum við Öldugötu 4. Fjallað er um sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ekki er ljóst hvenær húsið var byggt en veitingakonan Guðrún Jónsdóttir rak “eitt rómaðasta öldurhús kaupstaðarins” í stofum sínum í Neðri-Tanga. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1897: “Hús tilheyrandi Magnúsi Sigurðssyni í Tanga á Fjarðaröldu. Það er torfhús 12 ál langt, 6 ál breitt, 6 ½ al hátt; það er með timburgrind og súð úr borðum. Það er alþiljað innan niðri og aðskilið í eina stofu, eldhús og gang; á loptinu er afþiljað eitt herbergi [...]. Nú hefur verið rifinn innri torfveggurinn frá því og þar við byggður skúr úr timbri [...]. Í öðrum enda skúrsins er afþiljuð stofa [...] í hinum endanum er geymsluherbergi óþiljað innan og er gengur þvers yfir skúrinn [...].”” Í Húsasögunni er líkum leitt að því að húsið hafi horfið í kringum árið 1935. Húsinu er lýst í Fasteignamati frá 1916-1918 og er þá eingöngu timburhús sem talið er 20 ára gamalt en nokkuð af húsinu allmikið eldra. Það hefur því smám saman breyst frá því að vera torfhús í timburhús.

Á lóð Öldugötu 4 er malarplan norðvestan við bílskúr á Öldugötu 2 en Neðri-Tangi var að hluta

þar sem malbikuð gatan og gangstétt eru í dag (2017).

Engin ummerki sjást um húsið vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 416; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 75

NM-249:297 *Efri-Tangi* hús bústaður 732995 538403



Efri-Tangi 249:297, horft til norðvesturs.



Húsin á Tanganum við Öldugötu sjást vel á þessari mynd sem tekin er eftir 1907. Efri-Tangi 249:297 er innan rauðs hrings. Höf. óþ.

Húsið Efri-Tangi stendur við Öldugötu 6 á gróinni lóð. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er ítarleg umfjöllun um húsið og sögu þess. Þar segir: “Gísli Wium trésmiður frá Brekkuseli í Tungu flutti til Seyðisfjarðar árið 1863, ásamt konu sinni Ingibjörgu Snorradóttur Wium. Þau bjuggu fyrst í Neðri-Tanga [296] en byggðu síðan hús þar við hliðna og nefndu Oddatanga [Efri-Tangi].” Ekki er ljóst hvenær húsið var byggt en er í Húsasögunni talið vera eitt elsta húsið í bænum, sennilega byggt um 1865. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er húsið sagt vera 33 ára og samkvæmt því í fyrsta lagi byggt árið 1883. Í Húsasögunni segir einnig: “Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1884: “[...] hús þetta er 10 álnir á lengd, 9 álnir á breidd, 8 ½ al. Á hæð, byggt af timbri; niðri eru 3 herbergi og eldhús [...]. Gólf og lopt eru í öllu húsinu, en uppi er það óþiljað innan [...]”. Í brunabótamati frá 1916 er þessi lýsing á Tanga: “Íbúðarhús einlyft portbyggt [...]. Niðri: Dagstofa, borðstofa, svefnherbergi, elldhús og gangur. Uppi: 2 svefnherbergi og gangur. Skúr áfastur til geymslu, skipt í tvennt. Veggir og þak úr timbri járnvörðu.””

Húsið er nýtt til íbúðar. Það er í mjög góðu ástandi og hefur verið gert upp á smekklegan hátt. Húsið var áður klætt með bárujárni en er nú (2017) með timburklæðningu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 417-418; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 74

NM-249:298 *Baldurshagi* hús bústaður 732977 538405



Baldurshagi 249:298, horft til norðausturs.



Baldurshagi er innan rauðs hrings á þessari mynd af Tanganum sem tekin er eftir 1907. Höf. óþ.

Húsið Baldurshagi stendur á gróinni lóð við Öldugötu 8. Ítarleg umfjöllun er um það í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að húsið stóð áður á utanverðri Fjarðaröldu (sjá 274) og lenti í krapaflóði 13. janúar 1882. Það sem nothæft var úr húsinu var flutt sunnar á Ölduna og nýtt hús byggt úr því sama ár í landi Odda (sjá NM-251:002). Í húsavirðingu frá 1882 sem birt er í Húsasögunni segir: "Húsið var í vor sem leið flutt úr stað, stækkað og að nokkru leyti byggt að nýju. Það er nú 16 ál. langt 9 ál. breitt, 8 ½ al. á hæð; það er með gólfi, lopti og hanabjálka; niðri eru 4 herbergi og eldhús [...] uppi eru 4 herbergi." Í húsavirðingu frá 1903 sem einnig er birt í Húsasögunni kemur fram að tvær útbyggingar hafi verið byggðar við það: "[...] önnur þessi útbygging er skilrúmuð í tvennt og brúkaður annar parturinn fyrir búr en hinn fyrir kolahús. Hin byggingin er brúkuð fyrir þvottahús, með innmúruðum þvottapotti með leirpípu upp úr þaki." Baldurshaga fylgdi fjós og hlaða, sjá 299.

""Fjarðaralda [...]. Þarna voru líka stærri timburhús eins og Hótel Ísland (byggt 1880). Norðan við byggðina voru verslunarhús Sveinsbjörns Jacobssen í Liverpool [152], en sunnan hennar Thostrupverslunin í Glasgow [124] og Neðribúð [031]," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Krapahlaup varð á Seyðisfirði 1882: "Um kvöldið [13. jan] seint á vöku, dundu voðaleg og mjög eyðileggjandi krapaflóð yfir Fjarðarölduna við botn Seyðisfjarðar. [...] Frú Thostrup var borin í hús Jónasar Þ. Stephensens, Baldurshaga er stóð lítið eitt utar og neðar en hótelið [151] [...]. Rétt í því kom annað krapahlaup og skall eins og fallbyssuskot á þessu húsi. Það tók miðbikið úr húsinu, þann hlutann sem konurnar voru í og börnin og færði allt út á sjó," segir í Skriðuföll og snjóflóð II.

"Þar suður frá [Odda (NM-251:002)] á tanganum, milli lónsins og hafnarinnar, eru næst tvö geymsluhús lítil [sjá 299] en þá kemur Baldurshagi gamla Imslands. Það hús bygði fyrst Jónas Stephensen, eftir að hans hús skemdist í vatnsflóðinu 1882; síðar keypti Imsland húsið og er þar

einkarvel um hýbýli gengið," segir í Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Reynitré eru framan við húsið og annar yngri gróður í húsagarði. Norðvestan við húsið er hellulagt bílaplan.

Húsið Baldurshagi hefur verið gert upp og er í góðu ástandi. Verið var að vinna að viðgerðum á suðausturhlið hússins og verönd þar fyrir utan þegar vettvangskönnun var gerð 2017.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 419-421; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Skriðuföll og snjóflóð II, 290-291; Eimreiðin 1903, 92

NM-249:299 heimild um skemmu 732965 538421



Geymsluhús/fjós og hlaða 249:299 við hlið Baldurshaga á Tanganum innan rauðs hrings. Höf. óþ.

"Þar suður frá [Odda (NM-251:002)] á tanganum, milli lónsins og hafnarinnar, eru næst tvö geymsluhús lítil en þá kemur Baldurshagi [298] gamla lmslands," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Allar líkur eru á að umrædd hús séu þar sem sýnt er eitt hús litlu norðvestan við Baldurshaga á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Þó er það innan lóðar Odda. Í Fasteignamati frá 1916-1918 fyrir Baldurshaga er talið upp geymsluhús á lóð þess, líklega það sama og nefnt í grein í Eimreiðinni. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir: "Baldurshaga [298] fylgdi fjós og hlaða. Brann það hvorutveggja árið 1936 ásamt tveimur kúm, hesti og nokkrum hænsnum. [...] Ári síðar byggðu þeir Baldurshagafeðgar nýtt fjós úr steinsteypu norðan við húsið. Baldurshagafjósið var nokkuð myndarleg bygging, en þar var auk fjóss, hlöðu og safngryfju, frostheldur geymsluklefi, geymsluherbergi, þvottahús og þurrkloft. [...] Fjósið er í dag birgðageymsla og verkstæði RARIK." Gert er ráð fyrir því að geymslan og fjósið hafi verið á sama stað en að hlutverk hússins hafi upphaflega verið geymsla og skemma en síðar meir gegnt hlutverki fjóss og hlöðu áður en það brann 1936. Steinsteypta fjósið sem enn stendur telst ekki til fornleifa en er merkilegt fyrir byggðasögu Seyðisfjarðar og eitt af fáum fjósum sem enn eru uppistandandi í bænum. Baldurshagafjósið er á lóð Öldugötu 8.

Grasflöt er framan við steypta fjósið og grindverk í kringum alla lóðina.

Ekki sjást ummerki um eldra fjós og hlöðu sem brann árið 1936.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 91; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður 73; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 420;

NM-249:300 heimild um fjós 733103 537988



Spítalafjósið 249:300 sést hægra megin við Sjúkrahúsið 249:146 á mynd sem tekin var um 1950 og birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Höf. óþ. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

"Töluverður búskapur var rekinn samhliða spítalarekstrinum [sjá 146] [...]. Kýr voru í spítalafjósinu fram til 1963," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Spítalafjósið er ekki teiknað inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og er því yngra en það. Ekki er vitað hvenær það var byggt. Fjósið sést á ljósmynd sem birtist í Húsasögunni og var það við suðurhorn Spítalans, aftan og suðaustan við tengibyggingu sem nú (2018) er á milli Spítalans og Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Sléttuð grasflöt er suðaustan við Spítalann þar sem fjósið var.

Greina má grjót í grassverði þar sem fjósið var en óvíst er að það sé úr fjósinu. Ætla má að fjósið hafi verið rifið eftir að hætt var að nota það.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 385

NM-249:301 *Sýslumannshúsið* hús bústaður 732915 538418



Sýslumannshúsið 249:301, horft til VSV.



Sýslumannshúsið á eldri mynd og frá öðru sjónarhorni (tekin frá Oddagötu). Höf. óþ.

Sýslumannshúsið eða Herinn stendur við Öldugötu 11. Það er nýtt til íbúðar. "Bak við öll þessi hús [Stefánshús 214, Nóatún 211 o.fl.] ber tvö ljós þök hæst við höfnina. Það syðra, með tveim strompum, er Sýslumannshúsið. Um það er girtur garður og grasblettur [sjá 335].

Það hús lét Einar Thorlacius reisa eftir að hann kom til sýslunnar 1880, en Jóhannes sýslum. keypti af honum og býr þar nú. Þar er sparisjóður Sfj. og þar var fyrst skrifstofa Bjarka á loftinu. Þar niðri var og Eggert Briem sýslum. meðan hann var settur hér," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Sýslumaður Einar Thorlacius lét reisa húsið 1884 og er það 114 m2. Árið 1923 hóf Hjálpræðisherinn starfsemi í húsinu og hélst hún til 1931. Í Húsasögunni segir einnig: "Á stríðsárnum var efri hæð hússins leigð til fjölskyldna en þá neðri lögðu officerar breska hernámsliðið undir sig [...]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1884: "[Húsið] er timburhús og allt ætlað til íbúðar [...] niðri eru 4 herbergi og eldhús að auk og forstofa [...] Uppi á lopti eru 3 herbergi [...]." Húsið er endurvirt 1904 [...]: "[...]. Það er allt þiljað innan niður og skipt í 2 stofur, 2 kontora, eldhús og gang [...]. Á loptinu eru 3 stór herbergi [...]. Þessi 2 skákompur og stórt miðlopt. Undir húsinu er kjallari með steinlímdum veggjum [...]. Við bakdyr hússins er stórt bíslag með áföstu salerni; í bíslaginu er innmúraður þvottapottur með múrpípu upp úr þaki."

Sýslumannshúsið er reisulegt timburklætt hús sem er vel við haldið og í góðu ástandi. Sléttuð grasflöt er næst því en trjágrjóður á lóðarmörkum, sjá trjágarð 335.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 424-426; Eimreiðin 1903, 90

NM-249:302 *Gamla pósthús* hús bústaður 732928 538451



Gamla pósthús 249:302, horft til norðvesturs.



Gamla pósthús, líklega eftir miðja síðustu öld. Höf. óþ.

Gamla pósthús eða Rasmussenshús stendur við Öldugötu 12. Það hefur einnig verið nefnt Sigbjörnshús. Það er bárujárnsklætt timburhús. "Þar rétt sunnar [en Aurora 304] og líka neðan götu við ströndina er Gamla pósthúsið. Það byggði Rasmussen gamli, danskur, og varð hér fyrstur póststjóri og var það í 25 ár. Húsið erfði svo Rassmussen kaupm. eftir kjörforeldra sína. Hjá þessu húsi er lítill garður [sjá kálgarð 526], og gróðursett í smátrje, ribs, reynir o.

fl.," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir að húsið hafi verið reist árið 1870 og var það 74 m2 að stærð. Húsið hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar og viðbætur eins og rakið er í Húsasögunni. Húsið er tvílyft bárujárnsklætt hús og stendur á lítilli, gróinni lóð. Gamall bílskúr er við norðausturhorn hússins.

Unnið er að endurbótum á húsinu (2017) en ástand þess var orðið bágborið. Búið er að skipta um þak og gera upp efri hæðina (2017).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 427-428; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Eimreiðin 1903, 91

NM-249:303 *Gamli skóli* hús 732899 538432



Gamli skóli 249:303, horft til ANA.

Gamli skóli stendur við Öldugötu 13 og er nýtt sem gistihús. "Bak við öll þessi hús [Stefánshús 214, Nóatún 211 o.fl.] ber tvö ljós þök hæst við höfnina. [...] Nyrðra húsið er Barnaskólinn bygður 1883, en áður var barnakensla í Ingólfi [457], sem flóðið tók. Á kvistinum er »Amtsbókasafnið« en bókaverzlun Lárusar Tómassonar niðri. Þar er og salur, kallaður Bæjarþingstofa, og ætti enginn ferðamaður að koma svo á Seyðisfj. að sjá hana ekki. Barnaskólinn skyggir alveg á »Auroru«, sem enginn kallar Auroru heldur »Gamla vertshúsið« [304]," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Ítarleg grein er gerð fyrir sögu hússins í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram að húsið hafi verið reist árið 1883 og var það 100 m2 að stærð. Húsið var flutt tilhöggvið frá Noregi. Það átti upphaflega að rísa í hlíðinni skammt fyrir utan Fjörð (sjá 001) en eftir krapa- og vatnsflóðin veturinn 1882 var ákveðið að finna því annan stað. Í Húsasögunni segir einnig: "Skólahald var stöðugt í gamla skóla allt til ársins 1907, að nýtt og glæsilegt skólahús [154] leysti það af hólmi. [...] Tvær íbúðir voru í húsinu allar götur fram til þessa dags [...]. Húsinu er svo lýst í húsavirðingu frá 1907: " [...]. Niðri eru 3 stofur, gangur, og forstofa. Á loftinu eru 6 herbergi, stórt kvistherbergi, eldhús og miðloft [...]."

Slétt grasflöt er í kringum húsið. Lítill skúr er í suðurhorni garðsins og víðirunni er á lóðarmörkum í suðurhorni hans.

Húsið Gamli skóli hefur verið gert upp og sómir sér vel.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 427-428; Eimreiðin 1903, 90-91

NM-249:304 *Aurora* heimild um bústað 732921 538462



Mynd af húsum við Öldugötu frá óvenjulegu sjónarhorni. Sjá má húsið Auroru innan rauðs hrings. Vinstra megin við það er Gamla pósthús 249:302 og Oddi 251:002 en hægra megin eru Mörbúð 249:031 og Neðribúð 249:399. Höf. óþ.



Aurora 249:304. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 432. Höf. Þorsteinn Jósepsson. Eig. Ástríður Þorsteinsdóttir.

Aurora stóð við Öldugötu 14. Yngra hús stendur þar nú (2017). Í fornleifaskrá Bjarka Borgþórssonar frá 2009 kemur fram að Aurora hafi verið rifið rétt eftir 1971. “Barnaskólinn [303] skyggir alveg á »Auroru« [á myndinni af Seyðisfirði], sem enginn kallar Auroru heldur »Gamla vertshúsið«. Það bygði fyrst Guðmundur frá Hesteyri í Mjóafirði 1860, en af honum keypti Sigmundur Mattíasson; hann fór til Ameríku og seldi þá Finnboga Sigmundssyni, en eftir dauða hans var þar Kr. Hallgrímsson, og höfðu þeir þar allir veitingar og gistingu. Svo keypti það Kr. Jónsson frá Nóatúni og veitir þar óáfengi,” segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Af þessari tilvísun að dæma var húsið byggt árið 1860 en í Fasteignamati frá 1916-1918 er húsið sagt 50 ára og samkvæmt því byggt 1866-1868. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Þorsteinn J.G. Skaptason keypti Auroru 1903 og flutti prentsmiðju sína og Austra í húsið 1902. Þar var hann með útgáfustarfsemi til 1907 en þá flutti hann hana í Gömlu prentsmiðjuna að Bjólfsgötu 5, sjá 213.

Engar minjar um gamla húsið sjást lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; Bjarki Borgþórsson, 39; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 70; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 433

NM-249:331 *Suðurgata* heimild um leið 733051 538085

“Suðurgata var upphaflega lögð sem heimreið frá Austurvegi [366], yfir græna bala að hinu glæsilega sjúkrahúsi [146] árið 1898,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Suðurgata er teiknuð inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920. Hún lá frá Spítalanum til norðvesturs að minnismerki



Prúðbúið fólk í skrúðgöngu eftir Austurvegi 249:366 og Suðurgötu 249:331. Lengst til vinstri sést Gamla-Apótekið 249:160 við Suðurgötu. Höf. óþ.



Horft til suðurs upp Suðurgötu.

009 um Otto Wathne við brúna 028 yfir Fjarðará. Við götuna standa enn Seyðisfjarðarskóli 154 og Gamla Apótekið 160 auk Spítalans. Suðurgata liggur eins og hún gerði um aldamótin 1900 en þó hefur stefnu hennar verið breytt þegar kemur að lóðinni umhverfis Spítalann. Þar sveigir gatan lítillega til norðausturs og liggur framhjá Spítalalóðinni að Múlavegi í stað þess að stefna beint á Spítalann.

Suðurgata er í aflíðandi halla niður að Fjarðará til norðvesturs.

Á gamalli ljósmynd sést vel að vegurinn var uppbyggður úr grjóti, 0,5-1 m á hæð. Hann hefur verið á að giska 3-4 m á breidd. Engin ummerki sjást lengur um gamla veginn sem lagður var rétt fyrir aldamótin 1900. Ekki er útilokað að leifar af honum hafi varðveist undir yngri vegi eða inni á lóð Spítalans þar sem legu götunnar hefur verið breytt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 374; Kaupstaðarkort IX 1915-1920

NM-249:332 heimild um kálgarð 733082 537989

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er mannvirki teiknað um 10 m SVS Spítalans 146. Það hefur að öllum líkindum verið kálgarður. Þar sem kálgarðurinn var er nú Heilbrigðisstofnun Austurlands við Suðurgötu 8. Kálgarðsins er ekki getið í Fasteignamati frá 1916-1918.

Kálgarðurinn var á fremur flatlendu svæði. Framan við húsið sem hýsir Heilbrigðisstofnun Austurlands er malbikuð gata og bílastæði og aftan við það er grasflöt í aflíðandi halla upp að Múlavegi.

Engin ummerki sjást lengur um kálgarðinn vegna byggingaframkvæmda.



Staðsetningu og stærð kálgarðs 249:332 við Sjúkrahúsið 249:146 má sjá á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920

NM-249:333 heimild um áveitu 733088 538066

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 eru teiknaðir fjölmargir áveitu eða framræsluskurðir á lóð Gamla-Spítalans eða Sjúkrahússins 146. Í Húsasögu Seyðsfjarðarkaupstaðar er tilvitnun í húsavirðingu frá 1899. Þar kemur fram að skurðir hafi verið í kringum allan blettinn sem sjúkrahúsið stendur á.

Flatlent er í kringum Gamla-Spítalann og hefur orðið talsvert rask þar vegna bygginga og vegagerðar.

Engin ummerki um skurðina sjást lengur á yfirborði vegna framkvæmda og breytinga á landnýtingu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 387



Nýsleginn garður 249:334, horft til suðurs í átt að Gíslahúsi 249:223.



Samsæti í trjágarði 249:334 við Stefánshús 249:214. Höf. óþ.

NM-249:334 heimild um trjágarð 732877 538378

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er trjágarður teiknaður inn á verslunarlóðina suðvestan við Stefánshús 214. Garðurinn er enn til staðar og er í rækt. Í honum miðjum er sléttuð grasflöt. Næst Bjólfsgötu eru gömul birki- og reynitré og þar ofan við er eitt stórt grenitré. Eins eru gömul tré í vesturhorni garðsins, birki og lerki. Samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918 var girðing úr tré umhverfis garðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 90

NM-249:335 heimild um trjágarð 732912 538415

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er trjágarður teiknaður umhverfis Sýslumannshúsið 301 sem stendur við Öldugötu 11.

Gróinn garður er í kringum Sýslumannshúsið. Norðaustan við húsið er malarplan og bílastæði. Á suðvesturmörkum lóðarinnar eru gömul reynitré og bjarkir. Í suðurhorni er ein fura og svo víðir og fleiri trjátegundir í limgerði á suðausturhlið. Garðurinn var girtur með trégirðingu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:336 heimild um skemmu 732986 538156



Geymsluhús 249:336 sést aftan við Gamla-Apótek 249:160 á mynd sem tekin er frá Sólvangi hinum megin við Fjarðaránа. Myndin birtist m.a. í Byggðasögu Seyðisfjarðar eftir Kristján Róbertsson, bls. 216. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er mannvirki teiknað fast suðaustan við Gamla Apótek 160. Nákvæmt hlutverk þess er ekki þekkt en líklegt verður að teljast að það sé sama og geymsluhús sem nefnt er í Fasteignamati frá 1916-1918 og var á lóð Gamla Apóteksins. Þar segir um húsið: “Geymsluhús, stærð l. 7,7 m. br. 3,9 m. h. 3 m. Grindarhús, þak járnklætt.”

Þar sem geymsluhúsið var er malarplan og hjólastatíf.

Engin ummerki um þetta hús sjást lengur. Líklega hefur það verið rifið.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918, undirmat Seyðisfjörður, 131

NM-249:337 heimild um kálgarð 732976 538153

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er þríhyrndur kálgarður teiknaður sunnan og suðvestan við Gamla Apótek 160. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er nefndur matjurta- og blómagarður á lóð Gamla Apóteksins. Kálgarðurinn var uppi á flötum bakka Fjarðarár sem er vestan við Gamla Apótekið.

Grasflöt er þar sem kálgarðurinn var. Í suðvestur frá henni er nokkuð brött en stutt brekka niður að Fjarðará og í henni vex talsvert af trjám; birki, greni og lerki.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn.


Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918, undirmat Seyðisfjörður, 131

NM-249:339 heimild um kálgarð 733235 538316



Grasflöt í garði Gamla Apóteksins 249:160 þar sem kálgarður 249:337 var áður, horft til norðurs.



Staðsetningu og stærð kálgarðs 249:337 við Gamla Apótekið 249:160 má sjá á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um matjurtagarð á lóð Steinholts 157 sem var 84 m2 að stærð. Ekki er sá garður merktur inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og nákvæm staðsetning hans ekki þekkt. Líklegt er að hann hafi verið á milli Steinholts og útihúss 362. Þar er slétt grasflöt.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást og hafa þau líklega horfið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 152

NM-249:346 *Líkhúsið* heimild um líkhús 733127 537982

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er hús teiknað rúmum 20 m suðaustan við Spítala 146.



Á mynd sem tekin er úr Botnahlíðum yfir Seyðisfjörð á 3. áratug síðustu aldar má sjá líkhús 249:346 aftan við Sjúkrahúsið 249:146. Í kringum Sjúkrahúsið og hægra megin við sjást fráveituskurðir (249:333 og 371). Myndin birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar bls. 193 en höfundar er ekki getið.

Þar var líkhús sem er lýst þannig í Fasteignamati frá 1916-1918: "Likhús, stærð l. 6,35, br. 5,45, h. 5,2 (v.h. 3 m.) Grindarhús, timbur, þak járnklætt. Aldur 10 ár." Húsið var því byggt á árunum 1906-1908. Steinsteypt hús hefur leyst þetta hús af hólmi því í Fornleifaskrá Seyðisfjarðar segir: "Líkhúsið var lítil óupphituð bygging þar sem lík voru látin standa uppi þangað til nýtt sjúkrahús reis og ný kæligeymsla tók við sem líkhús árið 1987. Húsið var steypt, einlyft, gluggalaust og með inngangi sem sneri mót vestri."


Aftan og ofan við Spítalann er slétt grasflöt en svo tekur við aflíðandi halli upp að Múlavegi til suðausturs.

Engin ummerki sjást um líkhúsið, hvorki elsta húsið sem var úr timbri, né það yngra sem var úr steypu. Ætla má að þessi hús hafi bæði verið rifin þegar hlutverki þeirra lauk.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort IX 1915-1920; Bjarki Borgþórsson, 72

NM-249:347 heimild um trjágarð 733016 538236



Trjágarður 249:347 sýndur á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 framan við Hótel Snæfell 249:165.

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er teiknaður trjágarður framan við Hótel Snæfell 165, við suðausturhlið hússins.

Mjó grasflöt er framan við Hótel Snæfell þar sem trjágarðurinn var. Engin tré eru á grasflötinni. Aflíðandi halli er frá Austurvegi að Hótel Snæfelli. Hallinn hefur að líkindum myndast vegna uppbyggingar vegarins sem er hærri en eldri vegur 366.

Engin ummerki um trjágarðinn sjást lengur og er stór hluti hans kominn undir Austurveg og gangstétt meðfram honum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:348 heimild um skemmu 733001 538187



Geymsluhús 249:348 sést líklega innan rauðs hrings á þessari mynd sem tekin var á 3. áratug síðustu aldar og birtist í Byggðasögu Seyðisfjarðar, bls. 26. Höf. óþ.



Geymsluhús á yngri mynd sem sýnir einnig Bjarka 249:163 og Herðubreið. Á þessum tíma virðist húsið notað sem bílskúr en einnig var um tíma rekin þar sjoppa á kvöldin fyrir bíógesti í Herðubreið.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 fyrir Bjarka 163 er getið um skemmu sem var flutt utan af Vestdalseyri og var í eigu Páls A. Pálssonar. Það er virt með sjóskúrum Páls á Vestdalseyri, sjá einnig NM-252:061: "Geymsluskúr, eign [Páls A. Pálssonar], stærð 1,5 m., br. 4 m., h. 3 m. Veggir og þak járnvarið". Á gömlum ljósmyndum sést skúr ofan og suðaustan við Bjarka og eru góðar líkur á að það sé þessi skúr sem fluttur var utan af Vestdalseyri. Hann er hins vegar ekki á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 sem sýnir lóð Bjarka, enda verið fluttur rétt eftir að það var gert.

Malbikað bílastæði er við félagsheimilið Herðubreið þar sem lóð Bjarka var.


Engin ummerki sjást um skúrinn sem var að öllum líkindum rifinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 42, 135

NM-249:349 *Ós* heimild um bústað 733038 538256

Eitt elsta húsið við Austurveg var að líkindum Ós eða Gamli Ós sem var við Austurveg 7. Þar var byggt annað hús árið 1927 sem ber nafnið Flatey og stendur enn. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir: "Húsið [Flatey] stendur þar sem áður stóð gamli Ós, en þar var ferjustaður [156] yfir Fjarðará, áður en brúað var [...]. Því [Gamla Ósi] er svo lýst Í húsavirðingu frá 1886: "9 ál langt, 6 ál. Breitt, 6 3/4 al á hæð með torfveggjum og pappþaki [...] niðri 1 herbergi og búr; uppi er eigi innrjettað enn þá; því fylgir timburskúr fremur lítilfjörlegur og eldhús úr torfi."" Í Fasteignamati frá 1916-1918 fyrir húsið Ós 167 sem byggt var á sömu lóð og Gamli Ós, en stendur við Austurveg 9, kemur fram að auk íbúðarhússins Óss 167 sem byggt var 1908 hafi verið annað íbúðarhús á lóðinni: "Íbúðarhús "Ós". Eigandi sami [Stefán Runólfsson]. Notandi enginn sem stendur. Stærð l 5,85 br. 3,2. h. 4. Grindarhús, þak pappklætt, veggir timbur. Aldur 37 ár." Ætla má að þetta sé sama hús eða á sama stað og torfhúsið sem lýst er í húsavirðingu



Gamli Ós 249:349 var með fyrstu húsunum sem reis við Austurveg og sést húsið hér á mynd sem tekin var á árunum 1893-1895 af Eyjólfi Jónssyni (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

frá 1886. Það hefur þá verið endurnýjað að miklu leyti og er komið timburhús í stað torfhússins. Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er Gamli Ós teiknaður sem stök bygging. Á Gamla Ósi bjó lengst af Einar Pálsson ferjumaður. Í manntali frá 1890 eru fjórir skráðir til heimilis á Ósi; Einar Pálsson, Þóranna Jónsdóttir ráðskona, Katrín Sigurðardóttir sveitarómagi og Sigurður Jónsson lausamaður. Gamli Ós var líklega rifinn þegar húsið Flatey var reist litlu ofar á lóðinni og nær það að hluta yfir það svæði sem Gamli Ós var á. Gamli Ós er ein af fáum byggingum á kaupstaðarkortinu sem liggur ekki samsíða Austurvegi (ANA-VSV) heldur sneri húsið norðaustur-suðvestur eins og Efri-Borgarhóll 177 og Neðri-Borgarhóll 178.

Flatlend grasflöt er í kringum húsið Flatey og steyptur skúr er norðvestan við það. Í garðinum eru rifsberjarunnar og þar vex rabarbari. Víðirunni er á lóðarmörkum móti Austurvegi 9. Framan við húsið næst Austurvegi eru há birkitré, úlfareynir og grenitré.

Engin ummerki sjást um Gamla Ós vegna niðurrifs og bygginga en mögulega eru einhverjar leifar af þessu húsi eftir óraskaðar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 63; Kaupstaðarkort V 1915-1920; www.manntal.is

NM-249:350 heimild um kálgarð 733244 538363

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um matjurtagarð, 176 m2 að stærð, á lóð Vinaminnis 183. Gróin lóð er umhverfis húsið og fremur flatlend. Ekki er vitað hvar matjurtagarðurinn var en helst hefur hann komist fyrir vestan við Vinaminni.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn og óvíst að hlaðið hafi verið í kringum hann.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 150

NM-249:351 *Imslandshús* hús bústaður 733107 538263

Imslandshús stendur við Austurveg 12 og var byggt árið 1896 af Lars Imsland. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar.



Imslandshús 249:351, horft til SSA.



Imslandshús er neðarlega á þessari gömlu mynd, lengst til vinstri. Höf. óþ.

Lars Imsland var norskur, sonur alfnafna síns sem settist að á Seyðisfirði 1882 og var verslunarstjóri Jonassensverslunarinnar. Hann eignaðist einn verslunina árið 1891 og kallaði hana Imslandsverslun. Lars Imsland tók við versluninni af föður sínum. Sonur hans, Lars Imsland yngri (þriðji ættliðurinn) eignaðist húsið síðar meir. Hann varð gjaldþrota árið 1926 og ári síðar komst húsið í eigu Kvenfélagsins Kvik sem kom á fót elliheimili í húsinu. Húsið var eftir það kallað Höfn en það varð betur þekkt sem Elliheimilið. Í Húsasögunni er birt virðing Imslandshúss frá 1896: ““[...] 12 ál langt og 11 ál breitt 10 ál hátt Byggt úr bindingsverki, múrfyllt í allan binding. Það er klætt utan með plægðum borðum, þakið er úr borðum með galvaniseruðu járni yfir, það er alþiljað innan bæði uppi og niðri, í því eru 3 herbergi eldhús og forstofa niðri og á loftinu eru 5 herbergi. [...].”” Lars Imsland yngri lét byggja annað hús þvert á eldra húsið við norðausturhlið þess. Ekki er lengur starfrækt elliheimili í húsinu og er það nýtt sem íbúðarhús.

Húsið er í grónum garði á flatlendi. Lágir víðirunnar afmarka lóðina. Vestan við húsið þar sem kálgarður 352 var vaxa gamlar bjarkir og reynitré.

Imslandshús er reisulegt og fallegt hús sem virðist vel við haldið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 68-70

NM-249:352 heimild um kálgarð 733105 538258

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður VSV við Imlandshús 351. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um matjurta- og blómagarð á lóðinni sem var 177 m2 að stærð.


Garðurinn umhverfis Imslandshús er á flatlendi og er gróinn. Fast VSV við húsið vaxa gamlar bjarkir og reynitré. Lítill skúr og garðhýsi eru innan þess hluta garðsins þar sem kálgarðurinn var. Víðirunnar eru á lóðamörkum til VSV og NNV.

Engin skýr ummerki sjást um hleðslu umhverfis kálgarðinn. Þó er lítt afgerandi kantur utan við bjarkir og reynitré næst húsinu sem er 0,1 m á hæð. Ætla má að hann hafi myndast vegna trjáróta undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Grasflöt og trjágróður eru þar sem kálgarður 249:352 var áður, horft til ANA.



Staðsetning kálgarðs 249:352 við Imslandshús 249:351 og afstaða minja innan lóðar hússins á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 145

NM-249:353 heimild um skemmu 733148 538317



Meint geymsluhús 249:353 við Efri-Borgarhól 249:177 er innan rauðs hrings á mynd sem tekin var á árunum 1893-1895. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Í Fasteignamati 1916-1918 er getið um hús á lóð Borgarhóls (Efri-) 177: "Geymsluhús stærð l. 5,7, br. 5. h. 4,5 (v.h. 2,2). Steinsteypuhús upp að höfuðbitum [?], þak járnvarið. Viðbyggt þurrkhús með geymslulofti, stærð l. 5,4. br. 5. h. 5,5. (vh. 3 m). Þak járnklætt. Aldur hússins um 20 ár." Þetta hús er ekki teiknað á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og ekki er vitað hvar húsið stóð inni á lóð Borgarhóls við Austurveg 17. Líkur eru til þess að þetta hús sjáist á ljósmynd eftir Eyjólf Jónsson sem tekin var á árabilinu 1893-1895. Á myndinni sést fremur lítið hús rétt ofan og austan við Efri-Borgarhól en neðan við Austurveg 366. Hús þetta virðist hafa verið í suðausturhorni lóðarinnar, um 20 m suðaustan við Efri-Borgarhól.

Í suðausturhorni lóðarinnar við Austurveg 17 er malarvegur sem liggur að Neðri-Borgarhóli 178 við Austurveg 17B.

Engin ummerki sjást um húsið sem hefur að líkindum verið rifið.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 143; Ljósmynd Eyjólfs Jónssonar 1893-1895

NM-249:354 heimild um kálgarð 732835 537985

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknaður kálgarður fast suðvestan við Hól 294 og hefur að líkindum tilheyrt því húsi. Hann var í aflíðandi halla frá Vesturvegi en þegar komið er litlu niður fyrir húsið Hól er brött brekka niður að ánni. Þar er mikill gróður, runnagróður, rifs svo dæmi séu tekin. Ofan við brekkuna eru gömul tré, greni, birki og reynir.

Engin ummerki sjást lengur um kálgarðinn en innan hans var byggt hesthús, hlaða og þvottahjallur eftir 1924, sjá 530.

Hættumat: hætta, vegna rasks

NM-249:355 heimild um fiskreit 733217 538369

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um fiskreit á lóðinni sem Kristínarskúr 181 stóð á. Nákvæm staðsetning reitsins er ekki þekkt en ætla má að hann hafi verið niður við sjó. Talsverð landfylling er með ströndinni og hefur hún breytt ásýnd svæðisins mikið.


Á lóð Kristínarskúrs er slétt malarplan í aflíðandi halla frá Austurvegi niður að sjó til NNV.

Engin ummerki sjást um fiskreit og eru líkur til þess að hann hafi horfið undir landfyllingu eða annars rasks á lóðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 149

NM-249:356 heimild um fjós 733191 538363



Staðsetning fjóss 249:356 á lóð Jónshúss 249:161 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er nefnt fjós á lóð Jónshúss 161 við Austurveg 23: "Fjós, stærð l. 5,4, br. 3,4, h. 3,15. (v.h. 2 m). Grindarhús, þak járn á rimlum, veggir trjeklæddir. Viðbyggður skúr, stærð. l. 5,4. br. 2,2 h. 1,7. Þakjárn á rimlum veggir trjeklæddir." Einnig nefnd safnþró í fasteignamatinu sem ekki er skráð sérstaklega og hefur líklega verið sambyggð fjósinu þó að ekki sé hægt að fullyrða það. Ætla má að fjós þetta hafi verið þar sem hús er merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920, um 10 m vestan Jónshús. Í Fornleifaskráningu Seyðisfjarðar eftir Bjarka Borgþórsson segir um hús á lóðinni, sem ætla má að sé gamla fjósið: "Um miðja [20.] öldina voru enn uppistandandi veggir hússins en íbúar í nágren[n]inu notuðu grunninn meðal annars til að losa sig við sorp. Nú hefur svæðið verið rutt og ekki sést móta fyrir

veggjunum lengur.”

Útihúsið var í jaðri lóðarinnar þar sem er slétt grasflöt í órækt. Talsverð landfylling er á sjávarbakkanum til norðurs og gríðarmikil landfylling til norðausturs þar sem Lónsleiran og fleiri götur eru.

Engin ummerki sjást lengur um fjósið vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 148; Kaupstaðarkort V 1915-1920; Bjarki Borgþórsson, 75

NM-249:357 heimild um leið 733177 538348

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknaður vegur eða stígur sem liggur frá Austurvegi 366, meðfram austanverðu Pálshúsi 078 og niður að bátahúsi 115 til NNV. Leiðin lá innan lóðar Pálshúss, á milli þess húss og Jónshúss 161.

Á milli Pálshúss og Jónshúss er slétt malarplan sem nær niður að sjávarbakka.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:358 heimild um kálgarð 733200 538338

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er nefnt að matjurtagarður, 260 m2 að stærð, sé á lóð Jónshúss 161. Ekki er teiknaður kálgarður innan lóðar Jónshúss á kaupstaðarkort frá 1915-1920. Ekki er víst hvar þessi matjurtagarður hefur verið en líklegast er að hann hafi verið ofan og SSA við Jónshús.

Þar er slétt og flatt malarplan.

Engin ummerki sjást lengur um matjurtagarðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 148

NM-249:359 heimild um kálgarð 733103 538305

Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að á lóð Waageshúss 162 hafi verið blóma- og matjurtagarður sem var 108 m2. Ekki er ljóst hvort garðurinn var ofan eða neðan við húsið. Mun meira rými var á lóðinni neðan við húsið heldur en ofan við það svo að líklegt er að kálgarðurinn hafi verið neðan við húsið eða norðvestan við það.

Aftan við Waageshús er malarplan og skúr sem virðist ekki gamall. Einnig er þar á bakka lónsins steinsteypt verkstæðisbygging á lóð Austurvegar 15B en þar er rekin kajakleiga og


ferðaþjónusta.

Engin ummerki um blóma- og matjurtagarð sjást á lóð Waageshúss.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 142

NM-249:360 heimild um kálgarð 733083 538296



Staðsetning kálgarðs 249:360 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er stór kálgarður ofan (SSA) við Myndahúsið 174. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er talinn upp matjurta- og blómgarður á lóð Myndahúss Jóns Sigurðssonar kennara sem var 124 m2 að stærð. Rimlagirðing var í kringum garð og lóð.


Kálgarðurinn var þar sem húsagarður á lóð Austurvegar 13B er. Þar er sléttuð grasflöt að hluta og malarplan að hluta.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 140

NM-249:361 heimild um fjós 733229 538310



Staðsetning meints fjóss 249:361 og útihúss 249:362 innan lóðar Steinsholts á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er stórt mannvirki merkt um 10 m sunnan Steinholts 157. Ekki er vitað hvert hlutverk þess var en sennilega er um einhvers konar útihús að ræða. Mögulega gegndi þetta hús hlutverki fjóss sem nefnt er í Fasteignamati frá 1916-1918: “Fjós, stærð l. 5,1, br. 3,85, h. 5,4 (v.h. 3,6). Grindarhús, þak pappaklætt, veggir úr timbri. Viðbyggður skúr, l. 3, br. 1,85. h. 2 m. Aldur hússins 8 ár.” Fjósið hefur því verið byggt 1908-1910. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Sigfús Pétursson trésmiður byggði hús á lóðinni fyrir ofan Steinholt eftir 1924. Í því var hann með trésmíðaverkstæði, fjós og hlöðu. Ekki er ljóst hvar þetta hús hefur verið en ekki er ólíklegt að það hafi verið á sama eða svipuðum stað og eldra fjós.




Tvær myndir frá ólíkum tímum sýna meint fjós 249:361 á lóð Steinsholts innan rauðs hrings.

Á þessu svæði þar sem meint fjós stóð er að hluta malarplan (bílastæði) og að hluta slétt grasflöt. Þar ofan við hefur verið útbúinn jarðvegsstallur þar sem búið er að reisa íbúðarhús.

Engin ummerki um húsið sjást lengur og hefur það líklega verið rifið.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 152; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 87

NM-249:362 heimild um útihús 733241 538309

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er mannvirki teiknað um 15 m suðaustan Steinholts 157, í ASA-horni lóðarinnar. Ekki er vitað hvert hlutverk þess var en sennilega var um einhvers konar útihús að ræða. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er þessa húss ekki getið.

Ofan við Steinsholt og á lóðamörkum þar sem meint útihús stóð hefur verið útbúinn jarðvegsstallur þar sem búið er að reisa íbúðarhús.

Engin ummerki um útihúsið sjást lengur vegna byggingaframkvæmda en það hefur líklega verið búið að rífa það áður en byggingarframkvæmdir hófust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:366 *Austurvegur* heimild um leið 733007 538223

“Fyrir aldamótin [1900] síðustu var sáralítil byggð við þennan tengiveg milli bæjarhlutanna tveggja, Öldu og Búðareyrar,” segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Austurvegur er sýndur á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Ekki er vitað fyrir víst hvenær hann var gerður en það hefur að líkindum verið skömmu fyrir aldamótin 1900. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er vegurinn nefndur Búðareyrarvegur. Vegurinn liggur frá brúnni yfir Fjarðará eftir flatlendi meðfram suðaustanverðu Lóninu og áfram upp í aflíðandi halla þar sem sveigja er á veginum ofan við Lónsleiru sem er landfylling.



Horft út Austurveg 249:366 til ANA.



Austurvegur um 1930. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 52. Höf. óþ. (Héraðsskjalasafn Austurlands).


Við Austurveg er blönduð byggð, talsvert af íbúðarhúsum en einnig ýmis rekstur og menningarstarfsemi. Lóðirnar við veginn eru flestar grónar en enn eru nokkrar þeirra óbyggðar.

Austurvegur liggur ANA-VSV og er nú malbikaður tvíbreiður vegur á sama stað og gamli vegurinn. Engin ummerki sjást um eldri vegagerð. Ekki er útilokað að leifar af gamla veginum séu varðveittar undir þeim nýja.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 52; Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 145

NM-249:367 heimild um kálgarð 733114 538055



Staðsetning kálgarðs 249:367 er sýnd hér á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Sunnarlega á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er mannvirki teiknað við áveitukerfi 371. Nákvæmt hlutverk þess er ekki merkt. Þarna hefur að öllum líkindum verið kálgarður en ekki er ljóst hvaðan hann var notaður. Kálgarðurinn var á horni Suðurgötu (eins og hún liggur í dag 2018) og Túngötu.


Þar í horninu og til austurs er aflíðandi halli frá Túngötu til norðurs og svo tekur við flatlend grasflöt.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást vegna sléttunar og vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:368 heimild um hesthús 733105 538123



Staðsetning meints hesthúss 249:368 er sýnd hér á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Lítið hús er teiknað á kaupstaðarkort frá 1915-1920 við áveitukerfi 371 um 65 m norðan við meintan kálgarð 367. Það er á túni sem ætla má að hafi tilheyrt Bjarka 163. Nákvæmt hlutverk hússins er ekki merkt inn á kortið. Ætla má að þarna hafi verið einhvers konar útihús. Í Fasteignamati fyrir Bjarka er getið um hesthús úr torfi og grjóti sem er ekki teiknað inn á lóð Bjarka á kaupstaðarkorti. Ekki er ólíklegt að þetta hesthús hafi verið þar sem hús er teiknað á kortið, á túni sem tilheyrði Bjarka. Húsið var þar sem nú (2018) er norðausturjaðar leikvallar vestan við Sundhöll Seyðisfjarðar.

Umhverfis leikvöllinn er slétt grasflöt.

Samkvæmt fasteignamati var hesthúsið 4,8x4,6 m að stærð. Engin ummerki um húsið sjást á yfirborði. Ekki er ljóst hvers vegna það er horfið en líklegt er að það hafi verið rifið og/eða horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 135

NM-249:371 heimild um áveitu 733091 538148

Mikið skurðakerfi sést á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 í túnum Bjarka 163, Imlandshúsa 351 og Steinholts 157 ofan við Austurveg. Líklega voru skurðirnir framræsluskurðir frekar en áveituskurðir.

Ofan og sunnan (SSA) við Austurveg er aflíðandi halli niður að Lóninu til norðurs (NNV). Þar er komin mikil íbúðabyggð.

Engin ummerki um skurðina sjást lengur vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar. Ekki er útilokað að eitthvað af þessum skurðum séu heillegir undir sverði þar sem fyllt hefur verið upp í þá.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:372 hús hjallur 733052 538279

Neðarlega á lóð Óss 167 við Austurveg 9 eru tvö hús þétt saman. Það minna virðist geta



Hjallur 249:372, horft til norðvesturs.

verið útihúsið frá Ósi sem notað var sem myndbandaleiga í seinni tíð, sjá 159. Hitt húsið er hjallur sem skráður er sérstaklega. Gömul mynd er af þessum húsum í Húsasögunni og í myndatexta segir: “Hjallur og geymsluskúr neðan við Ós.” Þar er líklega átt við að geymsluskúrinn sé hús sem skráð er undir númerinu 159 en hjallurinn hefur að öllum líkindum einnig gegnt hlutverki geymsluskúrs því rimlar eru aðeins í veggjum í VSV-enda hússins. Ekki er vitað hversu gamall hjallurinn er en hans er ekki getið í Fasteignamati frá 1916-1918 eða sýndur á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 og er því að öllum líkindum yngri en þessar heimildir.

Húsið stendur á flatlendri lóð, alveg í norðvesturjaðri hennar. Framan við það til suðausturs er malarplan en grasi gróið sitt hvorum megin við það og aftan við það, utan lóðarinnar.

Hjallurinn er allstórt hús með rislofti. Það er klætt með bárujárni. Ástand hússins er fremur bágborið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 65

NM-249:375 heimild um kálgarð 732907 538447



Kálgarður 249:375 er sýndur við Auroru 249:304 á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er mannvirki teiknað fast sunnan og suðvestan við húsið Aurora 304 við Öldugötu 14. Samkvæmt skýringum virðist mannvirkið vera rétt en líklegra er að um kálgarð sé að ræða líkt og á lóð Gamla skólans 302. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er hvorki minnst á rétt né matjurtagarð en getið er um afgirtan blómgarð á lóðinni.

Á lóð Öldugötu 14 er slétt grasflöt umhverfis nýlegt hús sem þar stendur. Víðir vex á lóðamörkum. Engin ummerki sjást um kálgarð eða önnur mannvirki á lóðinni.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður,

70

NM-249:376 heimild um brunn

Í Fasteignamati frá 1916-1918 fyrir Sjúkrahús 146 kemur fram að á lóðinni var vatnsþró og vatnsleiðsla í rörum. Þessi mannvirki eru hins vegar ekki sýnd á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 og ekki er vitað hvar vatnsþróin var.

Spítalalóðin er fremur flatlend og slétt en þó náði hún upp í aflíðandi brekku neðan við Múlaveg.

Ætla má að vatnsþróin hafi verið ofarlega eða suðaustarlega á lóðinni þar sem hægt var að nota hallann til að leiða vatnið inn í Sjúkrahúsið. Engin ummerki sjást lengur um hana eða vatnsleiðsluna.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 134

NM-249:393 heimild um leið 732816 538400



Leið 249:393 sem lá frá Firði 249:001 að Bankanum 249:148 og sýnd er á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er leið merkt sem tengir saman Fjarðartorfuna (sjá 001) og kaupstaðinn. Leiðin liggur í sveig frá Fjarðarbænum 001 í austri og að norðurhorni Bankans/Hótel Seyðisfjord 148 við Oddagötu 6 til vesturs. Leiðin sést ekki austan við Ránargötu. Þar er gróin lóð í kringum Seyðisfjarðarkirkju 050 og malarplan. Vestan við Ránargötu er enn malarvegur á leiðinni sem liggur að húsi við Fjörð 1.

Flatlent svæði.

Engin ummerki sjást um leiðina innan verndarsvæðisins.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:394 heimild um rétt 732845 538414

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er mannvirki fast norðvestan við Fangahús 175 sem stóð við Oddagötu 4. Samkvæmt skýringum á kortinu var mannvirkið rétt. Sé tekið mið af hlutverki Fangahússins er líklegt að um lítinn afgirtan garð hafi verið að ræða sem fangar hafa getið viðrað sig í. Ekki er getið um girðingu eða önnur mannvirki á lóð Fangahússins en Fangahúsið sjálft og geymsluskúr fyrir slökkviáhöld, sjá 175.

Sléttuð en ójöfn grasflöt er þar sem Fangahúsið og garðurinn var, sunnan við spennustöð Rarik,

á þríhyrningslaga flöt á milli tveggja gatna sem báðar tilheyra Oddagötu.

Engar sýnilegar minjar eru um garðinn á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:395 heimild um trjágarð 732853 538341



Trjágarður 249:395 við Gíslahús 249:223, horft til norðurs.



Staðsetning og stærð trjágarðsins er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkort frá 1915-1920 er trjágarður teiknaður sunnan Gíslahúss 223. Um hann var girðing úr tré samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918.

Slétt grasflöt er í trjágarðinum en birkitré og hlynur inni í garðinum. Víðirunni er meðfram suðausturjaðri garðsins og rifs er meðfram suðvestur- og norðvesturhliðum.

Engin sýnileg mannvirki afmarka garðinn en smákantur er meðfram beði með víðirunnum á suðausturhlið garðsins.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 96

NM-249:396 hús fjós 732848 538352



Meint fjós 249:396, horft til austurs.

Lítið steinsteypt hús er á lóð Gíslahúss 223 við Bjólfsgötu 8. Þessa húss er ekki getið í Fasteignamati frá 1916-1918 og er heldur ekki sýnt á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Það er hins vegar sýnt á korti af Seyðisfirði sem unnið var af Jóni Víðis árið 1925. Húsinu hefur verið breytt í bílskúr og eru stórar dyr á norðausturgafli hússins. Líklegt er að upphaflega hafi það verið notað sem fjós og er það þá eitt af fáum

steinsteyptum fjósum innan þéttbýlisins á Seyðisfirði sem enn eru varðveitt.

Húsið er á flatlendri gróinni lóð.

Húsið er í góðu ástandi, hvítmálað með blátt bárujárnsþak.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Kort Jóns Víðis 1925

NM-249:397 *Gamla bakarí* mannvirki 732878 538403

Gamla bakarí var við Oddagötu 3. Það var rifið fyrir fáum árum síðan að sögn heimildamanns, Ólafs Guðnasonar, íbúa á Bjólfsgötu 6, og var þá að hruni komið. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar segir að húsið hafi verið reist árið 1890 og var það 22 m2 að stærð. Jörgensen bakari bakaði í húsinu frá 1890 til að minnsta kosti 1903. Þá fór hann að baka brauð í Odda NM-251:002. Í Húsasögunni segir einnig: “Ekki er vitað til að önnur starfsemi hafi verið í gamla brauðgerðarhúsinu eftir að bakaríið lagðist af [árið 1903] og hefur



Steypt gólfplata á þeim stað sem Gamla bakarí 249:397 var á, horft til austurs.



Á þessari mynd sést Gamla bakarí 249:397 innan rauðs hrings. Aldur myndarinnar er ekki þekktur en hún hefur verið tekin eftir 1917 því búið er að flytja Bindindishús 249:295. Höf. óþ.

það mest verið notað til geymslu [...].” Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um “Brauðgerðarhús á Fjarðaröldu: “Brauðgerðarhús, stærð l. 5,1 m. br. 4,5 m. h. 3,5 m. (v.h. 2,7 m.). Viðbyggt geymsluhús, stærð l. 5,1, br. 5,1. h. 3,4 m.) Timburhús (grindbyggt). Þök járnvarin. Viðbyggður kolaskúr, stærð l. 2,4 br. 9,6, h. 2 m. Þak járnvarið. Aldur húsanna um 30 ár”. Lítil ummerki um bakaríið sjást lengur en þó er steypt gólfplata á staðnum.

Malarbingur er norðaustan við gólfplötuna. Í kringum hana er möl og grjót sem gras er farið að vaxa í. Gólfplatan er 3,4x2,3 m að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 308-309; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 86

NM-249:398 heimild um kálgarð 732892 538406

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður suðvestan og suðaustan við Ingimundarhús 286. Engin ummerki sjást um kálgarðinn lengur.

Flatlent svæði er í kringum húsið. Verið er að byggja við Ingimundarhús þar sem kálgarðurinn var og búið að grafa fyrir og steypa undirstöður grunns með kjallara.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn en þess má geta að gömul tré, greni, reynir og birki eru á lóðamörkum á móti Bjólfsgötu 6.

Hættumat: stórhætta, vegna byggingar

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:399 *Neðribúð* heimild um verslunarstaður 732863 538461

Neðribúð stóð við Öldugötu eins og hún lá áður fyrr, fast vestan við Mörbúðina 031 sem stendur við Öldugötu 16. Húsið brann til kaldra kola árið 1931 eins og fram kemur í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Á sama eða svipuðum stað stendur nú (2017) íbúðarhús við Oddagötu 4e. Í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birtist í Eimreiðinni 1903 segir um Neðribúð: "Langa húsið er Neðribúðin. Hana bygði Jón Árnason, kallaður Árnasen, 1856, hafði áður verzlað 2 ár á Eyrinni (Vestdalseyri), en var þar áður verzlunarstj. Ö. &W. Á Öldunni verzlaði hann undir nafni Knutzons og var það kölluð Neðribúðin til aðgreiningar frá Glasgów [124], sem var ofar. V. T. Thostrup kaupir af Knutzon 1873, en Þórarinn Guðmundsson af



Neðribúð 249:399 um 1875. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 435. Höf. Friðrik Løve (Þjóðminjasafn Íslands).

Thostrup 1901." Neðribúð er lýst með eftirfarandi hætti í Fasteignamati frá 1916-1918, en þar er hún sögð 73 ára, byggð 1845: "Íbúðarhús, skrifstofa og sölubúð, stærð l. 21,7, br. 7,9, h. 7,3 m. (v.h. 3,2) Timburhús (grindarhús) Þak járnvarið. Viðbyggður skúr, stærð l. 13,75. br. 1,95, h. 3,4 m. Þak járnvarið. Aldur: Tveir þriðju hlutar hússins eru 73 ára gamlir, en einn þriðji

hluti (sölubúðin) 25 ára. Þegar sölubúðin var byggð var gamla húsið mikið endurbætt t.d. klætt utan og járnþakið sett.”

Suðvestan við íbúðarhúsið við Oddagötu 4e er slétt grasflöt og eitt stórt aspartré en víðirunni á lóðarmörkum til suðvesturs og norðvesturs.



Neðribúð 249:399 er fyrir miðri mynd. Höf. E. Chouillon (Þjóðminjasafn Íslands).

Engin ummerki sjást um Neðribúð. Lóðin sem tilheyrði versluninni var mjög stór en hún er talin 9230 m2 í Fasteignamatinu 1916-1918 og er sýnd á kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Innan hennar voru, auk Neðribúðar, Mörbúð 031, fjós og hesthús (sjá 205 og 404), Nýja-Glasgow (sjá Glasgow 124), fiskgeymsluhús (sjá 125) og kolageymsluhús (sjá 378), auk fiskireits 377, Tostrupsbryggju 122, bryggju við Glasgow 126 og trjágarðs 400. Aðeins hluti lóðarinnar lendir innan verndarsvæðis í byggð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 88; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 68; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:400 heimild um trjágarð 732854 538451



Mynd tekin í trjágarðinum 249:400 á milli Neðribúðar 249:399 og Rekdahlshúss 249:193. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er trjágarður teiknaður á milli Rekdahlshúss 193 og Neðribúðar 399. Lóðamörk liggja um hann miðjan svo hann virðist hafa tilheyrt bæði lóð Neðribúðar og Rekdahlshúss. Garðurinn var líklega að hluta undir húsi við Oddagötu 4e og að hluta suðvestan við það.

Sléttuð grasflöt er suðvestan við Oddagötu 4e.

Engin ummerki sjást um trjágarðinn, engin tré og engin mannvirki sem afmörkuðu hann. Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að blómagarður hafi verið afmarkaður með trégirðingu og ætla má að blómagarðurinn og trjágarðurinn sé einn og sami garðurinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 69

NM-249:401 heimild

Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að á lóð Efri-Borgarhóls 177 við Austurveg 17 hafi verið safngryfja sem var 2,5x3 m að stærð. Ekki er getið um útihús á lóðinni í fasteignamatinu sem safngryfjan hefur getað verið í tengslum við og er hún því skráð sérstaklega. Ekki er vitað hvar safngryfjan var og því reyndist ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m nákvæmni. Engin ummerki eru um mannvirkið á lóðinni við Austurveg 17.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 143

NM-249:402 heimild um kálgarð 732846 538438

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður suðvestan við Rekdahlshús 193. Kálgarðurinn var á auðri lóð á milli húsa við Oddagötu 4b og 4e, norðvestan við spennustöð RARIK.

Sléttuð grasflöt er þar sem kálgarðurinn var.

Engin ummerki sjást um hann lengur.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:405 heimild um kálgarð 732835 538252



Staðsetning kálgarðs 249:405 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Húsið næst ströndinni er Neðribúð, þá kemur trjágarður, Rekdahlshús og loks kálgarðurinn.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður um 10 m vestan Skósmiðjunnar 281. Kálgarðurinn var líklega þar sem lóðamörk Norðurgötu 7 eru við Ránargötu. Þar er sléttuð grasflöt og rifs- og víðirunnar á lóðamörkum.

Kálgarðurinn var að hluta í húsagarði og að hluta rétt utan hans, við Ránargötu. Gömul birkitré eru á því svæði.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:406 heimild um trjágarð 732858 538227




Trjágarðurinn 249:406 við Hrólfshús/Láruhús 249:278. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er trjágarður teiknaður umhverfis Hrólfshús/Láruhús 278. Ránargata liggur að hluta yfir garðinn. Aftan við Hrólfshús er húsagarður, næst húsinu er hellulögð stétt með útiborðum og bekkjum en fjær er slétt grasflöt. Eitt stórt reynitré er í garðinum en búið er að saga niður nokkur önnur gömul tré.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:407 heimild um kálgarð 732876 538162



Kálgarður 249:407 er sýndur á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 ásamt húsum á lóð Sólvangs.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður rúmlega 10 m sunnan við húsið Sólvang 272. Garðurinn var við lóðamörk á milli lóðar Sólvangs við Norðurgötu 1 og Elverhøj 155 við Vesturveg 3.

Þar er malbikað bílastæði við matvöruverslunina Samkaup.

Engin ummerki sjást lengur um kálgarðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:408 heimild

Í Fasteignamati frá 1916-1918 kemur fram að á lóð Sjúkrahússins 146 við Suðurgötu 8 hafi verið safngryfja en stærð hennar er ekki gefin upp. Engin útihús eru talin upp í Fasteignamatinu sem safngryfjan hefur getað verið í tengslum við og er hún því skráð sérstaklega. Seinna var fjós 300 á lóðinni. Ekki er vitað hvar safngryfjan var og því reyndist ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m nákvæmni. Engin ummerki eru um mannvirkið á lóðinni við Suðurgötu 8.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 134

NM-249:409 heimild um kálgarð 732863 538135



Garðurinn framan við Elverhøj þar sem kálgarður og trjágarður 249:409 voru, horft til suðausturs.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður vestan við Elverhøj 155 og innan hans er trjágarður. “Hið elsta af trjám í þessum görðum var ilmreynir við Elverhöj, gróðursettur 1920,” segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Kálgarðurinn og trjágarðurinn voru á lóð Elverhøj við Vesturveg 3.

Þar er slétt grasflöt með mikið af gömlum trjám; birki og reyni.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn en þess má geta að rabarbari og rifsberjarunni eru í vesturhorni garðsins. Trén í garðinum eru væntanlega að hluta til úr gamla trjágarðinum.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; BS, 15

NM-249:410 heimild um leið 732867 538156

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknuð leið sem liggur frá Vesturvegi (sjá 428) til suðurs og endar við Elverhøj 155. Leiðin er á svipuðum eða sama stað og heimreiðin að húsinu liggur í dag (2017).

Engin ummerki um eldri veg sjást á yfirborði.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:411 hús fjós 732883 538125



Fjós 249:411 við Elverhøj, horft til SSV



Hér sést fjósið innan rauðs hrings á gamalli mynd sem tekin er yfir Fjarðará frá Austurvegi. Höf. óþ.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er lítið mannvirki teiknað um 5 sunnan Elverhøj 155. Það var að öllum líkindum fjós en í fasteignamati 1916-1918 fyrir Seyðisfjarðarkaupstað er getið um fjós á lóð Elverhøj: "fjós, stærð l. 5,25, br. 4,25, h. 4,5 m (v.h. 3m.). Steinsteypuhús. Þak pappaklætt. Aldur 5 ár." Fjósið stendur enn (2017) á lóð Elverhøj við Vesturveg 3 og er því yfir 100 ára.

Fjósið er á gróinni lóð, fast sunnan við lóðamörk á milli Vesturvegar 3 og Vesturvegar 5.

Fjósið virðist í góðu ástandi, þak er heilt og gluggar og dyr í lagi. Á vesturgafli eru tvíbreiðar dyr sem gefa til kynna að fjósið hafi verið notað sem bílskúr á seinni árum. Lítill gluggi er ofan við dyrnar. Lítil viðbygging er á húsinu út frá austurgafli sem er mjórri og lægri en vesturhluti hússins. Húsið er fagurlega málað með litríkum mynstrum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 114

NM-249:412 heimild um kálgarð 732866 538109



Staðsetning kálgarðs 249:412 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Einnig sést hvar leið 249:473 hefur legið niður að Fjarðará.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður vestan Miðbæjar 289 á lóð við Vesturveg 5.

Kálgarðurinn var fast VSV við Vesturveg. Á lóðinni er sléttuð grasflöt og trjágróður. Gömul reynitré og grenitré eru næst veginum og rabarbari.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn. Ekki er þess getið í fasteignamati frá 1916-1918 að girðing eða gerði hafi afmarkað kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 118

NM-249:413 heimild um kálgarð 732855 538085

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður vestan við íbúðarhúsið Bakka 290 við Vesturveg 7. Kálgarðurinn var á milli Vesturvegar og Bakka og er að líkindum að hluta kominn undir núverandi veg.

Kálgarðurinn var þar sem er nokkuð flatlend, sléttuð grasflöt með þéttum trjágróðri. Trén eru mörg orðin nokkuð gömul, birki, reynir og greni.



Staðsetning kálgarðs 249:413 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920. Á því sést einnig hvar leið 249:417 liggur niður að Fjarðará.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn. Ekki er þess getið í fasteignamati frá 1916-1918 að girðing eða gerði hafi verið í kringum kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918: undirmat, Seyðisfjörður, 119

NM-249:414 heimild um leið 732826 538167



Lágur hryggur er norðaustan við göngustíg sem liggur að Gamla-Sýslumannshúsinu. Þar lá leið 249:414 sem sýnd er á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920, horft til vesturs.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknuð leið sem liggur af Vesturvegi 428 að Gamla-Sýslumannshúsinu 291. Leiðin lá fast norðaustan við göngustíg sem liggur að húsinu suðvestanverðu.

Lóðin sem leiðin lá um er grasi gróin og flatlend. Innan hennar er talsverður trjágróður.

Þar sem ætla má að leiðin hafi legið er lágur hryggur sem er 11-12 m á lengd, 2 m á breidd og 0,1 m á hæð. Hann sést ekki utan lóðamarka til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:415 hús fjós 732803 538184

Á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er hús teiknað um 10 m vestan við Gamla-Sýslumannshúsið 291, inni á lóð þess. Það stendur enn og var fjós og geymsla skv. Fasteignamati frá 1916-1918: “Geymsluhús og fjós, stærð l. 10,4 m. br. 3,6, h. 3,8 (v.h. 2,2). Byggt úr steinsteypu þak pappaklætt. Aldur 5 ár.” Talið með lóðinni er safngryfja: “steinsteypt með timburþaki, stærð l. 3,6. br. 3,6 m.” Er þar líklega um að ræða haughús fyrir fjósið.

Húsið stendur við norðvesturjaðar lóðarinnar við Vesturveg 8. Lóðin er gróin og á henni vex talsverður trjágróður.

Húsið hefur verið nýtt sem geymsla og bílskúr síðustu ár af núverandi eigendum. Þeir hafa gert




Fjós 249:415, horft til norðurs.

það upp að miklu leyti. Gólfið var steypt, nýtt þak er á því og gert hefur verið við veggi. Dyr eru á miðri suðausturhlið. Gluggar voru sitthvoru megin við þær en steypt hafði verið upp í þá. Staðsetning þeirra er sýnd með hvítmáluðum rimlaflekum. Á norðausturgafli er bílskúrshurð. Haughús og mjólkurkælir voru við suðvesturenda hússins en búið er að rífa þau mannvirki og sjást engin ummerki um þau.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:416 heimild um kálgarð 732851 538055



Staðsetning kálgarðs 249:416 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknaður kálgarður inni á lóð við Vesturveg 9 ásamt Snæhvammi/Árbakka 216 og útihúsi/smiðju 237.

Lóðin við Vesturveg 9 er stór og gróin. Kálgarðurinn var þar sem er sléttuð grasflöt. Á henni vaxa mörg stór og gömul tré; greni og birki auk fleiri tegunda sem mun minna er af.

Þess er getið í Fasteignaskrá frá 1916-1918 að matjurtagarður sé á lóðinni og að í kringum hann sé girðing sem er torfgarður með vírstreng. Engin ummerki um kálgarðinn eða torfgarð í kringum hann sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920; Fasteignamat 1916-1918; undirmat Seyðisfjörður, 120

NM-249:417 heimild um leið 732864 538072

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er leið teiknuð sem liggur frá Vesturvegi 428 til suðausturs að Fjarðará. Leiðin var á milli lóða við Vesturveg 7 (Bakka) og Vesturveg 9 (Snæhvammur/ Árbakki) og lá líklega frá Leiruvíkurvaði 056.


Leiðin lá þar sem lóðamörk eru en þar vaxa rifsberjarunnar og annar runnagróður og há tré eru allt í kring.

Engin ummerki sjást um leiðina vegna gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:420 heimild um óþekkt 732879 538242




Staðsetning húss 249:420 er sýnd á gömlu korti af Seyðisfirði sem merkt er Siemens-Schuchert Werke og dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907. Kortið var gert í aðdraganda þess að kaupstaðurinn var rafvæddur og er í eigu RARIK.

Til er gamalt kort af Seyðisfirði sem merkt er Siemens-Schuchert Werke og dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907. Fyrirtækið Siemens-Schuckert í Kaupmannahöfn annaðist virkjunarframvæmdir í Fjarðarseli árið 1913 og hefur þetta kort verið gert í tengslum við þá framkvæmd. Það sýnir hús, vegi, símalínur og rafmagnslínur í kaupstaðnum. Á þessu korti er hús við Norðurgötu 4, á milli Pósthússins 280 við Norðurgötu 6 og Framtíðarinnar/ Kaupfélagsins 277 við Norðurgötu 2. Engar aðrar heimildir hafa fundist um þetta hús og er því ekki vitað hvenær það var byggt eða hvaða hlutverki það gegndi. Búið hefur verið að rífa það þegar kaupstaðarkort frá 1915-1920 var gert. Húsið sneri norðvestur-suðaustur, eins og gatan, og var heldur minna en Pósthúsið og húsin sem þá voru risin við Norðurgötu 3 og 5 (sjá 278 og 279).

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kort Siemens-Schuckert Werke 5.12.1911; BS, 195

NM-249:421 heimild um kálgarð 732831 538311



Staðsetning kálgarðs 249:421 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 við Jóhönnubæ 249:010.

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er kálgarður teiknaður fast suðvestan við torfbæinn Lón/Jóhönnubæ en kálgarðurinn tilheyrði því býli. Á þeim stað stendur Seyðisfjarðarkirkja 050 sem flutt var frá Vestdalseyri og vígð árið 1922. Samkvæmt Fasteignamati frá 1916-1918 var kálgarðurinn 189 m2 og var torfgarður umhverfis hann.


Öll ummerki um kálgarðinn eru horfin vegna bygginga og vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1917-1917; Fasteignamat 1916-

1918; undirmat Seyðisfjörður, 97

NM-249:422 heimild um óþekkt 732884 538233



Staðsetning húss 249:422 er sýnd á gömlu korti af Seyðisfirði sem merkt er Siemens-Schuchert Werke og dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907. Kortið var gert í aðdraganda þess að kaupstaðurinn var rafvæddur og er í eigu RARIK.

Til er gamalt kort af Seyðisfirði sem dagsett er 5.12. 1911 en virðist hafa verið mælt fyrir árið 1907. Það sýnir hús, vegi, símalínur og rafmagnslínur í kaupstaðnum. Fyrirtækið Siemens-Schuckert í Kaupmannahöfn annaðist virkjunarframvæmdir í Fjarðarseli árið 1913 og hefur þetta kort verið gert í tengslum við þá framkvæmd. Á þessu korti er lítið hús fast suðaustan við hús 420 sem staðið hefur við Norðurgötu 4, á milli Pósthússins 280 við Norðurgötu 6 og Framtíðarinnar/ Kaupfélagsins 277 við Norðurgötu 2. Engar aðrar heimildir hafa fundist um þetta hús og er því ekki vitað hvenær það var byggt eða hvaða hlutverki það gegndi. Búið hefur verið að rífa það þegar kaupstaðarkort frá 1915-1920 var gert. Húsið sneri þvert á stefnu götunnar og var fremur lítið í samanburði við nærliggjandi hús. Stærð þessi virðist ekki óáþekk stærð hússins við Norðurgötu 7 (sjá Magasín/Skósmiðju 281).

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kort Siemens-Schuckert Werke 5.12.1911; BS, 195

NM-249:428 *Vesturvegur* heimild um leið 732849 538141

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er Vesturvegur teiknaður og er það því gamall vegur. Leiðin liggur norðvestur-suðaustur. Vegurinn lá frá Norðurgötu til VSV, eins og hann gerir enn. Lengi hefur verið malbikaður, tvíbreiður vegur á Vesturvegi og er það leiðin til og frá Seyðisfirði þegar komið er yfir Fjarðarheiði.


Engin ummerki sjást um gamla veginn en ekki er útilokað að eitthvað sé eftir af honum undir núverandi vegi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:430 heimild um kálgarð 733004 538209

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er mannvirki teiknað 5 til 10 m norðan við Bjarka 163. Það



Staðsetning kálgarðs 249:430 við Bjarka 249:163 sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

er ekki teiknað sem réttur ferhyrningur og því er líklegt að um kálgarð sé að ræða frekar en að þarna hafi verið útihús. Í kortalykli er gerður greinarmunur á húsum og kálgörðum en litamunurinn er svo lítill að hann er víða ógreinanlegur. Kálgarðurinn var þar sem malbikað bílastæði er við félagsheimilið Herðubreið. Ekki er getið um matjurtagarð í Fasteignamatinu frá 1916-1918 á lóð Bjarka.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást vegna framkvæmda við bílastæðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kaupstaðarkort V 1915-1920

NM-249:436 heimild um sjóbúð

Krapahlaup varð á Seyðisfirði 1882: “Um kvöldið [13. jan] seint á vöku, dundu voðaleg og mjög eyðileggjandi krapaflóð yfir Fjarðarölduna við botn Seyðisfjarðar. [...] Tjónið af hlaupunum þessum var mikið, auk stórskemmda á húsunum tveimur [hótelinu 151, eig. J. Chr. Thostrup, og Baldurshaga 298, eig. Jónas Þ. Stephensen] eyðilögðu þau tvo fiskskúra, ásamt því, er í þeim var geymt, nokkra báta og ýmislegt fleira. Eignatjónið var metið þannig: Tjón Thostrups kr. 8000.00, Jónasar Stephensens kr. 3500.00, Jóns Einarssonar kr. 400.00, Guðmundar Jónssonar kr. 250.00 og Einars Pálssonar kr. 100.00, eða samt. Kr. 12250.00,” segir í Skriðuföll og snjóflóð II. Nákvæm staðsetning fiskiskúra þeirra sem nefndir eru hér að framan er ekki ljós en líklega voru þeir við Öldugötu, mögulega nálægt Thostrupsbryggju 122.

Heimildir: Skriðuföll og snjóflóð II, 290, 292

NM-249:473 heimild um leið 538094 538094

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er leið teiknuð sem liggur frá Vesturvegi 428 til suðausturs að Fjarðará. Leiðin lá á milli lóða við Vesturveg 5 (Miðbær) og Vesturveg 7 (Bakki).

Leiðin lá á svipuðum slóðum og heimkeyrsla að húsi sem heitir Björgvin (sjá 323) og stendur á lóð Miðbæjar 289. Sunnan við hana er trjágróður.


Engin ummerki sjást um leiðina.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:474 heimild um vatnsveitu 732841 538442

Á Seyðisfirði var lögð vatnsveita snemma á 20. öld og segir frá framkvæmdinni í Byggðasögu Seyðisfjarðar: “En upp úr aldamótunum [1900] er í alvöru farið að tala um vatnsveitu í



Vatnsveitan á Seyðisfirði er teiknuð inn á Kaupstaðarkort frá 1915-1920. Hér fyrir ofan hefur vatnsþró verið merkt sérstaklega (utan verndarsvæðis) og blálituð vatnsleiðsla sem liggur frá henni og greinist um Ölduna.

nútímaskilningi og þar var ekki látið sitja við orðin tóm eða vangaveltur. Knud Zimsen verkfræðingur, síðar borgarstjóri í Reykjavík, var fenginn til að gera áætlun um verkið. [...] [Var] ákveðið að láta svæði vatnsveitunnar ekki aðeins ná yfir Fjarðaröldu, heldur og alla byggðina sunnan ár út að húsinu Breiðabliki sem enn stendur við Austurveg. [...] Verkið hófst vorið 1903og var lokið sama haust. Friðrik [Gíslason úrsmiður] afhenti bæjarstjórn formlega vatnsveituna fullbúna 7. des. Árið 1907 var vatnsveitan stækkuð og síðan bætt við hana eftir efnum og ástæðum. Miklar endurbætur voru gerðar á henni á árunum 1935-36." Vatnsleiðslur eru teiknaðar inn á Kaupstaðarkort frá 1915-1920.

Vatnsveitan á Seyðisfirði hefur verið endurnýjuð og henni breytt í gegnum tíðina. Óvíst er að nokkuð sé eftir af elstu vatnsveitunni sem lögð var en vel má vera að hún sé enn til staðar ef hlutar hennar hafa verið aflagðar við breytingar á vatnslögnum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:BS, 189-190; Kaupstaðarkort V, VIII, IX 1915-1920

NM-249:475 heimild um kamar 732904 538463

"Sunnar litlu sér yfir Rasmussen [153] á eitt vöruhús Þórarins [Meyjarskemma 031]. [...] Sunnan undir því er bæjarstofnun, þar sem karlmenn geta skotist inn til skjótra þarfinda sinna, og gæti Seyðisfj. verið þar góð fyrirmynd Rvík og hinum borgunum, þar sem allir eru í vandræðum og

neyðast til að ganga allra erinda sinna í hvert afdrep sem fæst," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. "Þetta mál lá þungt á bæjarstjórn og var því tekið fyrir á fundi 3. mars 1897. Þar var ákveðið að leysa þetta mál með því að koma upp ákveðinni stofnun eða athvarfi, sem í fundargerð er nefnt því erlenda og fína nafni "pissoir." Var Gísla Jónssyni gullsmið falið að kanna kostnaðinn við smíði hússins og hvernig innréttingum yrði best hagað á slíkri stofnun. Ekki mátti kostnaður þó fara að neinu ráði fram yfir 100 krónur," segir í Byggðasögu Seyðifjarðar. Kamar þessi sem nefndur er í heimildum hér að framan var sunnan við Meyjarskemmuna 031 þar sem nú (2017) er malbikað plan á milli húsa við Öldugötu 14 og 16.

Engin ummerki sjást um kamarinn og ekki vitað hversu lengi hann stóð eða hver örlög hans urðu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Eimreiðin 1903, 89; BS, 183

NM-249:476 heimild um rafveitu 732908 538197



Rafveitan á Seyðisfirði er teiknuð inn á Kaupstaðar-kort frá 1915-1920 (rauðar línur). Sverari línur eru fyrir háspennu og fínni línur fyrir lágspennu. Á þessum hluta kortsins má sjá Norðurgötu og hluta af Vesturvegi.



Á þessari mynd má sjá rafmagnsstaura og raflagnir í Norðurgötu. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur.


Á Seyðisfirði var rafveita tekin í notkun árið 1913 og segir frá framkvæmdinni í Byggðasögu Seyðisfjarðar: “Eitt mesta framfaraátak í sögu Seyðisfjarðar var þó án efa rafveitan sem tekin var í notkun 1913. Hún varð í tímans rás heimilum hagræði og aflvaki atvinnulífs, og verður hvort tveggja seint metið. [...] Framkvæmdir hófust vorið 1913 og var hraði þeirra með ólíkindum. Rafstöðin ásamt stíflu í Fjarðará við Fjarðarsel var komin upp um haustið. [...] Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á virkjuninni síðan og hún stækkuð að mun, en enn í dag er þessi fyrsta riðstraumsvirkjun á Íslandi og um leið elsta virkjun heils byggðarlags stolt Seyðfirðinga og órækur vitnisburður um þann stórhug sem þá ríkti.” Raflínur eru teiknaðar inn á Kaupstaðarkort frá 1915-1920.

Innan kaupstaðarins á Seyðisfirði voru elstu raflínurnar loftlínur sem haldið var uppi af tréstaurum. Spennubreytar (transformat) voru einnig á nokkrum stöðum og bæði voru háspennulínur og lágspennulínur á dreifikerfinu. Rafmagn er nú allt komið í jörðu á Seyðisfirði og líklega lítið um sýnilegar minjar um þessa elstu rafveitu innan þéttbýlsins. Elsta virkjunin og stöðvarhúsið eru í landi Fjarðarsels en eru mikilvægur hluti af þessari framkvæmd. Þau mannvirki eru hins vegar utan verndarsvæðis í byggð á Seyðisfirði og voru því ekki skráðar í tengslum við það 2017-2018.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:BS, 193-195; Kaupstaðarkort V, VIII, IX 1915-1920

NM-249:477 heimild um óþekkt 733011 538253



Bakhús 249:477 við Hótel Snæfell sést hér á mynd sem tekin er eftir 1937 en nákvæmur aldur hennar er ekki þekktur. Aftan við það glittir í bakhús 249:478. Höf. óþ.

Á korti Jóns Víðis af Seyðisfirði frá 1925 sést lítið hús baka til á lóð Hótels Snæfells 165. Það er ekki sýnt á eldri kortum. Hlutverk hússins er ekki þekkt en af gömlum ljósmyndum að dæma hefur það líklega verið hjallur og geymsluhús eða skemma. Einnig kemur til greina að þarna hafi verið þvottahjallur og útihús.


Hótel Snæfell er á flatlendri gróinni lóð. Hellulögð stétt er meðfram húsinu að suðvestanverðu og að húsabaki. Þar er einnig áttstrendur steyptur grunnur.

Engin ummerki sjást um húsið lengur og ekki er vitað hvenær það hvarf af sjónarsviðinu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kort Jóns Víðis 1925

NM-249:478 heimild um óþekkt 733028 538261



Bakhús 249:478 á lóð Nýlendu sést hér á myndinni en bakhús 249:477 er ekki til staðar. Höf. óþ.

Á korti Jóns Víðis af Seyðisfirði frá 1925 sést lítið hús baka til á lóð Nýlendu 166. Það er ekki sýnt á eldri kortum. Hlutverk hússins er ekki þekkt en líklegt verður að teljast að það hafi verið hjallur og geymsluhús eða skemma. Einnig kemur til greina að þarna hafi verið þvottahjallur og útihús.


Sléttuð grasflöt er í kringum Nýlendu.

Engin ummerki sjást um húsið lengur og ekki er vitað hvenær það hvarf af sjónarsviðinu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kort Jóns Víðis 1925

NM-249:479 *Brúarkamarinn* heimild um kamar 732947 538195



Brúarkamarinn 249:479 er innan rauðs hrings við gömlu brúna 249:028 yfir Fjarðará. Mynd tekin snemma á 20. öld. Höf. óþ.



Á þessari mynd er búið að byggja nýja steinsteypta brú yfir Fjarðará sem tekin var í notkun 1937. Enn er kamar við brúna það að hann kunni að hafa verið endurnýjaður og staðsetningu hans hnikað til í tengslum við brúarsmíðina. Höf. óþ.

Lengi var útikamar við sunnanverðan austurstöpul brúar 028 yfir Fjarðará og sést hann á mörgum ljósmyndum sem sýna brúna á fyrri hluta 20. aldar. Um kamarinn var ritað í tímaritinu Hæni árið 1923: “Mikill ósómi er að því sem skrifað er innan á þiljur “litla hússins” við brúna. Er það þeim mun andstyggilegra þar sem ýmislegt bendir á, að þetta sé gert af unglingum og jafnvel börnum. Þetta ætti að afmá þegar í stað. Annars er og verður þessi staður bæjarskömm. Eða hvaða álit ætli ferðamenn fái á siðferðisástandinu, ef slíkt er látið viðgangast? Því er víst fljótsvarað.” Í handriti Sigurðar Magnússonar frá Þórarinsstöðum, sem Sólveig Sigurðardóttir hefur skrifað upp, er þessi stutta grein úr Hæni auk athugasemda hans sjálfs: “Litla húsið við brúna var útikamar, byggður á stöplum, Búðareyrar megin meðfram timburbrúnni á Fjarðará, að sunnanverðu við brúna. Kamar þessi var þarna svo lengi sem brúin stóð og sáust lengi merki

hans hvar hann hafði verið, því nokkur grjóthleðsla fylgdi húsi þessu, sem undirstöðuhleðsla við árbakkann. Þetta var timburhús, aðeins með einni setu, sem var yfir ánni, svo að þar voru skjólur óþarfar, áin sá fyrir því. Kamar þessi var mjög mikið notaður af ferðamönnum, einkum, en þó all mikið af bæjarbúum líka. Auk þess sem menn gengu þar örna sinna, var stundum skroppið þangað til þess að fá sér "einn léttan" og voru þá stundum tveir, þrír og jafnvel fjórir inni í einu. En þá mun hafa verið þar þröng á þingi. Þetta var mesta þarfahús, því vatnssalerni voru þá komin í fá hús, a.m.k. fyrstu ár kamarsins. Eitt skyggði þó á ánægjuna í húsi þessu, en það var ósómi sá sem hér að framan er getið." Sólveig Sigurðardóttir hefur eftir Pétri Blöndal að kamrinum hafi verið skipt í tvennt, fyrir bæði kynin. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær kamarinn hverfur af sjónarsviðinu en Regína Stefnisdóttir taldi það hafa getið verið rétt fyrir 1940.

Engin ummerki sjást lengur eftir kamarinn vegna framkvæmda við brúarsmíði og vegagerð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hænir, 10. nóvember 1923, 3; Sigurður Magnússon, handrit

NM-249:480 *Gulltorgið* heimild um varnargarð 732869 538338



Hlaðið bólverk 249:480, Gulltorgið, sést meðfram Lóninu við Bjólfsgötu. Höf. Eyjólfur Jónsson (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

"Fjarðará mæðir nú á oddanum en er að fylla lónið fyrir innan. Það fyllir alt um flóð, svo að nærri verður jafnhátt veginum, og er þar hlaðin upp öll norðurhlið lónsins frá húsunum og vestur á krókinn og vegurinn á brúninni [...]. Þar [hjá Lóni/Jóhönnubæ 010] er brú [481] fram undan yfir rás og bæði á henni og öllum flóðgarðinum er háski að ganga í dimmu, því alt er ógirt," segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900 sem birt var í Eimreiðinni 1903. "Þarna við Lónið [hjá Bjólfsgötu 6 og 7] var hlaðið bólverk í atvinnubótavinnu, þótti dýrt og var þessi hluti Bjólfsgötu því kallaður Gulltorgið," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2005. Varnargarðurinn sem hér var lýst að framan lá frá vesturhorni Stefánsbúðar 221 til suðvesturs "á krókinn" og sést á gömlum ljósmyndum af byggðinni við Lónið. Gerð hefur verið talsverð landfylling suðaustan við Bjólfsgötu og er nú gengt aftan við Stefánsbúð sem ekki var áður. Varnargarðurinn hefur því lent undir landfyllingunni. Suðausturjaðar Bjólfsgötu er ofan á honum og bílastæðin meðfram götunni á milli Stefánsbúðar og Seyðisfjarðarkirkju 050.


Malbikuð gata og bílastæði eru þar sem varnargarðurinn var.

Engin ummerki sjást um varnargarðinn en ætla má að hann sé nokkuð heillegur undir götunni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Eimreiðin 1903, 92; ÁFÍ 2005, 213

NM-249:481 heimild um brú 732847 538321



Á myndinni sést bólverk 249:480 meðfram Lóninu í smíðum og hefur ekki verið fyllt upp að því innanverðu suðvestan við Gíslahús. Innan rauðs hrings má greina vatnsrás og hefur brú 249:481 að líkindum legið yfir hana. Höf. óþ.

"Fjarðará mæðir nú á oddanum en er að fylla lónið fyrir innan. Það fyllir alt um flóð, svo að nærri verður jafnhátt veginum, og er þar hlaðin upp öll norðurhlið lónsins frá húsunum og vestur á krókinn og vegurinn [sjá varnargarð/leið 480] á brúninni [...]. Þar [hjá Lóni/Jóhönnubæ 010] er brú fram undan yfir rás og bæði á henni og öllum flóðgarðinum er háski að ganga í dimmu, því alt er ógirt,» segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Brúin var líklega á miðri Bjólfsgötu, litlu austan við Seyðisfjarðarkirkju 050.

Engin ummerki sjást um brúna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Eimreiðin 1903, 92

NM-249:483 *Guttakofi* heimild um bústað 732824 537977



Guttakofi 249:483. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Höf. Sigurður Guttormsson. Eigandi MFA (Menningar og fræðslusamband alþýðu).

Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir: "Elverhøj [155] er reist þar sem áður stóð Teitshús, líka kallað Árbær." Í sama riti er eftirfarandi lýsing á Árbæ í húsavirðingu frá 1894: ""9 og 1/2 alin á lengd og 6 álnir á breidd, 6 og 1/2 alin á hæð. Byggt úr bindingsverki, klætt utan með borðum nema á aðra hliðina er grjótveggur. Niðri er 1 stofa og eldhús, loptið er alþiljað en ekkert skilrúm."" Teitshús/Árbær stóð á lóð við Vesturveg 3 en var flutt á Vesturveg 17 árið 1906. Húsið var 21 m2 og eftir að það var flutt var það einnig kallað Bakkakot og Guttakofi eftir Guttormi Einarssyni sem þar bjó. Í húsavirðingu frá 1906 sem birtist í Húsasögunni segir: ""Teitshús" áður eign A. E. Berg sútara nú eign Guttorms Einarssonar [...]. Það hefur verið flutt burt af þeim stað, sem það áður stóð á, á annan stað nokkuð frá. Áður var það nokkuð niðurgrafið og náði þá ekki klæðningin nema nokkuð niður eftir veggjunum. Nú stendur það á steingrunni með kjallara. [...]." Í brunabótamati frá 1916 er húsinu svo lýst: "Íbúðarhús einlyft portbyggt. Innanþiljað panel og skilrúmsborðum, málað

og veggfóðrað. Niðri: Stofa, eldhús og gangur. Uppi: Herbergi og gangur. Útveggir pappavarðir. Þak járnvarið. Í húsinu er 1 ofn og 1 eldavél." [...] Enginn búskapur tengdist húsinu og stunduðu íbúar þess ýmsa daglaunavinnu." Ekki fundust upplýsingar um það hvenær húsið var fyrst reist við Vesturveg 3. Húsið var rifið um miðjan sjöunda áratuginn. Engar frekari upplýsingar fundust um þetta hús.

Engar sýnilegar byggingar eða mannvirki sjást á lóðinni við Vesturveg 17 en þar er lítið grasi gróið svæði á milli vegarins og Fjaðarár í aflíðandi halla niður að ánni. Neðst í hallanum er svo brattur bakki.

Engin ummerki sjást um húsið á yfirborði og nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Það virðist ekki vera merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 390, 410-411; Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:505 heimild um herminjar

"Sunnan Vesturvegar, rétt hjá Hótel Elverhöj [155], voru byggðir skálar," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Ekki er ljóst hvar þessir herskálar risu og er eina svæðið sem kemur til greina í húsagörðum Elverhøj við Vesturveg 3 og Miðbæjar 289.

Sunnan Vesturvegar eru grónir húsagarðar með trjágróðri. Næst veginum er flatlent en litlu neðan við hann, neðan við húsin við götuna, hallar landi niður að Fjarðaránni til suðausturs.

Engin ummerki sjást lengur um herskálana og nákvæm staðsetning þeirra og umfang ekki þekkt.

Heimildir: Hernámsþættir, 42

NM-249:516 heimild um herminjar 732934 538462

"Loftvarnarbyssur voru a.m.k. á tveim stöðum í bænum [sjá einnig 515]. Við byssustæði þessi voru gerð virki. Sandpokum var hlaðið hringinn í kring um þau, einn meter á hæð eða vel það. [...] hitt var á malarkambinum rétt fyrir utan kvikmyndahúsið á Öldunni. Byssur þær, sem voru í virkjum þessum, voru fallbyssur töluvert hlauplangar," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum.

"Byssan á Öldunni var síðar flutt þaðan út á Vestdalseyri," segir í Fremstu víglínu. Landfylling er þar sem loftvarnarbyssan á Öldunni var og gangstétt meðfram Öldugötu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hernámsþættir, 77; Fremsta víglína, 46

NM-249:517 heimild um herminjar 732859 538139

"Nokkra athygli vakti sandpokavirki eitt, sem um skeið var hér í bænum. Virki þetta var á grasflötinni fyrir utan "Elverhöj" [155], þar sem aðalbækistöðvar hersins voru. [...] Því var veitt

athygli, að fáum dögum eftir að Gort lávarður kom í heimsókn til Seyðisfjarðar, var virki þetta rifið til grunna, svo ekki sást urmull eftir af því. Maður nokkur sagði mér, sem eitt sinn var svo frægur að koma í virki þetta, að það hefði verið notað sem vanhús fyrir þjónana á "Elverhöj"," segir í Seyðfirskum hernámsþáttum. Sandpokavirkið var í garðinum framan við Elverhøj, á milli hússins og Vesturvegar. Þar var kálgarður 409.

Á milli Vesturvegar og Elverhøj er sléttuð grasflöt þar sem mikið er af gömlum trjám.

Engin ummerki sjást um sandpokavirkið og nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Hernámsþættir, 79-80

NM-249:523 *Framnes* hús bústaður 733008 538384



Framnes 249:523, horft til norðurs.



Framnes árið 1925. Höf. óþ.


Húsið Framnes eða Arabía stendur yst á Tanganum við Öldugötu 2, byggt 1923. Ítarleg umfjöllun er um húsið í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar: "Það vakti mikla athygli í kaupstaðnum þegar Ari Arnalds sýslumaður hóf að byggja hið glæsilega einbýlishús sitt fram í Tanganum við Lónið. Þótti hugmyndin djörf og jafnvel eilítið glannaleg. Byggja þurfti Tangann upp og styrkja, svo sjór flæddi ekki um undirstöður hússins. Þurftu þeir sem unnu við grunninn að sæta lagi og byggja á fjöru, hvort sem var að nóttu eða degi. [...] Ari byggði húsið í eigin nafni en leigði ríkinu neðri hæðina undir skrifstofur embættisins. Hann bjó sjálfur uppi [...]. Húsið var manna á meðal kallað Arabía í höfuðið á skapara sínum. Sjálfur skýrði Ari húsið Framnes og helst það nafn enn." Í Húsasögunni kemur enn fremur fram að ríkið keypti Framnes árið 1937 og gerði það að embættisbústað sóknarprests. Þá fluttist aðsetur sýslumanns að Vesturvegi 8 (sjá Gamla-Sýslumannshús/Sigurðarhús 291).

Framnes er í góðu ástandi og er vel við haldið. Það kom tilhöggvið frá Noregi, tvílyft timburhús á steyptum kjallara, klætt með bárujárni. Steyptur veggur afmarkar garð í kringum húsið. Bílskúr er sambyggður veggnum norðvestan við húsið. Reynitré er framan við hús en annars er lítill sem enginn trjágróður í garðinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 413-415.

NM-249:525 heimild um kálgarð 732995 538397



Staðsetning kálgarðs 249:525 við Efri-Tanga 249:297 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Kálgarður var fast norðaustan við Efri-Tanga 297 samkvæmt kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Þar er grasflöt á flatlendum Tanganum innan húsagarðs Efri-Tanga.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn. Út frá norðausturhorni hússins Efri-Tanga gengur lágur steyptur veggur til suðausturs en hann tengist líklega viðbyggingu sem hefur verið rifin.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:526 heimild um kálgarð 732924 538438



Staðsetning kálgarðs 249:526 við Gamla pósthús 249:302 er sýnd á Kaupstaðarkortii frá 1915-1920.

Kálgarður var fast suðvestan við Gamla pósthús 302 samkvæmt kaupstaðarkorti frá 1915-1920.

Gróinn garður er í kringum húsið. Innan hans er slétt grasflöt þar sem nokkur gömul reynitré vaxa.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920

NM-249:527 *Camp Cunningham* mannvirki 732874 538458

Á Fjarðaröldu reis stórt braggahverfi í seinni heimsstyrjöldinni. Um það segir í bókinni Fremstu víglínu: “Niðri á Öldunni voru aðalstöðvar liðsins og stuðningsundirfylkið (Headquarters Company), sem skipað var sérhæfðum stuðningsflokkum, búnum sprengjuvörpum, vélbyssum, og brynvögnum, í stóru hverfi sem nefndist Camp Cunningham.” Einu sýnilegu minjarnar um hverfið er Rauðakrossskálinn 192 og braggagrunnur fast norðvestan við hann sem hér er skráður. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar segir: “Þeir voru upphaflega tveir samkomuskálarnir sem Bretarnir byggðu á Rekdahlslóðinni, en annar brann skömmu eftir stríð. Þar brann inni fyrsti



Leifar af Camp Cunningham 249:527; braggagrunnur í forgrunni við Rauðakrossskálann 249:192, horft til suðurs.



Camp Cunningham á Öldunni. Á miðri mynd sést í gafla tveggja bragga. Sá sem er lengra til hægri er Rauðakrossskálinn. Höf. óþ.


rafmagnsgrammófónninn í kaupstaðnum." Ætla má að grunnurinn við Rauðakrossskálann sé af bragganum sem brann eftir stríð.

Á milli Rauðakrossskálans og braggagrunnsins eru 1-1,5 m og liggja þeir samsíða. Grunnurinn er um 27,5x7,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Steypt heilleg plata með niðurfalli er í gólfi grunnsins. Hann er notaður sem vélaplan. Ekki er steyptur veggur í norðausturenda grunnsins. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð innanmáls og 0,2 m á þykkt. Þeir eru heillegir en brotnað hefur úr þeim á báðum langhliðum, þó ekki á sama stað. Ytri brún veggjanna stendur lítið upp úr sverði. Grunnurinn nær 3 m lengra til suðvesturs en braggi 192 og virðist það yngri breyting á grunninum en ætla má að upphafleg hafi þeir verið jafnlangir. Utan við miðjan suðvesturenda grunnsins er stallur sem er um 1 m á breidd. Í suðurhorni hans er svo jarðlægt grjót og steypuklumpur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fremsta víglína, 43; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 304

NM-249:529 heimild um fiskreit 732881 538074



Kona vaskar fisk niður við Fjarðará. Neðst í hægra horni má sjá fiskreit 249:529. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 132. Höf. óþ. (Þjóðminjasafn Íslands).

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er þess getið að á lóð Bakka 290 við Vesturveg 7 sé fiskreitur 380 m2 að stærð. Á gamalli ljósmynd sem birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar er mynd sem sýnir konu við fiskþvott á vesturbakka Fjarðarár á móti Hólmi 201 við Árstíg 1 (Árstíg 3 í Húsasögu). Við hlið hennar er hrúga af fiskiflökum sem á eftir að breiða út til þerris á steinlagðan reitinn.

Fiskreiturinn var niður við Fjarðará þar sem er grasi gróin og mjög aflíðandi halli.

Fiskreiturinn er í fornleifaskrá sem Bjarki Borgþórsson vann fyrir Seyðisfjarðarkaupstað árið 2009. Þar er eftirfarandi haft eftir Karli Svavarssyni sem býr í Bakka: “Fyrrum íbúi í húsinu að Vesturvegi 7 að nafni Hávarður Helgason varð ítrekað fyrir því þegar hann var að stinga upp í garðinum að lenda á stétt hlaðna úr flötum grjótum. Sagði hann síðan barnabörnum sínum að á þessum reit hafi konur af svæðinu náð sér í auka tekjur með því að verka saltfisk.” Engin ummerki sjást um fiskreitinn vegna gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 119; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 132; Bjarki Borgþórsson, 103

NM-249:530 mannvirki hesthús 732829 537990

Suðvestast á lóð Hóls 294 við Vesturveg 15 eru ummerki um byggingu sem hefur verið rifin, á svæði þar sem kálgarður 354 var áður. Á gamalli mynd af Hóli sem birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar sést að þarna stóð hús með viðbyggðum skúr þar sem föt hanga til þerris. Í sama riti kemur fram að Sigurður Sigfússon póstur hafi keypt húsið Hól árið 1924. Hann var í póstferðum milli Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar tvisvar í mánuði allan ársins hring.



Sýnileg ummerki um hesthús, hlöðu og þvottahjall 249:530, horft til NNV.



Mynd tekin yfir Fjarðará sem sýnir hesthús, hlöðu og þvottahjall 249:530 við hlið Hóls 249:294. Myndin birtist í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 409. Höfundur Magnús Reynir. Eigandi Safnastofnun Austurlands, Magnús Reynir.

Svo segir í Húsasögunni: “Til þessa starfa hafði hann 5-6 hesta, sem hann hýsti í hesthúsi, eilítið innar í lóðinni. Þetta hesthús ásamt hlöðu og þvottahjalli stendur enn [1995].” Ljóst má vera að minjarnar sem enn sjást séu leifar af hesthúsi, hlöðu og þvottahjalli og eru frá því eftir 1924.

Lóðin sunnan við húsið Hól er í aflíðandi halla frá Vesturvegi til suðausturs, en þegar komið er litlu niður fyrir húsið er brött brekka niður að Fjarðaránni. Þar er mikilll gróður, runnagróður, rifs svo dæmi séu tekin. Ofan við brekkuna eru gömul tré, greni, birki og reynir.

Ummerki um hesthús og sambyggð hús sjást á svæði sem er 5x3 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Þar er steypt gólfplata í suðurhorni sem er um 2x3 m að flatarmáli og ofan við hann sést horn í húsgrunni sem er 4x3 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 409

NM-251 Oddi

1847: 4 hdr., bændaeign. JJ, 362. Undirsett Firði (NM-249).


Árið 1904 keypti Seyðisfjarðarbær Odda. BS, 191.

NM-251:002 *Oddi* heimild um býli 732947 538434

"Oddi hét býli norðan árinnar og mun hafa verið með nokkurri grasnyt," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Er þar átt við Oddafornbæ 001 en bærinn var færður á Oddatanga og var á Öldugötu 10 en sú lóð er komin undir veg að mestu leyti. Húsin í Odda voru rifin um 1940 eftir bruna samkvæmt Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Oddafornbær 001 er um 900 m SSV við Odda sem var við Öldugötu. Ekki er vitað hvenær eða af hverju bæjarstæðið var flutt að Lóninu. "Upp af smátanga, sem gengur út í fjarðarhornið var hjáleigan Oddi, nú löngu komin undir götur, og byggingar, og kallast nú Tangi. Hjáleigan nytjaði landið inn með Fjarðará fyrir neðan F[jörð] (Oddamýrar)," segir í Múlaþingi.



Oddi 251:002 er aftan við Skemmu 249:206 innan rauðs hrings á þessari mynd sem tekin er yfir Lónið frá lóð Sólvangs við Norðurgötu 1. Framtíðin 249:277 er í byggingu og var myndin því líklega tekin árið 1918. Höf. óþ.



Húsin í Odda sjást innan rauðs hrings á ljósmynd Eyjólfs Jónssonar frá 1893-1895 (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

"Hjáleigan Oddi er fyrsti bústaðurinn sem vitað er um að hafi risið við Lónið, einhvern tímann eftir 1860. Hann stóð um það bil þar sem nú er hornið á Öldugötu og Bjólfsgötu, í vestari króki Lónsins stóð, öndvert Odda, lítill torfbær [NM-249:205]," segir í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í Húsasögunni segir einnig að óvíst sé með byggingarár hússins en það hafi verið 63,5 m2 að stærð. Þar kemur eftirfarandi fram: "Húsavirðing frá 1884 lýsir bænum

Odda svo: “Hús þetta er ætlað til íbúðar, hefur áður verið notað við ábúð á jörð [...]; það er 14 áln. langt, 7 áln. breittt og 7 áln. hátt og er úr timbri með torfvegg á bakhliðina. Niðri eru tvö herbergi, annað með eldunarvjel og járnpípu upp úr þaki; upp á loftinu eru 3 herbergi. Bak við húsið og áfast því er búr og eldhús úr torfi og fylgir húsinu timburskemma, timburhjallur, fjós og hesthús úr torfi [...].” Árið 1903 hefur Jörgensen bakari bætt við húsið sem hér segir: “[...]. Síðan hefur verið bætt við húsið 8x8 alin, 8 ½ alin á hæð. [...] Það er alþiljað innan og skilrúmað sundur í búð og 1 íbúðarherbergi [...]; líka hefur verið byggður stór skúr við hlið hússins [...] í honum er þvottahús með innmúruðum potti [...], 1 stór bakarofn og geymsluherbergi.””

“En austustu þökin stuttu, sem ber við höfnina, eru á húsum Jörgensens bakara og standa á sjávarbakkanum. Þar stóð áður bærinn Oddi og enn er þar oft kallað í Odda. Húsið reisti fyrst Nikulás Jónsson, orðlagður hagleiksmaður, bróðir Gísla, og bygði sumpart úr torfi, það bygði upp Hansen konsúll og hafði þar brauðgerð, sódavatnsgerð og súkkulaðis um tíma. Af honum keypti Jörgensen bakari og býr þar, en bakar í litlu húsi [NM-249:397] vestar á Öldunni,” segir í greininni Seyðisfjörður um aldamótin 1900, birt í Eimreiðinni 1903. Elsta heimild um byggð í Odda er í manntali frá 1816 en sama fjölskyldan bjó í Odda a.m.k. frá 1816-1860 (Jón Björnsson og Helga Einarsdóttir með börnum sínum). Ekki er Odda getið í manntalinu 1870 en þar eru sjö manns til heimilis í manntalinu 1880, m.a. Jón Bjarnason prestur og Andreas Rasmussen verslunarmaður. Þá er Oddi sagður þurrabúð en áður hjáleiga. Ekki er fyllilega að marka það að enginn sé skráður til heimilis í Odda í manntali 1870 því upplýsingar úr því glötuðust og vantar í það m.a. upplýsingar úr Múlasýslu. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir að elstu húsin í Odda séu þá um 42 ára svo líklegt verður að teljast að bærinn sé byggður upp í kringum 1875 af Nikulási Jónssyni. Það virðist því að búseta í Oddafornabæ 001 hafi flust að bæjarstæði við Lónið eftir 1860 og fyrir 1875. Kirkjugarður Seyðisfjarðar er á bæjarhól og túninu í kringum Oddafornabæ og voru rústir þar sléttaðar við gerð kirkjugarðsins þegar Otto Wathne var jarðsettur þar, fyrstur manna, árið 1898, tæpum 40 árum eftir að bærinn var fluttur.

Hluti lóðarinnar við Öldugötu 10 er grasflöt norðvestan við Baldurshagafjósið (sjá 299) en hluti hennar er kominn undir malbikaða götu (Öldugötu) og gangstétt meðfram henni. Engar minjar um Odda sjást lengur á yfirborði og má ætla að bærinn hafi verið rifinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 20; Múlaþing II, 484; Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, 142, 422-423 ; Eimreiðin 1903, 91; www.manntal.is; Fasteignamat 1916-1918: undirmat Seyðisfjörður, 72

NM-251:003 heimild um kálgarð 732953 538429

Á kaupstaðarkorti frá 1915-1920 er teiknaður kálgarður fast suðaustan við Odda 002 sem stóð við Öldugötu 10.

Engin ummerki sjást lengur um Odda eða kálgarðinn en sléttuð grasflöt er á hluta lóðarinnar og Öldugata liggur yfir hana á hluta.



Staðsetning kálgarðs 251:003 er sýnd á Kaupstaðarkorti frá 1915-1920 auk annarra húsa á lóð Odda 251:002.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Kaupstaðarkort VIII 1915-1920


6. Niðurstöður og samantekt

Innan verndarsvæðis í byggð á Seyðisfirði voru skráðar 188 minjar og er það gríðarlega mikill fjöldi á ekki stærra svæði. Minjarnar gegndu ólíkum hlutverkum og í umfjölluninni hér á eftir hefur þeim verið skipt upp í nokkra flokka. Einnig verður gerð grein fyrir ástandi minjanna og þeim hættum sem að þeim steðja. Að lokum verður þróun byggðarinnar innan verndarsvæðisins rakin út frá niðurstöðum skráningarinnar.

6.1 Ástand minja og hættumat

Af þeim 188 minjum sem skráðar voru innan verndarsvæðisins eru öll yfirborðsummerki horfin á 125 stöðum eða í 66% tilfella. Það er hátt hlutfall en ekki óeðlilegt þegar haft er í huga að svæðið er innan þéttbýlis í byggð. Í raun má segja að innan svæðisins séu merkilega margar minjar sem enn eru óraskaðar sé litið til þess að þær eru staðsettar í elsta byggðakjarna Seyðisfjarðarkaupstaðar. Flestar af minjunum sem hafa varðveist eru hús (54 staðir af 63) sem eru 100 ára eða eldri og teljast því til fornminja en aðrar sýnilegar minjar eru t.d. þústir og leifar af gólfplötum í húsum sem hafa verið rifin. Gömlu húsin sem enn standa á verndarsvæðinu eru fulltrúar mikilvægs og merkilegs kafla í sögu þéttbýlis á Íslandi. Í þeim eru fólgin mikil menningarverðmæti en óvíða á landinu hefur varðveist svo heilleg þorpsmynd frá upphafi 20. aldar eins og á Seyðisfirði.

Algengasta ástæðan fyrir því að minjar sjást ekki lengur er vegna niðurrifs (41%) en í mörgum tilvikum er ekki fullljóst hver ástæðan hefur verið (23%). Nokkuð margar minjar hafa horfið í landfyllingu (8%) og aðrar vegna sléttunar (6%) eða vegagerðar (8%). Í skífuriti 1 hér fyrir neðan má sjá þessa dreifingu.



Skífurit 1. Af þeim 188 minjum sem voru skráðar eru 125 horfnar. Hér má sjá hlutfallslega dreifingu eftir orsök minjaspjalla.

Gert var hættumat fyrir allar minjar innan verndarsvæðisins ef frá eru taldar fimm minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja með nákvæmum hætti. Hús sem standa og eru undir þaki eru ekki talin í hættu. Þær minjar sem ekki sjást á yfirborði og ljóst er að eru horfnar með öllu vegna framkvæmda eða annars rasks eru ekki heldur skilgreindar í hættu. Aðrar minjar eru taldar í hættu vegna mögulegra framkvæmda og ein fornleif var skilgreind í stórhættu vegna yfirvofandi byggingaframkvæmda (samtals 51%). Í þéttbýli er meiri hætta en annarsstaðar á að fornminjum sé raskað vegna byggingaframkvæmda, vegagerðar og veituframkvæmda. Þó að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði eru leifar af þeim oft varðveittar undir yfirborði og geta komið í ljós við jarðrask og framkvæmdir. Því var sú leið farin að skilgreina allar þær minjar í hættu þar sem talinn var einhver möguleiki á því að ummerki um þær gætu leynst undir yfirborði.

6.2 Minjaflokkar

Minjarnar sem skráðar voru innan verndarsvæðis eru nánast allar frá upphafsárum þéttbýlismyndunar á Fjarðaröldunni og Búðareyri. Þær eru því mjög lýsandi fyrir sögu kaupstaðarins og myndun þéttbýlis á svæðinu. Minjum á svæðinu var skipt upp í átta mismunandi flokka en langflestar minjanna falla í flokkinn *Landbúnaðarminjar* eða *Bústaður/Verslun og þjónusta* (sjá töflu 1). Hlutverk húsa á verndarsvæðinu tók gjarnan breytingum eftir tímabilum og hlutverk þeirra húsa sem enn standa halda áfram að breytast. Flokkun húsanna í þessari umfjöllun byggir á þeim hlutverkum sem þau höfðu þegar þau voru reist og fram um 1920.

Flokkur	Fjöldi
Annað	23
Bryggja	7
Herminjar	6
Landbúnaðarminjar	50
Bústaður/Verslun og þjónusta	72
Samgönguminjar	17
Sjávarútvegsminjar	7
Trjágarður	6
Alls	**188**

Tafla 1. Skipting minja í flokka eftir hlutverki.

6.2.1 Bústaður/Verslun og þjónusta

Flestar af þeim minjum sem skráðar voru innan verndarsvæðis falla í þennan flokk (72 hús) sem skipta má í þrjá undirflokka: 1) *Bústaður; 2) Verslun og þjónusta; 3) Bústaður/Verslun og þjónusta*. Algengast var að húsin innan verndarsvæðisins væru notuð til íbúðar en einnig var nokkuð um það að þau væru notuð bæði til íbúðar og sem verslunar- og þjónustuhúsnæði, einkum stærri húsin sem gátu rúmað hvort tveggja. Sjaldgæft virðist hafa verið að hús hafi eingöngu verið byggð og notuð fyrir verslun og þjónustu af einhverju tagi. Eftir því sem næst

verður komist voru 42 hús á svæðinu eingöngu notuð til íbúðar á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, 19 hús voru bæði notuð til íbúðar og fyrir verslun og þjónustu en aðeins 11 hús voru eingöngu notuð fyrir verslun og þjónustu. Af þeim 72 húsum sem eru í þessum flokki hafa 46 varðveist og 26 horfið.



Fjarðaralda snemma á 20. öld. Höf. óþ. Ekki er byrjað að reisa Stefánsbúð (byggt 1907) við Bjólfsgötu 7 og ekki er búið að rífa torfbæinn Lón/Jóhönnustaði.

Þegar dreifing húsanna er skoðuð má sjá að þau hús sem eingöngu voru nýtt fyrir verslun og þjónustu voru öll á Fjarðaröldunni (Öldugötu, Bjólfsgötu, Oddagötu og Norðurgötu) og á Suðurgötu. Fjarðaraldan var enda orðin miðstöð stjórnsýslu og þjónustu í kringum aldamótin 1900:

> „Þar bjuggu og störfuðu sýslumaður og læknir. Þar var pósthús, skóli, amtsbókasafn, bindindishús og leikhús, veitingahús og gistihús, bakarí, apótek, skósmíðastofa, klæðskeri, úrsmiður og síðast en ekki síst verslanir og sparisjóður sem hafði starfað allt frá 1872.“[1]

Við þessa upptalningu í Húsasögu Seyðisfjarðar má bæta að á Öldunni var einnig stunduð blaðaútgáfa sem hófst árið 1891 þegar blaðið Austri var endurvakið eftir að útgáfa þess og prentun á Vestdalseyri hafði lognast út af fáum árum áður. Um tíma voru tvær prentsmiðjur á Seyðisfirði og tvö blöð gefin út, um og eftir aldamótin 1900. Auk Austra var blaðið Bjarki prentað í samnefndu húsi sem byggt var árið 1897 við Austurveg 2.[2]

Hús sem bæði voru nýtt sem íbúðarhús og fyrir verslun/þjónustu voru nær eingöngu

1 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 16.
2 Kristján Róbertsson. 1995: 234-241.

á Fjarðaröldunni og einstaka hús við Austurveg, Suðurgötu og Vesturveg. Við Vesturveg voru nær eingöngu hús sem nýtt voru til íbúðar en þess má geta að í húsi bræðranna og þurrabúðarmannanna, Oddfreðar og Jóhannesar Oddssona, var Verkamannafélag Seyðisfjarðar stofnað árið 1897, fyrst verkamannafélaga á Íslandi. Húsið hét *Miðbær* 249:289 og stóð við Vesturveg 5 en það var rifið árið 1949.[3] Einu eiginlegu iðnaðarminjarnar á verndarsvæðinu eru taldar með í þessum flokki en það er *Garvaríið* 249:287 sem er á lóð Elverhøj við Vesturveg 3B. Húsið var reist árið 1900 og þar var norski sútarinn Anton Edvald Berg með sútunarverkstæði fram til 1912 þegar það varð gjaldþrota. Einhver starfsemi var í húsinu fram á þriðja áratug síðustu aldar en eftir það hefur það aðallega verið nýtt sem geymsla.[4]

6.2.1.1 Torfhúsin



Kort 1. Staðsetning íbúðarhúsa úr torfi innan verndarsvæðis í byggð.

3 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 396-397.
4 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 393.

Bústaðir innan verndarsvæðisins voru mjög misjafnir að stærð og gæðum en flestir voru þeir byggðir úr timbri. Þó er vitað um sex torfhús á svæðinu sem notuð voru til íbúðar. Þau hurfu smám saman af sjónarsviðinu í byrjun 20. aldar og voru með öllu horfin fyrir 1940.

Eina eiginlega grasbýlið sem vitað er með vissu að hafi verið innan verndarsvæðisins er *Oddi* 251:002, hjáleiga frá Firði. Lítið er vitað um upphaf byggðar í Odda en bærinn stóð áður ofan við Vesturveg, þar sem kirkjugarðurinn á Seyðisfirði hefur verið frá 1898. Leit á manntalsvef Þjóðskjalasafns fyrir Odda skilaði niðurstöðum fyrir árið 1816 en enginn er skráður þar til heimilis í elsta manntalinu frá 1703.[5] Ekki hafa fundist eldri beinar heimildir um byggð í Odda en frá 1816. Ekki er vitað hvers vegna bærinn var fluttur eða hvenær, en líklega hefur það ekki verið fyrr en á síðari hluta 19. aldar. Elstu hús hjáleigunnar á nýjum stað hafa vafalaust verið byggð úr torfi og grjóti en í húsavirðingu frá 1884 er íbúðarhúsið að mestu úr timbri.[6]

Það voru ekki aðeins elstu húsin í Odda sem voru úr torfi og grjóti. Á Fjarðaröldu við Lónið var lítill torfbær sem hét *Lón/Jóhönnubær* 249:010 og stóð á svipuðum stað og Seyðisfjarðarkirkja stendur á í dag en hún var flutt inn á Seyðisfjörð frá Vestdalseyri árið 1922. Ekki er vitað fyrir víst hvenær þessi torfbær var fyrst byggður en hann hafði einhverja grasnyt. Ætla má að hann hafi komið til sögunnar seint á 19. öld, sennilega milli 1880 og 1890. Í fasteignamati sem gert var 1916-1918 er ekki getið um önnur útihús í Jóhönnubæ en hesthús sem var sambyggt torfbænum. Þegar þarna var komið við sögu var búið að byggja timburhús á sama stað sem notað var til íbúðar ásamt torfbænum.[7]

Á *Neðri-Tanga* 249:296 við Lónið var einnig búið í torfhúsi en ekki er vitað hvenær það var byggt. Líklegt er að það hafi risið seint á 19. öld, mögulega á svipuðum tíma og Lón. Húsið var notað til íbúðar en í því var einnig rekið öldurhús um tíma í byrjun 20. aldar. Þá var reyndar búið að byggja við það skúr úr timbri.[8] Ekkert hús stendur á lóð Neðri-Tanga ef undan er skilinn bílskúr við Framnes 249:523 sem er á lóðarmörkum. Við Vesturveg, norðvestan Fjarðarár, var torfhús í *Snæhvammi/Árbakka* 249:216 og var það að líkindum reist á árunum 1894-1896.[9] Enn var búið í húsinu á árunum 1930-1940 og er talið að það hafi verið síðasta íbúðarhúsið úr torfi í kaupstaðnum.[10] Ekkert hús stendur á lóðinni við Vesturveg 9 en þar er gróðursæll garður.


Tvö torfhús voru við Austurveg, sunnan við Lónið, innan verndarsvæðismarka. Annars vegar var þar *(Gamli) Ós* 249:349 við ferjustaðinn 249:156 yfir Fjarðará eða Lónið. Á lóðinni stendur nú húsið Flatey (byggt 1927) við Austurveg 7. Til er húsavirðing fyrir Ós frá 1886 og þar kemur fram að loft hússins sé enn óinnréttað[11] sem bendir sterklega til þess að húsið hafi ekki verið gamalt þegar húsavirðingin var gerð en ekki er vitað hvaða ár það var reist. Hitt torfhúsið 249:168 við Austurveg var byggt árið 1893. Á sama stað var byggt nýtt timburhús árið 1907 sem enn stendur og er við Austurveg 11.

5 www.manntal.is.
6 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 423.
7 Fasteignamat 1916-1918: Undirmat Seyðisfjörður, 97.
8 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 416.
9 Fasteignamat 1916-1918: Undirmat Seyðisfjörður, 120.
10 Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson. 2009: 69.
11 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 63.

6.2.1.2 Timburhús

Fyrir utan þau hús sem fjallað er um í kaflanum um torfhús hér að framan voru flest íbúðarhúsanna sem þekkt eru innan marka verndarsvæðis byggð úr timbri. Þessi hús voru hins vegar ólík að stærð og gerð. Einkennandi fyrir timburhúsabyggðina á Seyðisfirði eru norsk tilsniðin timburhús sem flutt voru inn til landsins í kringum aldamótin 1900 af efnaðri borgarastétt sem fór ört stækkandi. Húsin sem reist voru á árunum 1880-1895 voru hús sem komu að líkindum flest tilsniðin frá Noregi en voru reist að danskri fyrirmynd.[12] Dæmi um slík hús eru ýmis hús við Öldugötu; *Gamli skóli* 249:303, *Sýslumannshúsið* eða *Herinn* 249:301 og *Aurora* 249:304 sem stóð við Öldugötu 14 en hefur verið rifið.

Þegar nær dró aldamótunum 1900 var farið að flytja inn frá Noregi tilsniðin hús í



Kort 2. Staðsetning trjágarða og húsa sem notuð voru sem bústaðir og/eða fyrir verslun og þjónustu.

12 Af norskum rótum. 2003: 168.

sveitserstíl. Þessi hús standa á háum traustbyggðum kjallara, eru portbyggð, með miklu þakskeggi og miðjukvisti. Gluggarnir í þessum húsum eru háir og nokkuð skreyttir.[13] Nokkur dæmi eru um slík hús og má þar nefna íbúðarhús Stefáns Th. Jónssonar 249:214 við Bjólfsgötu 6 og *Gamla-Sýslumannshúsið* 249:291 við Vesturveg 8. Upp úr aldamótunum 1900 var nýklassískur stíll einnig í tísku en hús í þeim stíl voru mörg tvílyft með lágu risi eða valma. Í þeim var hátt til lofts, á þeim var gjarnan klassískt skraut yfir gluggum og dyrum og utan á þeim voru flatsúlur.[14] Dæmi um þennan stíl eru *Barnaskólinn* 249:154 við Suðurgötu 4 og *Stefánsbúð* 249:221 við Bjólfsgötu 7.

Látlausari timburhús á verndarsvæðinu eru lítil íbúðarhús (þurrabúðir) eins og *Nóatún* 249:211 við Bjólfsgötu 4 og *Ingimundarhús* 249:286 við Oddagötu 1. Þessi hús stóðu áður utar en voru flutt inn á Ölduna, nær Lóninu, eftir snjóflóðið 1885. Svipuð hús en litlu stærri standa við Austurveg og má þar nefna *Efri-Borgarhól* 249:177 sem stóð við Austurveg 17 og *Nýlendu* 249:166 við Austurveg 5. Byggt var við síðarnefnda húsið árið 1907 og í viðbyggingunni var rekin kramvöruverslun sem hét Hermes.[15]

6.2.2 Trjágarður

Á upphafsárum þéttbýlismyndunar í Seyðisfjarðarkaupstað voru ræktaðir nokkrir stórir trjágarðar við sum af betri húsunum. Í þeim voru gróðurvinjar í vaxandi þéttbýlinu þar sem



Kaffiboð í trjágarðinum við Bjólfsgötu 6 snemma á 20. öld. Höf. óþ.

13 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 46.
14 Af norskum rótum. 2003: 159.
15 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 61.

fólk naut útivistar og hélt kaffiboð. Sigurður Einarsson kom til Seyðisfjarðar árið 1913 og þótti mikið til trjágarðanna í kaupstaðnum koma. Í erindasafninu „Austur og vestur á fjörðum“ lýsir hann upplifun sinni af ásýnd og yfirbragði þorpsins og íbúum hans á þessum tíma:

> „Þegar ég kom fyrst til Seyðisfjarðar 1913, nýfermdur drengur, þá var það eitt öllu öðru fremur, sem vakti athygli mína og furðu. Það var hve bærinn var fínn – og fólkið var fínt. […] Húsin voru með samræmdara og smekklegra húsagerðarsniði en timburhús voru þá almennt í hinum vaxandi kaupstöðum. Þar gætti verulega beinni og fágaðri áhrifa frá Norðurlöndum, en annars staðar í kaupstöðum landsins. […] Ég hafði ekki komið til Akureyrar 1913 og vissi ekki, hvernig þar var háttað þá um trjárækt í görðum og við hús. En ég man, hve mér, sem kom beint frá Vestmannaeyjum, beint úr vertíðaratinu, frá fiskpöllunum, beituskúrunum og slorkösunum, fannst mikið til um trjágarðana á Seyðisfirði með sínum yndislega þrastasöng á vorin. Inni í skrúðgrænum görðum, sem böðuðu sig í sólskini hásumardagsins og umdu af þrastakliði, sá maður bregða fyrir skrautbúnu fólki og það á rúmhelgum dögum. Það fannst mér, sem ekki þekkti annað en hið yndissnauða strit fátæklingsins í þá daga, nærri því eins og ævintýri úr Þúsund og einni nótt. […] En mest fannst mér til um fólkið – hvað það var fínt. […] Og þarna voru erlend áhrif sterk frá upphafi vega í gegnum valinkunna forustumenn, bæði í húsagerð, framkvæmdum, háttum og klæðaburði. Þar við bættust sífelldar beinar samgöngur við útlönd, einhverjar þær beztu á landinu. Og fólkið var fínt, með hreint alþjóðlegu sniði.“[16]

Kaupstaðarkort frá 1915-1920 sýna sex trjágarða sem voru innan verndarsvæðisins á því tímabili, auk eins trjágarðs sem var innan kálgarðs 249:409 við Elverhøj, Vesturvegi 3. Einkum voru trjágarðar algengir á Öldunni en einnig voru trjágarðar við Norðurgötu, Vesturveg og Austurveg. Húsagarðar með trjágróðri eru enn á þessum stöðum ef undan er skilinn trjágarður 249:400 á milli Rekdahlshúss og Neðribúðar á Fjarðaröldu og trjágarður 249:347 við Hótel Snæfell, Austurvegi 3. Sléttuð grasflöt er á fyrrnefnda staðnum og trjágarður við Hótel Snæfell hefur að mestu farið undir Austurveg.

6.2.3 Landbúnaðarminjar

Eins og fram hefur komið byggðist Seyðisfjarðarkaupstaður úr landi bújarðarinnar Fjarðar og er ekki ólíklegt að einhver mannvirki sem tengjast landbúnaði hafi verið innan verndarsvæðisins áður en þéttbýlismyndun hófst þar að ráði. Hafi sú verið raunin hafa ekki varðveist neinar heimildir um það og engar slíkar minjar fundust á vettvangi. Til landbúnaðarminja innan verndarsvæðis í byggð teljast öll útihús, kálgarðar, áveitu- og framræslumannvirki og safngryfjur, alls 50 minjar innan verndarsvæðis, sem öll eru frá skeiði þéttbýlismyndunar á svæðinu.

Landbúnaður var stundaður í hjáleigunni Odda og í húsavirðingu frá 1884 kemur fram að húsinu í Odda hafi fylgt fjós og hesthús úr torfi auk timburhjalls og -skemmu.[17] Ekki er ljóst hvar þessi hús stóðu og fengu þau ekki sérstök númer í fornleifaskránni. Líklegt verður að teljast að þau hafi verið í næsta nágrenni við bæjarhúsin. Sjálfsþurftarbúskapur var stundaður

16 1946: 15-16.
17 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 423.

víða í hinum unga kaupstað. Nokkuð algengt var að kálgarðar væru við bústaði en einnig eru heimildir um að útihús, einkum fjós, hafi staðið á lóðum einstakra húsa þar sem hafðar voru nokkrar kýr til heimilisnota. Mörg þessara útihúsa gegndu í raun fjölbreyttum hlutverkum því í



Aftan við Gamla-Sýslumannshús við Vesturveg 8 má sjá steinsteypt fjós sem enn stendur. Höf. óþ.

eina og sama húsinu gat verið fjós og hesthús eða fjós og hjallur eða skemma.

Samtals voru 12 fjós skráð á sérstök númer en þau hafa verið fleiri því einnig var fjós þar sem skemma 249:299 var við Öldugötu 8 og fjós voru sambyggð íbúðarhúsunum í Vinaminni 249:183 við Austurveg 29, Neðri-Borgarhól 249:178 sem stóð við Austurveg 17B og Jensarhúsi 249:206 við Bjólfsgötu 1. Einnig má geta þess að bátaskýli 249:115 við Pálshús á Austurvegi 21 var seinna einnig nýtt til íbúðar og sem fjós. Þetta hafa allt verið lítil fjós sem hafa rúmað örfáar kýr. Safngryfjur eru sumsstaðar skráðar í sambandi við og með fjósum og eru þær þá sambærilegar við haughús. Tvær stakstæðar safngryfjur voru skráðar undir sérstökum númerum. Líklegast er að húsdýraáburði hafi verið safnað í þær en ekki er hægt að útiloka að fiskislori eða öðrum úrgangi hafi verið safnað í þær og hann svo notaður sem áburður. Önnur þessara gryfja 249:401 var á lóð Efri-Borgarhóls við Austurveg 17 og hin 249:408 var á lóð Sjúkrahússins við Suðurgötu 8.

Almennt má segja að lítið hafi varðveist af útihúsum á verndarsvæðinu en þó stendur enn eitt gamalt fjós 249:415 á lóð Gamla-Sýslumannshússins við Vesturveg 8. Það hefur nú fengið nýtt hlutverk sem bílskúr. Annað gamalt útihús 249:411, líklega fjós, stendur enn við Elverhøj við Vesturveg 3 sem virðist notað sem geymsla. Við Gíslahús á Bjólfsgötu 8 er steinsteypt útihús 249:396 sem einnig hefur verið breytt í bílskúr. Þetta hús er ekki nefnt í heimildum fyrir

1920 en er sýnt á korti Jóns Víðis frá 1925. Staðsetning hússins innan lóðar Gíslahúss, stærð þess og gerð bendir til þess að það hafi verið útihús, líklegast fjós. Steypt gólfplata og aðrar byggingaleifar eru á baklóð Kaupfélagsins við Norðurgötu 8 en þar var fjós og hlaða í eina tíð. Óvíst er að þau ummerki sem enn sjást hafi tilheyrt þeim útihúsum. Nokkuð afgerandi þúst sést þar sem fjós 249:171 var við Imslandshús 249:351 við Austurveg 12.

Heimildir eru um tvö hesthús innan verndarsvæðisins. Hesthús 249:368 tilheyrði húsinu Bjarka við Austurveg 2 og fremur ungt hesthús 249:530 var á lóð Hóls við Vesturveg 15. Þar sjást ummerki um hesthús, hlöðu og þvottahjall 249:530. Húsin eru frá því eftir 1924 en þau eru á sama stað og kálgarður 249:354 var áður. Hesthús voru einnig í sama húsi og fjós 249:205 og 249:209 en hesthúsin hafa verið fleiri. Þegar hefur verið nefnt að hesthús var sambyggt torfbænum í Lóni/Jóhönnubæ við Lónið og víðar hafa hesthús eflaust verið sambyggð húsum sem höfðu önnur hlutverk þó að það komi ekki fram í þeim heimildum sem nýttar voru.



Kort 3. Staðsetning landbúnaðarminja innan verndarsvæðisins.

Útihús 249:159 var í húsi sem enn stendur á baklóð Óss við Austurveg 9. Seinna var þar myndbandsleiga. Hús þetta var byggt eftir 1920 en aldur þess er ekki þekktur. Það telst því ekki til fornminja en rétt þótti að fjalla um það með öðrum útihúsum á svæðinu.

Heimildir eru um fimm útihús til viðbótar á verndarsvæðinu en nákvæmt hlutverk þeirra er ekki þekkt. Að auki er heimild um hús 249:220 sem var á sama stað og Stefánsbúð var síðar byggð. Hlutverk þess er ekki þekkt en helst kemur til greina að það hafi verið útihús eða í tengslum við verslun Stefáns Th. Jónssonar. Það er athyglisvert að engar heimildir eru um fjárhús innan verndarsvæðisins. Ólíklegt verður að teljast að íbúar kaupstaðarins hafi ekki átt sauðfé en fjárhús þeirra hafa væntanlega verið utan þéttbýlisins.

Kálgarðar eru algengustu landbúnaðarminjarnar sem skráðar voru innan verndarsvæðisins en samtals voru skráðir 25 slíkir garðar. Hvergi sjást ummerki um kálgarðana á yfirborði. Ekki er víst að girðingar eða gerði hafi verið í kringum alla kálgarða en heimild er um torfgarð umhverfis kálgarð 249:421 sem tilheyrði Lóni/Jóhönnubæ[18] og rimlagirðing var umhverfis kálgarð 249:360 við Myndahúsið sem stendur við Austurveg 13B.[19] Líklegt er að kartöflur og rófur hafi verið ræktaðar í þessum görðum en fjölbreytnin kann að hafa verið mun meiri. Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur ólst upp á Vestdalseyri í Seyðisfirði frá 1930 og í hennar minni var mikil grænmetisrækt í þorpinu en auk kartaflna og rófna voru ræktaðar næpur, gulrætur, radísur, rauðbeður, grænkál, sólber, ribsber og rabarbari.[20]

Á kaupstaðarkortum frá 1915-1920 eru sýndir miklir skurðir 249:333 á lóð Sjúkrahússins við Suðurgötu 8 og ofan við Austurveg, sjá 249:371. Þeir hafa líklega verið grafnir til þess að ræsa fram landið svo að hægt væri að rækta tún, frekar en að um áveitu hafi verið að ræða. Engin ummerki sjást lengur um þessa skurði.


6.2.4 Sjávarútvegsminjar

Þéttbýlismyndunin á Seyðisfirði grundvallaðist að miklu leyti á sjávarútvegi; veiðum á síld og þorski. Örfáar minjar um sjósókn eru innan verndarsvæðisins og mun færri en við mætti búast. Sjávarútvegsminjar eru miklu fyrirferðarmeiri á Búðareyri en innan verndarsvæðisins og eins voru talsverðar útvegsminjar norðar á Öldunni, við Ránargötu.

Aðeins falla sjö minjar í þennan flokk og eru þær flestar í tengslum við sjósókn þurrabúðarfólks; lendingar, fiskreitir og hjallar. Heimildir eru um tvo fiskreiti innan svæðisins. Annar þeirra 249:355 var á lóðinni sem Kristínarskúr stóð á við Austurveg 25 og hinn 249:529 var á lóð Bakka við Vesturveg 7. Engin ummerki sjást um fiskreitina en komið var niður á hlaðna stétt þegar verið var að stinga upp úr garðinum á lóð Bakka fyrir nokkrum áratugum. Við Vinaminni á Austurvegi 29 var vör 249:113 og bólverk (skráð sem bryggja, sjá þar).

Neðan við Pálshús sem stendur við Austurveg 21 eru ýmsar minjar um sjávarútveg. Auk bryggju og bólverks sem fjallað er um í kafla um bryggjur hér á eftir eru heimildir um að þar hafi verið uppsátur 249:114 og bátaskýli 249:115 en í bátaskýlinu var einnig geymsluhús og

18 Fasteignamat 1916-1918: Undirmat Seyðisfjörður, 97.
19 Fasteignamat 1916-1918: Undirmat Seyðisfjörður, 140
20 Þorleifur Hauksson 2011: 9.



Kort 4. Staðsetning bryggja og sjávarútvegsminja innan verndarsvæðisins.

hjallur. Það var seinna einnig nýtt til íbúðar og sem fjós. Einn uppistandandi hjallur 249:372 er á verndarsvæðinu og er hann á lóð hússins Óss við Austurveg 9. Í þessu húsi var líka geymsluhús. Húsið er ekki merkt inn á kaupstaðarkort frá 1915-1920 og er því líklega yngra en það. Þar sem þetta er eini hjallurinn á svæðinu þótti við hæfi að taka hann með á fornleifaskrá þótt hann sé ívið yngri en svo að hann teljist til fornleifa í laganna skilningi. Er hann að verða einn af fáum skúrum sem eftir eru á baklóðum húsa við Austurveg en áður fyrr var skúrabyggðin við Lónið mjög einkennandi fyrir byggðina við Austurveg.

Að lokum má nefna að sjóbúðir 249:436 eða fiskiskúrar voru á Öldunni en nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt og hugsanlegt að þeir hafi verið utan verndarsvæðisins en þeir eyðilögðust í krapaflóði 1882.[21]

21 Ólafur Jónsson. 1957: 290.

6.2.5 Bryggjur

Hér verður sérstök umfjöllun um bryggjur innan verndarsvæðis enda gegndu þær í raun mjög fjölbreyttu hlutverki og tengjast samgöngum, sjávarútvegi og verslun. Heimildir eru um sex bryggjur innan verndarsvæðisins en engin ummerki um þær sjást lengur, einkum vegna landfyllingar. Fjórar bryggjur voru á Fjarðaröldunni; þrjár þeirra við (eða undir) Öldugötu (249:119/121/122) en ein bryggja (249:222) var við Stefánsbúð við Lónið og Bjólfsgötu. Síðastnefnda bryggjan var frábrugðin hinum að því leyti að hún lá meðfram Stefánsbúð en gekk ekki út í Lónið frá bakkanum. Bryggja 249:117 og bólverk 249:118 voru á lóð Pálshúss við Austurveg 21. Bólverkið var hlaðinn viðlegukantur og er hlutverk þess því bryggja. Einnig var bólverk 249:112 við Vinaminni 249:183 og fer það í flokk með bryggjum. Bólverk voru víðar á verndarsvæðinu (sjá 249:246/480) en þar gegndu þau hlutverki varnargarða og er fjallað um þá í flokkum *Annað*. Bryggjurnar á Fjarðaröldunni hafa líklega aðallega þjónað verslunum á svæðinu en bryggjur á lóð Pálshúss og Vinaminnis við Austurveg voru notaðar við fiskveiðar. Var fiskibátum lagt við þær og aflanum skipað upp. Allar þessar bryggjur voru í einkaeigu og að líkindum að langmestu leyti úr timbri. Undirstöður slíkra bryggja voru oftast grjótfylltir timburkassar eða tréstólpar og var timburdekk lagt ofan á.[22]

6.2.6 Herminjar

Í Síðari heimsstyrjöldinni var fjölmennt herlið á Seyðisfirði og hófst hernámið vorið 1940 með komu breskra hermanna. Hernum fylgdu mikil mannvirki, einkum braggahverfi, sem risu víða



Braggahverfið Camp Cunningham á Fjarðaröldu. Höf. óþ.

22 Kristján Sveinsson. 2009: 100.

innan kaupstaðarins. Samkvæmt heimildum voru braggar og aðrar herminjar á nokkrum stöðum innan verndarsvæðisins en alls voru skráðar herminjar á sex stöðum. Engin ummerki sjást lengur um þær að fráskildum Rauðakrossskálanum 249:192, bragga á Fjarðaröldu, og grunni af öðrum bragga 249:527 samhliða honum. Báðir þessir braggar voru í hverfi sem nefndist Camp Cunningham og náði yfir stórt svæði á Öldunni. Rauðkrossskálinn er skráður undir sérstöku númeri því eftir að hernáminu lauk gegndi hann hlutverki samkomuhúss fram til 1957 þegar félagsheimilið Herðubreið var byggt.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund
NM-249:182			heimild
NM-249:192	Rauðakrossskálinn	Bílabragginn/Naffi	hús
NM-249:505			heimild
NM-249:516			heimild
NM-249:517			heimild
NM-249:527	Camp Cunningham		mannvirki

Tafla 2. Herminjar innan verndarsvæðis í byggð.

6.2.7 Samgönguminjar

Nokkuð er um samgönguminjar innan verndarsvæðisins. Þær eru bæði frá því fyrir og eftir að þéttbýlismyndun hefst að einhverju marki í kaupstaðnum. Samgönguminjar sem ætla má að séu einkum frá því fyrir tíma þéttbýlismyndunar eru vöð á Fjarðará og ferja. Skráð voru tvö



Næstelsta brúin yfir Fjarðará. Höf. óþ.

vöð; Leiruvíkurvað 249:056 og Fjöruvað 249:053. Ekki tókst að staðsetja fyrrnefnda vaðið með óyggjandi hætti. Áður en brú var byggð yfir Fjarðará var ferja 249:156 við Gamla Ós yfir Lónið. Ekki er vitað hvenær ferjuflutningar hófust á þessum stað en líklegt er að það hafi verið á síðari hluta 19. aldar og tengist fólksfjölgun og auknum umsvifum í firðinum. Ekki var eins mikil þörf fyrir ferjuna eftir 1880 þegar byggð var göngubrú 249:028 yfir Fjarðará við Lónið að frumkvæði Otto Wathnes sem stóð að brúarsmíðinni. Brúna tók af árið 1890 og var ný byggð í kjölfarið; timburbrú á steyptum stöplum. Brúin var svo enn endurnýjuð árið 1937 þegar steinsteypt brú var smíðuð á sama stað og stóð hún til 1992.[23] Ekki hafa fundist neinar myndir af fyrstu trébrúnni yfir ána en arftaki hennar sést á fjölmörgum myndum.

Aðrar samgönguminjar á svæðinu eru einkum götur og aðrar leiðir sem sýndar eru á kaupstaðarkortum frá 1915-1920. Engar þeirra sjást lengur vegna yngri vegagerðar eða annars rasks. Elstu göturnar í kaupstaðnum voru lítillega upphlaðnar og víða voru grafin mjó ræsi meðfram þeim. Meðfram Bjólfsgötu var bólverk 249:480 (sjá *Annað*) vestan við Stefánsbúð. Það þótti dýrt og var þessi hluti götunnar kallaður Gulltorgið. Á Gulltorginu, fram undan Lóni/Jóhönnubæ, var brú 249:481 yfir rás sem lá út í Lónið.

Svo virðist sem að grunnur þess gatnakerfis sem enn er við lýði á Seyðisfirði hafi verið lagður mjög snemma. Staðsetning og lega gatnanna innan verndarsvæðisins hefur haldist lítt breytt frá upphafi 20. aldar. Það er helst að styttri leiðir á milli lóða hafi lagst af eins og leiðir 249:417 og 473 sem lágu frá Vesturvegi niður að Fjarðará. Eins hefur legu Garðarsvegar 249:200 og Suðurgötu 249:331 verið lítillega breytt.

6.2.8 Annað

Í flokkinn *Annað* falla 23 minjar en þær hafa hlutverk sem ekki passa vel í aðra flokka, þar sem hlutverk þeirra er ekki þekkt eða þau eru einstök. Á meðal þessara minja eru geymsluhús af ýmsu tagi og bólverk sem gegndu hlutverki varnargarða. Aðeins eitt geymsluhús (skemma) stendur enn innan verndarsvæðisins. Það er lítið hús 249:170 á lóð Helgahúss við Austurveg 11. Aldur þess er ekki þekktur en virðist hafa verið byggt á árabilinu 1920-1925. Það er ekki sýnt á kaupstaðarkortum frá 1915-1920 en er á korti Jóns Víðis frá 1925.

Bólverk 249:480 var meðfram norðanverðu Lóninu og var þar kallað Gulltorgið, eins og fram hefur komið. Þessar minjar sjást ekki og eru að líkindum undir landfyllingu við Lónið. Einnig var bólverk 249:246 meðfram Fjarðará við Garvaríið sunnan við brúna en engin ummerki sjást lengur um það.

Dæmi um einstakar minjar sem falla í þennan flokk er minnismerki 249:009 sem reist var 1902 til minningar um Otto Wathne (f. 1843 d. 1898) og stendur suðvestast á Austurvegi, við brúna yfir Fjarðará. Einnig mætti nefna Seyðisfjarðarkirkju 249:050 sem upprunalega var byggð árið 1885 á Vestdalseyri en var flutt inn á Seyðisfjörð árið 1922 og þá endurbyggð, kamar 249:475 við Öldugötu og Brúarkamar 249:479, líkhús 249:346 við Sjúkrahúsið og fangelsi í

23 Kristján Róbertsson. 1995: 82-83.

Fangahúsi 249:175 við Oddagötu 4.[24]

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
NM-249:175	Fangahús	heimild	fangelsi
NM-249:219		heimild	geymsla og þvottahús
NM-249:170		hús	geymsla
NM-249:172		heimild	geymsla
NM-249:180		heimild	geymsla
NM-249:336		heimild	geymsla
NM-249:348		heimild	geymsla
NM-249:353		heimild	geymsla
NM-249:475		heimild	kamar
NM-249:479		heimild	kamar
NM-249:050	Seyðisfjarðarkirkja	hús	kirkja
NM-249:346	Líkhúsið	heimild	líkhús
NM-249:009		mannvirki	minnisvarði
NM-249:420		heimild	óþekkt
NM-249:422		heimild	óþekkt
NM-249:477		heimild	óþekkt
NM-249:478		heimild	óþekkt
NM-249:476		heimild	rafveita
NM-249:394		heimild	útivistarsvæði fanga
NM-249:246		heimild	varnargarður
NM-249:480	Gulltorgið	heimild	varnargarður
NM-249:376		heimild	vatnsveita
NM-249:474		heimild	vatnsveita

Tafla 3. Ýmsar sérstæðar minjar og minjar sem ekki hafa þekkt hlutverk í flokknum Annað.

6.3 Samantekt og niðurstöður

Þéttbýli á Seyðisfirði byrjaði að myndast nokkuð snemma og lítið er vitað um það hvernig var umhorfs eða hvernig landnotkun var háttað innan verndarsvæðisins fyrir miðja 19. öld. Hvorki hafa varðveist minjar, örnefni né aðrar heimildir sem geta gefið áreiðanlega mynd af svæðinu fyrir upphaf þéttbýlismyndunar. Það má þó reyna að gera sér í hugarlund hvernig þar hefur verið umhorfs út frá landslagi og þeim vísbendingum sem eru til staðar.

Það landsvæði sem er innan verndarsvæðis í byggð er nokkuð flatlent en þó er aflíðandi halli niður að Fjarðará frá Vesturvegi. Ekki er vitað hvernig gróðurfar hefur verið á svæðinu í gegnum tíðina en finna má upplýsingar um það á Kaupstaðarkortum frá 1915-1920. Samkvæmt þeim var urðarland á Fjarðaröldunni, niður við sjó og meðfram Lóninu en harðvelli upp með

24 Færa má rök fyrir því að fangelsi eigi frekar heima í flokknum Verslun og þjónusta með skólum og sjúkrahúsum

Fjarðaránni að norðvestanverðu og við árósinn.[25] Tún var norðvestan við torfbæinn Lón/ Jóhönnubæ og hefur það að líkindum verið hluti af gamla heimatúni Fjarðar. Einnig voru tún á lóð Sólvangs við Norðurgötu, í kringum Sjúkrahúsið og Bjarka og á lóðum húsa neðan við Austurveg, frá Waageshúsi við Austurveg 15 til og með Vinaminni við Austurveg 29. Fyrir tíma þéttbýlismyndunar innan verndarsvæðisins má því ætla að gróðurrýrt hafi verið á Fjarðaröldu og Tanganum en víða annarsstaðar hefur verið valllendi eða mói. Það hefur verið að mestu þurrt á svæðinu næst árbökkum og sjó en deiglent ofan (sunnan) við Austurveg þar sem sýndir eru miklir framræsluskurðir á kortunum.

Ekki eru til kort sem sýna mörk heimatúnsins í Firði fyrir þéttbýlismyndunina á Seyðisfirði. Allar líkur eru hins vegar á því að túnið hafi náð langleiðina að Lóninu og að hluti þess hafi því verið innan vestasta hluta verndarsvæðisins. Meginþorri húsa og mannvirkja hverrar bújarðar var í heimatúninu, þar sem skepnur voru haldnar og flest verk unnin. Það er því ekki ólíklegt að á þeim hluta túnsins í Firði sem ætla má að hafi náð inn á verndarsvæðið hafi verið hluti af túngarði og ef til vill fjárkofar eða hesthús. Utan túnsins í Firði hefur gróðurlendi verið nýtt til beitar og á deiglendari svæðum hefur líklega verið heyjað. Þar hefur mögulega einnig verið torfrista og/eða móskurður. Utan heimatúnsins hafa því getað verið beitarhús, hey- og móstæði, svo dæmi séu tekin. Niður við sjó og á bökkum Lónsins hefur verið malarfjara (af elstu myndum að dæma) og ekki er ólíklegt að bændur í Firði hafi stundað sjósókn frá Öldunni. Þar geta þá hafa verið mannvirki á borð við naust, fiskreiti og fiskhús.

Litlar sem engar minjar eru þekktar innan verndarsvæðisins frá því áður en þéttbýlismyndun hefst á Seyðisfirði upp úr miðri 19. öld. Helst mætti benda á vöð á Fjarðará sem kunna að hafa verið lengi í notkun og má telja víst að ýmsar leiðir hafi legið um svæðið áður en þéttbýli tók að myndast þar. Minjarnar sem eru innan verndarsvæðisins eru því nánast allar frá upphafi þéttbýlismyndunar á Seyðisfirði og fram til 1920. Nokkrar yngri minjar voru skráðar innan svæðisins, bæði hús og herminjar. Minjarnar eru í því raun aðeins frá um 70 ára löngu tímabili, frá miðri 19. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar.

Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að greina frá þróun byggðarinnar innan verndarsvæðisins á þessu tímabili. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í því að skipta sögu Seyðisfjarðarkaupstaðar upp í tímabil í ritum sem fjallað hafa hana í gegnum tíðina. Í samantektinni sem hér fer á eftir er í meginatriðum notuð sama skipting milli tímabila og sýnd er á aldursgreiningarkortum fyrir hús í Húsasögunni.[26] Elsta tímabilið er frá 1850 til 1880. Miðtímabilið er frá 1881-1900 og yngsta tímabilið frá 1901-1920.

6.3.1 Upphafsárin 1850-1880

Þéttbýlismyndun í botni fjarðarins fór hægt af stað í kjölfar þess að Seyðisfjörður var gerður að fullgildum verslunarstað árið 1842 og var fyrst um sinn einkum í kringum elstu verslunarhúsin utarlega á Fjarðaröldunni, utan verndarsvæðisins. Neðribúð 249:399 er elsta verslunar- og

25 Lítill litamunur er á urðarlandi og harðvelli og ekki er útlokað að harðvelli hafi einnig verið upp með Fjarðaránni frekar en urðarland.
26 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: kort aftast í bók.



Kort 5. Hús sem voru byggð á tímabilinu 1850-1880 og eru á Kaupstaðarkortum 1915-1920.

íbúðarhúsið sem vitað er að hafi risið innan verndarsvæðisins en það var um miðja 19. öld. Heimildum ber ekki saman um hvort það var 1845[27] eða 1856[28] en eldra ártalið er vafasamt þar sem verslun á Fjarðaröldu hófst ekki fyrr en 1848.[29] Vöruskemma (Mörbúðin) 249:031 var reist við búðina og þar hjá hefur einnig snemma verið komin bryggja (mögulega Tostrupsbryggja 249:122 eða eldri bryggja á sama stað). Upp úr miðri 19. öld var hjáleigan Oddi 251:002 flutt á Tangann við Lónið á Fjarðaröldunni af eldra bæjarstæði inn með Fjarðará og er það eina eiginlega grasbýlið innan verndarsvæðisins. Önnur hús frá elsta skeiði þéttbýlismyndunar voru á Tanganum við Lónið og meðfram ströndinni, við Öldugötu. Á þessu skeiði eru heimildir um sjö hús sem notuð voru sem bústaðir og/eða fyrir verslun og þjónustu. Flest voru þau timburhús en elstu húsin í Odda og Neðri-Tanga voru úr torfi og grjóti. Auk Odda, Neðribúðar og Mörbúðar

27 Fasteignamat 1916-1918: Undirmat Seyðisfjörður, 68.
28 Þorsteinn Erlingsson. 1903: 88.
29 Þóra Guðmundsdóttir. 1995: 10.

voru þurrabúðirnar Efri-Tangi 249:297 og Neðri-Tangi 249:296 komnar snemma til sögunnar auk Gamla pósthúss 249:302 og Auroru (Gamla vertshúsið) 249:304.

Undir lok þessa tímabils voru gerðar mikilvægar samgöngubætur þegar fyrsta brúin 249:028 var byggð yfir Fjarðará að frumkvæði Otto Wathnes árið 1880. Brúin tengdi saman tvo aðskilda byggðakjarna; annars vegar Fjarðaröldu og hins vegar Búðareyri.



Kort 6. Hús byggð á tímabilunum 1850-1880 og 1881-1900 og eru á Kaupstaðarkortum 1915-1920.

6.3.2 Byggð í mótun 1881-1900

Á næstu tveimur áratugum fram að aldamótunum 1900 verður uppbyggingin hröð á Seyðisfirði og fjöldi nýrra húsa rís,[30] einkum á Fjarðaröldu og Austurvegi. Aðallega voru það tilsniðin

30 Á Kaupstaðarkortum frá 1915-1920 má telja 37 hús sem tilheyra þessu tímabili. Þá eru öll hús talin, óháð

timburhús en einnig var nokkuð um að torfhús væru byggð á þessu tímabili. Torfhúsin voru við Bjólfsgötu, Austurveg og Vesturveg. Stefna torfhúsanna og elstu húsa frá þessu tímabili fylgir landslaginu frekar en stefnu gatnanna. Það bendir til þess að gatnakerfið hafi ekki verið fullmótað fyrr en seinna á þessu tímabili eða að það hafi ekki verið farið að tíðkast að láta stefnu gatnanna stjórna stefnu húsanna sem við þær risu.

Snjóflóðið sem féll utar á Öldunni árið 1885 hafði mikil áhrif á þróun byggðarinnar og stuðlaði án efa að hraðari og meiri uppbyggingu á Öldunni við Lónið en ella hefði orðið. Á þessu skeiði verður þar til sannkölluð miðstöð stjórnsýslu, þjónustu og verslunar.

6.3.3 Útþensla og tækninýjungar 1901-1920



Kort 7. Hús byggð á tímabilunum 1850-1880, 1881-1900 og 1901-1920 og eru á Kaupstaðarkortum 1915-1920.

hlutverki.

Á síðasta tímabilinu sem hér er til umfjöllunar heldur byggð innan verndarsvæðis áfram að þéttast, einkum á Norðurgötu, Vesturvegi og Austurvegi.[31] Á þessu tímabili verða talsverðar breytingar á Bjólfsgötu við Lónið; Stefánsbúð 249:221 kemur til sögunnar og hlaðinn er varnargarður 249:480 meðfram Lóninu frá Stefánsbúð og inn að króknum þar sem Norðurgata mætir Bjólfsgötu. Íbúðarhúsum úr torfi og grjóti fækkar á þessu skeiði og hverfa þau smám saman af sjónarsviðinu. Í mörgum tilvikum risu ný timburhús á lóðum þeirra en ekki hefur verið byggt upp aftur á lóðum Neðri-Tanga 249:296 og Snæhvamms 249:216. Seyðisfjarðarkirkja stendur nærri þeim stað sem torfbærinn Lón/Jóhönnubær 249:010 var áður.

Á þessu tímabili fær Seyðisfjörður kaupstaðarréttindi og ráðist var í umfangsmiklar framkvæmdir við vatnsveitu (1903) og rafvæðingu (1913). Mannvirki sem tengjast þessum framkvæmdum hafa nú náð þeim aldri að þau teljast til fornminja. Í byggðasögu Seyðisfjarðar kemur fram að brunnar fyrir neysluvatn hafi verið grafnir á Fjarðaröldunni þegar þéttbýli hófst[32] en ekki hafa varðveist heimildir um staðsetningu þeirra. Upp úr aldamótunum 1900 var hins vegar farið að huga að gerð vatnsveitu fyrir kaupstaðinn og vann Knud Zimsen verkfræðingur áætlun um verkið. Vatnsveita 249:474 fyrir Fjarðaröldu og út á Búðareyri var fullgerð síðla árs 1903. Hún var stækkuð árið 1907 og miklar endurbætur unnar á henni 1935-1936.[33] Rafveita 249:476 á Seyðisfirði var tekin í notkun árið 1913 en hún var knúin af virkjun í Fjarðará í landi Fjarðarsels sem var fyrsta riðstraumsvirkjunin á Íslandi.[34] Við lok þessa tímabils var Seyðisfjörður orðinn einn af fjölmennustu og tæknivæddustu kaupstöðum landsins.

6.3.4 Samantekt

Eins og fram hefur komið er lítið vitað um hvernig umhorfs var innan verndarsvæðisins áður en þéttbýlismyndun hefst upp úr miðri 19. öld. Líkum hefur verið leitt að því að svæðið hafi að mestum hluta verið nýtt til beitar frá Firði en þar var sennilega einnig heyjað og mögulega rist torf og stunginn upp mór. Eins er líklegt að útræði hafi verið stundað af Öldunni í einhverjum mæli.

Þéttbýlismyndun innan verndarsvæðisins hefst niður við sjó á Tanganum og á Öldunni þar sem hafnaraðstæður hafa verið góðar. Þar myndast röð húsa meðfram sjávarbakkanum þar sem síðar varð til Öldugata. Byggðin var orðin talsvert þétt á Fjarðaröldunni fyrir aldamótin 1900, þar sem miðstöð þjónustu og verslunar reis í elsta kjarna byggðarinnar. Utan hennar var byggðin fremur dreifð á þessu tímabili innan verndarsvæðisins, en síst við Austurveg. Eftir aldamótin og fram til 1920 heldur byggðin áfram að þéttast og Fjarðaraldan missir sérstöðu sína sem miðstöð þjónustu og verslunar þó að þar haldi áfram að vera ákveðinn kjarni. Sjúkrahús, barnaskóli og apótek byggjast upp við Suðurgötu um og upp úr aldamótunum 1900, verslunum fjölgar og þær dreifast meira um svæðið. Samsetning byggðarinnar við Vesturveg var hvað

31 Á Kaupstaðarkortum frá 1915-1920 má telja 33 hús sem tilheyra þessu tímabili. Þá eru öll hús talin, óháð hlutverki.
32 Kristján Róbertsson. 1995:189.
33 Kristján Róbertsson. 1995:189-190.
34 Kristján Róbertsson. 1995:195.

einsleitust en þar voru nánast eingöngu íbúðarhús og flest þeirra fábrotin. Suðurgata sker sig einnig úr að því leyti að þar voru fá hús og flest í tengslum við verslun og þjónustu.

Innan verndarsvæðisins var víða stundaður búskapur til heimilisnota, einkum var kálgarðarækt algeng og á örfáum stöðum eru heimildir um sjósókn og fiskvinnslu þurrabúðarfólks, mest við Austurveg. Sjálfsþurftarbúskapur í þéttbýlinu hélt áfram eftir að því tímabili sem hér er til umfjöllunar lýkur. Í bakgörðum húsa meðfram Lóninu við Austurveg reis fjöldi skúra sem voru einkennandi fyrir byggðina þar fram eftir öldinni.

Talsverðar breytingar hafa orðið innan verndarsvæðisins í gegnum tíðina en svipmót byggðarinnar hefur haldist lítið breytt frá upphafi 20. aldar og mikill fjöldi gamalla húsa stendur enn á svæðinu. Umfangsmestu breytingarnar á svæðinu felast í landmótun en mikil landfylling er meðfram bökkum Lónsins og utan við Öldugötu þannig að búið er að tengja saman svæðin í kringum Lónið og hægt að komast hringinn í kringum það.

Minjarnar innan verndarsvæðisins eru að mestu leyti frá upphafi þéttbýlismyndunar á Seyðisfirði og fyrstu áratugum sögu kaupstaðarins. Þó að mikill fjöldi minja sé horfinn af sjónasviðinu eru enn fjölmörg hús sem standa og viðhalda tengslum við upphafsár kaupstaðarins og fjölskrúðuga sögu hans.

7. Heimildaskrá

Aðalskipulag Seyðisfjarðar 1977-1997. [Án árs]. Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfirði.

Af norskum rótum – gömul timburhús á Íslandi. 2003. Hjörleifur Stefánsson, Kjell H. Halversen og Magnús Skúlason (ritnefnd). Mál og menning, Reykjavík.

ÁFÍ 2005: Hjörleifur Guttormsson. 2005. *Ferðafélag Íslands. Árbók 2005: Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson. 2009. *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029.* Skálanessetur, Seyðisfirði.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

BS: Kristján Róbertsson. 1995. *Byggðasaga Seyðisfjarðar. Fyrra bindi.* Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfirði.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi.* I–II. bindi. 1858-1878. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV. bindi. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Eimreiðin 1903: Þorsteinn Erlingsson. „Seyðisfjörður.“ *Eimreiðin* 2 (1903), 85-110.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019. *Fornleifar á Vestdalseyri: Deiliskráning í þorpinu og nánasta nágrenni.* FS692-17191. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Fremsta víglína: Friðþór Eydal. 1999. *Fremsta víglína: Átök og hernaðarumsvif á Austurlandi í heimsstyrjöldinni síðari.* Bláskeggur, Reykjavík.

Gráskinna hin meiri I. 1962. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. 1998. *Frumrannsókn á minjum á Seyðisfirði vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1998/4.* Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Hænir. 10. nóvember 1923. 1. tölublað, 1. árgangur.

ÍF I: Íslensk fornrit *I. Íslendingabók. Landnámabók*. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

ÍF XI: Íslensk fornrit I. Austfirðinga sögur. 1950. Jón Jóhannesson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

Hernámsþættir: Hjálmar Vilhjálmsson. 1977. *Seyðfirskir hernámsþættir.* Örn og Örlygur, [án útgáfustaðar].

Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar: Þóra Guðmundsdóttir. 1995. *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Safnastofnun Austurlands/ Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjörður.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: útdrættir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* [Án útgefanda], Kaupmannahöfn.

Kirkjur Íslands 25: *Friðaðar kirkjur í Múlaprófastsdæmi II: Bakkagerðiskirkja, Eiðakirkja, Hjaltastaðakirkja, Klyppstaðakirkja, Seyðisfjarðarkirkja, Þingmúlakirkja.* 2015. Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason (ritstjórar). Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupsstofa, Reykjavík.

KK IV: Kålund, Kristian. 1986*. Íslenzkir sögustaðir*. Austfirðingafjórðungur IV. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Kristján Róbertsson, sjá **BS**.

Matthías Þórðarson frá Móum. „Seyðisfjörður og Otto Wathne.“ *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi I*. Ármann Halldórsson. Bls. 34-40. Víkurútgáfan, [án útgáfustaðar].

Múlaþing II: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. II. bindi. 1975. Ármann Halldórsson (ritstj.). Búnaðarsamband Austurlands, Egilsstaðir.

Ólafur Jónsson, sjá **Skriðuföll og snjóflóð.**

Sveinn Níelsson. 1949. *Prestatal og prófasta á Íslandi I. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.*

Skriðuföll og snjóflóð. Ólafur Jónsson. 1957. *Skriðuföll og snjóflóð*. I.-II. bindi. Norðri, Akureyri.

Sigurður Einarsson. 1946. *Austur og vestur á fjörðum*. Erindasafnið 7. Pálmi H. Jónsson, Akureyri.

Þorleifur Hauksson. 2011. Úr þagnarhyl: Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur. Mál og menning, Reykjavík.

Þóra Guðmundsdóttir, sjá **Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar**.

Óprentaðar heimildir

Fasteignamat 1916-1918:undirmat Seyðisfjörður: *Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Seyðisfjarðarkaupstað.* 1916-1918. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Kaupstaðarkort IX 1915-1920. *Seyðisfjørdur*. *Frá Hádegisá að Spítalavegi*. Uppdráttur eftir Benedikt Blöndal. Gögn varðveitt hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

Kaupstaðarkort V 1915-1920. *Seyðisfjørdur. Frá Spítalatanga að Búðará*. Uppdráttur eftir Benedikt Blöndal. Gögn varðveitt hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

Kaupstaðarkort VIII 1915-1920. *Seyðisfjørdur*. Uppdráttur eftir Benedikt Blöndal. Gögn varðveitt hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

Kort Jóns Víðis 1925: Kort af Seyðisfirði eftir Jón Víðis sem mælt var árið 1925. Gögn varðveitt hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

Kort Siemens-Schuckert Werke 5.12.1911: Kort af Seyðisfirði í tengslum við rafvæðingu kaupstaðarins. Gögn varðveitt hjá RARIK.

Lög nr. 87 um verndarsvæði í byggð: http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html

Sigurður Magnússon. Óskráð handrit í vörslu Bókasafns Seyðisfjarðar.

www.manntal.is. Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands. Upplýsingar sóttar veturinn 2018.

Ö-Seyðisfjörður EV: Örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Einar Vilhjálmsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Seyðisfjörður ÓÞ: Örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Óþekktur skrásetjari. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ljósmyndir sem vísað er til í fornleifaskrá[1]

Eyjólfur Jónsson 1893-95. Eigandi: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

1 Upplýsingar um aðrar ljósmyndir eru í myndatexta í fornminjaskrá og skýrslutexta.

8. Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
NM-249:009	732965	538217
NM-249:010	732836	538328
NM-249:028	732917	538203
NM-249:031	732898	538475
NM-249:045	732936	538418
NM-249:050	732827	538317
NM-249:054	732860	538395
NM-249:056	732878	538064
NM-249:078	733177	538343
NM-249:111	732890	538384
NM-249:112	733246	538377
NM-249:113	733254	538380
NM-249:114	733166	538367
NM-249:115	733171	538359
NM-249:116	733039	538082
NM-249:117	733165	538365
NM-249:118	733162	538367
NM-249:119	732915	538474
NM-249:120	732861	538289
NM-249:121	732931	538466
NM-249:122	732900	538484
NM-249:146	733107	538015
NM-249:148	732837	538382
NM-249:153	732874	538428
NM-249:154	733014	538123
NM-249:155	732875	538142
NM-249:156	733038	538280
NM-249:157	733227	538329
NM-249:159	733046	538274
NM-249:160	732975	538174
NM-249:161	733193	538346
NM-249:162	733114	538296
NM-249:163	733002	538202
NM-249:165	733006	538238
NM-249:166	733025	538250
NM-249:167	733058	538269
NM-249:168	733071	538277
NM-249:170	733063	538288
NM-249:171	733141	538272
NM-249:172	733129	538256

Samtala	Austur	Norður
NM-249:173	733087	538280
NM-249:174	733082	538300
NM-249:175	732856	538408
NM-249:176	733084	538288
NM-249:177	733121	538323
NM-249:178	733117	538335
NM-249:179	732832	538422
NM-249:180	733075	538306
NM-249:181	733223	538359
NM-249:182	733221	538351
NM-249:183	733255	538368
NM-249:192	732879	538441
NM-249:193	732852	538445
NM-249:200	733025	538080
NM-249:205	732892	538479
NM-249:206	732934	538409
NM-249:208	732922	538407
NM-249:209	732918	538382
NM-249:211	732902	538408
NM-249:213	732908	538389
NM-249:214	732883	538391
NM-249:215	732892	538427
NM-249:216	732859	538066
NM-249:217	732839	538035
NM-249:218	732876	538386
NM-249:219	732872	538396
NM-249:220	732898	538367
NM-249:221	732900	538371
NM-249:222	732908	538366
NM-249:223	732858	538343
NM-249:228	732854	538379
NM-249:237	732860	538057
NM-249:246	732908	538115
NM-249:272	732885	538173
NM-249:273	732866	538172
NM-249:275	732874	538190
NM-249:276	732865	538175
NM-249:277	732900	538211
NM-249:278	732874	538228
NM-249:279	732855	538241


Samtala	Austur	Norður
NM-249:280	732866	538250
NM-249:281	732850	538265
NM-249:282	732856	538275
NM-249:283	732870	538281
NM-249:284	732831	538003
NM-249:286	732889	538412
NM-249:287	732900	538128
NM-249:288	732858	538194
NM-249:289	732870	538104
NM-249:290	732858	538088
NM-249:291	732809	538173
NM-249:292	732841	538017
NM-249:294	732830	538007
NM-249:295	732844	538368
NM-249:296	732995	538388
NM-249:297	732995	538403
NM-249:298	732977	538405
NM-249:299	732965	538421
NM-249:300	733103	537988
NM-249:301	732915	538418
NM-249:302	732928	538451
NM-249:303	732899	538432
NM-249:304	732921	538462
NM-249:331	733051	538085
NM-249:332	733082	537989
NM-249:333	733088	538066
NM-249:334	732877	538378
NM-249:335	732912	538415
NM-249:336	732986	538156
NM-249:337	732976	538153
NM-249:339	733235	538316
NM-249:346	733127	537982
NM-249:347	733016	538236
NM-249:348	733001	538187
NM-249:349	733038	538256
NM-249:350	733244	538363
NM-249:351	733107	538263
NM-249:352	733105	538258
NM-249:353	733148	538317
NM-249:354	732835	537985
NM-249:355	733217	538369


Samtala	Austur	Norður
NM-249:356	733191	538363
NM-249:357	733177	538348
NM-249:358	733200	538338
NM-249:359	733103	538305
NM-249:360	733083	538296
NM-249:361	733229	538310
NM-249:362	733241	538309
NM-249:366	733007	538223
NM-249:367	733114	538055
NM-249:368	733105	538123
NM-249:371	733091	538148
NM-249:372	733052	538279
NM-249:375	732907	538447
NM-249:393	732816	538400
NM-249:394	732845	538414
NM-249:395	732853	538341
NM-249:396	732848	538352
NM-249:397	732878	538403
NM-249:398	732892	538406
NM-249:399	732863	538461
NM-249:400	732854	538451
NM-249:402	732846	538438
NM-249:405	732835	538252
NM-249:406	732858	538227
NM-249:407	732876	538162
NM-249:409	732863	538135
NM-249:410	732867	538156
NM-249:411	732883	538125
NM-249:412	732866	538109
NM-249:413	732855	538085
NM-249:414	732826	538167
NM-249:415	732803	538184
NM-249:416	732851	538055
NM-249:417	732864	538072
NM-249:420	732879	538242
NM-249:421	732831	538311
NM-249:422	732885	538233
NM-249:428	732849	538141
NM-249:430	733004	538209
NM-249:465	732825	538292
NM-249:472	732880	538231

Samtala	Austur	Norður
NM-249:473	732868	538094
NM-249:474	732841	538442
NM-249:475	732904	538463
NM-249:476	732908	538197
NM-249:477	733011	538253
NM-249:478	733028	538261
NM-249:480	732869	538338
NM-249:481	732847	538321
NM-249:483	732824	537977
NM-249:516	732934	538462
NM-249:517	732859	538139
NM-249:523	733008	538384
NM-249:525	732995	538397
NM-249:526	732924	538438
NM-249:527	732874	538458
NM-249:529	732881	538074
NM-249:530	732829	537990
NM-251:002	732947	538434
NM-251:003	732953	538429

9. Minjakort


Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.


Yfirlitskort
N
Oddagata
Oldugata
Bjólfsgata
Austurvegur
Vorðurgata
Suðurgata
Vesturvegur
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
0
75
150
225
300 m


Fjarðaralda
N
249122
249205
249031
249119
249121
249475
249304
249516
249399
249527
249400
249302
249375
249474
249193
249192
249526
249402
251002
249303
251003
249153
249215
249179
249299
249301
249045
249394
249335
249286
249175
249211
249208
249206
249298
249297
249393
249397
249398
249525
249054
249219
249214
249213
249296
249523
249218
249111
249148
249209
249228
249334
249221
249295
249220
249222
249396
249223
249395
249480
249010
249481
249050
249421
249465
Oddagata
Öldugata
Bjólfsgata
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
0
25
50
75
100 m

Fjarðaralda

Kaupstaðarkort 1915-1920
lagt ofan á loftmynd



Skýringar


Fornleifar_punktar


- Annað
- Bryggja
- Herminjar
- Landbúnaðarminjar
- Samgönguminjar
- Sjávarútvegsminjar
- Verslun og þjónusta
- Bústaður
- Bústaður/Verslun og þjónusta
- Trjágarður


Fornminjar_flákar


Fornleifar_línur


Afmörkun verndarsvæðis



Norðurgata
Vesturvegur
N
249465
249120
249283
249282
249281
249405
249280
249279
249420
249422
249472
249406
249278
Norðurgata
249277
249028
249476
249288
249275
249415
249291
249276
249272
249273
249414
249407
249410
249428
249517
249155
249409
249411
249287
249246
249412
249289
Vesturvegur
249473
249290
249413
249417
249529
249216
249056
249237
249416
249217
249292
249294
249284
249530
249354
249483
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
0
25
50
75
100 m


Norðurgata
Vesturvegur
Kaupstaðarkort 1915-1920
lagt ofan á loftmynd
N
249465
249120
249283
249282
249281
249405
249280
249279
249420
249422
249472
249406
249278
Norðurgata
249277
249028
249476
249288
249275
249415
249291
249276
249272
249273
249414
249407
249410
249428
249517
249155
249409
249411
249287
249246
249412
249289
Vesturvegur
249473
249290
249413
249417
249529
249216
249056
249237
249416
249217
249292
249294
249284
249530
249354
249483
1:1000
0
20
40
60
80
100
0
25
50
75
100 m
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis


Suðurgata
N
249165
249347
249366
249009
249430
249163
249479
249348
249160
249337
249336
Suðurgata
249371
249154
249368
249331
249116
249200
249333
249367
249146
249332
249300
249346
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
0
25
50
75
100 m


N
Suðurgata
Kaupstaðarkort 1915-1920
lagt ofan á loftmynd
249165
249347
249366
249009
249430
249163
249479
249348
249160
249337
249336
Suðurgata
249371
249154
249368
249331
249116
249200
249333
249367
249146
249332
249300
249346
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
0
25
50
75
100 m


Austurvegur
Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
N
Austurvegur
249112
249113
249355
249183
249118
249114
249356
249181
249350
249117
249115
249182
249357
249161
249078
249358
249178
249157
249177
249353
249339
249361
249362
249180
249359
249174
249162
249360
249170
249176
249156
249372
249168
249173
249159
249171
249167
249478
249351
249349
249352
249172
249477
249166
249165
249347
249366
249009
249430
249163
249479
249348
0
25
50
75
100 m


Skýringar
Fornleifar_punktar
Annað
Bryggja
Herminjar
Landbúnaðarminjar
Samgönguminjar
Sjávarútvegsminjar
Verslun og þjónusta
Bústaður
Bústaður/Verslun og þjónusta
Trjágarður
Fornminjar_flákar
Fornleifar_línur
Afmörkun verndarsvæðis
Austurvegur
Kaupstaðarkort 1915-1920
lagt ofan á loftmynd
N
Austurvegur
249112
249113
249118
249114
249355
249183
249356
249117
249115
249181
249350
249182
249357
249161
249078
249358
249178
249157
249177
249353
249339
249361
249362
249180
249359
249174
249162
249360
249170
249176
249156
249372
249168
249173
249159
249171
249167
249351
249478
249349
249352
249172
249477
249166
249165
249347
249366
249009
249430
249163
249479
249348
0
25
50
75
100 m